SKOÐUN Sif Sigmarsdóttir skrifar um drambláta bavíana og valdamenn. **15**

MENNING Bíó Paradís stendur fyrir söfnun á Karolina Fund. **24**

LÍFIÐ Prír tískubloggarar spá um heitustu trendin á Secret Solstice-hátíðinni. **28**

SPORT Fimmtán ára stúlka sló í gegn á Smáþjóðaleikunum í gær. **34**

BS í viðskiptalögfræði með vinnu

Umsóknarfrestur til 15.júní

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
5. júní 2015
130. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

LÍFIÐ

Glamúrpía með bein í nefinu

Álfrún Pálsdóttir er með blaðamannabakteríuna en hún er yngsti ritstjóri Glamour í heiminum og deilir hér teyminu sem stendur með henni, krefjandi umsóknarferli fyrir ritstjórastarfinu og álaginu sem fylgir því að tvinna saman móðurhlutverk og framabrautina.

FRÉTTIR

Kærir vegna nauðgunar

Malín Brand segir að meint fjárkúgun hafi í raun verið sáttatillaga í kynferðisbrotamáli. **2**

Helmingur vill harðari refsingar Niðurstaða könnunar bendir til viðvarandi reiði í garð bankamanna. **6**

Bjartsýn á lausn Pýskalandskanslari telur að ná megi samningum við Breta um breytingar á ESB. **8**

LÍFIÐ

Stjörnuspáin vinsæla

Sigga Kling spáir fyrir lesendum Fréttablaðsins í dag og munu spár hennar framvegis birtast í fyrsta föstudagsblaði hvers mánaðar. **30**

16

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Stóð upp úr hjólastólnum

Pétur Kristján Guðmundsson tók ekki í mál að hann yrði bundinn við hjólastól um aldur og ævi. Hann er sá eini í sögu Grensásdeildar með alvarlegan mænuskaða sem hefur staðið upp úr hjólastólnum. Hann segir það hafa verið mikið áfall þegar hann áttaði sig á því að líf hans eins og það var væri búið og yrði aldrei aftur eins.

Síða 12

FERÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

Háskóla Íslands gert viðvart um að lokaritgerð sé byggð á fölsunum:

Háskólaritgerð sögð uppspuni

MENNTAMÁL Friðrik Pálsson hótelstjóri hefur gert Háskóla Íslands viðvart um að ummæli sem höfð eru eftir honum í lokaritgerð sem nemi við skólann skilaði inn séu uppspuni frá rótum.

Friðrik komst á snoðir um ritgerðina eftir ábendingu og sá þar ýmis ummæli eignuð sér sem hann kannaðist ekki við. Hann kannast raunar ekki við að hafa nokkurn tímann rætt við höfund ritgerðarinnar. Friðrik staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann staðfesti jafnframt að ýmsar tölulegar upplýsingar um rekstur sinn sem birtar eru í ritgerðinni séu algjör uppspuni.

„Ég gerði Háskóla Íslands viðvart um þetta þegar ég varð þessa vís," segir Friðrik.

Nemandinn fékk 8 í einkunn fyrir lokaritgerðina og útskrifaðist nýlega sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

Tveir mánuðir eru síðan Friðrik Pálsson gerði skólanum viðvart um málið.

Runólfur Smári Steinþórsson, deildarforseti viðskiptafræðideildar HÍ, vildi ekki svara neinum spurningum um málið og vísaði eingöngu í almennar verklagsreglur.

„Ef upp kemst að ritgerð standist ekki getur það haft alvarlegar afleiðingar," sagði hann í samtali við blaðið í gærkvöldi.

„Ég gerði Háskóla Íslands viðvart um þetta þegar ég varð þessa vís."

Friðrik Pálsson, hótelstjóri

Fréttablaðið náði einnig tali af höfundi ritgerðarinnar. Hann vildi hvorki tjá sig né svara spurningum.

- aó / Sjá síðu 4

SPÍRAN
BORÐUM VEL
NÁNAR Á WWW.SPIRAN.IS

VEÐUR



Skýjað með köflum og stöku síðdegisskúrir sunnan- og suðvestanlands, en léttir hægt og rólega til fyrir vestan þegar líður á daginn. Hlýnar í veðri norðaustan til.

SJÁ SÍÐU 22

Hvorki Rússar né Úkraínumenn viðurkenna brot á vopnahléssamkomulagi:

Reiknar með allsherjarinnrás

ÚKRAÍNA „Úkraínuher þarf að vera undirbúinn fyrir nýtt áhlaup frá óvininum," sagði Petro Porósjenkó Úkraínuforseti í ávarpi sínu í þinginu í gær.

„Auk þess þurfum við að búast við allsherjarinnrás við landamæri Rússlands. Við þurfum að vera viðbúin þessu."

Aukin harka hefur færst í bardaga stjórnarhersins og uppreisnarmanna í austurhluta Úkraínu en talsmenn beggja hliða segja að tuttugu manns hafi látist í bardögum á miðvikudag.

PETRÓ PORÓSJENKÓ

Eftirlitsmenn Öryggissamvinnustofnunar Evrópu segjast hafa séð mikið magn þungavopna í eigu uppreisnarmanna á leið að víglínum. Bann við notkun þungavopna í átökunum er ein meginforsenda vopnahléssamkomulagsins í Minsk sem virðist nú standa höllum fæti.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hefur sagt að Úkraínumenn grafi undan vopnahléinu með því að neita að hefja viðræður við uppreisnarmenn.

Hvorug hliðin vill gangast við því að hafa brotið samkomulagið. Rússar hafa þá hafnað því að hermenn þeirra taki þátt í bardögunum en Porósjenkó fullyrðir að um 9.000 rússneskir hermenn berjist með uppreisnarmönnum. - srs

Hornfirðingar ósáttir:

Vilja losna við tvíbýli á Höfn

HORNAFJÖRÐUR Heilbrigðis- og öldrunarnefnd Hornafjarðar skorar á heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning við viðbyggingu hjúkrunarheimilisins á Höfn. Bendir nefndin á að helmingur allra tvíbýla á öllu Suðurlandi sé staðsettur á Höfn.

Bæjarráð Hornafjarðar tók undir bókun nefndarinnar og benti á að aðstaðan væri undir viðmiðum velferðarráðuneytisins og brýn þörf væri fyrir úrbætur. - sa

SAFNA RIGNINGARVATNI Flóttamenn í Búrma nota sér regnið til að ná sér í drykkjarvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hundruð flóttamanna fengu að fara í land í Búrma:

Bíða í flóttamannabúðum

BÚRMA Á miðvikudaginn leyfðu stjórnvöld í Búrma 700 flóttamönnum að koma í land, eftir að hafa meinað þeim landgöngu dögum saman. Þeir hafast nú við í flóttamannabúðum.

Margir flóttamannanna eru rohingja-menn frá Búrma en einnig er í hópnum fólk frá Bangladess.

Búrmastjórn viðurkennir ekki ríkisborgararétt rohingja-fólksins, sem býr við vesturströnd landsins. Þúsundir þeirra hafa flúið land undanfarna mánuði vegna ofsókna og fátæktar, bæði frá Búrma og Bangladess. - gb

BHM og hjúkrunarfræðingar:

Boða til þögulla mótmæla

KJARAMÁL BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa boðað til þögulla mótmæla við Stjórnarráð Íslands á meðan ríkisstjórnarfundur fer fram í Stjórnarráðinu í dag. Munu þöglu mótmælin hefjast áður en fundur hefst og standa yfir þar til honum lýkur.

Lítið sem ekkert þokast í viðræðum félaganna við ríkið og hefur BHM verið í verkfalli nú í á áttundu viku. Þungt hljóð er í samninganefndum.

Hjúkrunarfræðingar hafa hafnað tilboði ríkisins þar sem þeir telja það of lágt og ekki henta stéttinni. - sa

Tilboð Kjarnafæðis stendur:

Hafa enn ekki svarað tilboðinu

VIÐSKIPTI Tilboði Kjarnafæðis í allt hlutafé í Norðlenska hefur enn ekki verið svarað. Tilboðið stendur þó enn þrátt fyrir að hafa átt að renna út í síðasta mánuði.

Á sjötta hundrað bænda eiga hlut í fyrirtækinu og hefur Kjarnafæði boðist til að kaupa allt hlutaféð á um 750 milljónir króna auk þess að taka yfir skuldir fyritækisins. Heildarverðmæti tilboðsins er því um rúmir tveir milljarðar króna.

Sauðburður er sagður ástæðan fyrir því að tilboðinu hefur ekki verið svarað. - sa

Hlín leggur fram nauðgunarkæru

Malín Brand segir í yfirlýsingu að meint fjárkúgun hafi í raun verið sáttatillaga í kynferðisbrotamáli. Maðurinn sem kærði systurnar Malín og Hlín fyrir fjárkúgun gegn sér tók upp símtal sem hann átti við Malín þar sem hún þrýsti á hann að ganga að boði þeirra.

LÖGREGLUMÁL Hlín Einarsdóttir ætlar að kæra manninn sem hefur kært hana og systur hennar, Malín Brand, vegna fjárkúgunar. Þetta segir Kolbrún Garðarsdóttir, lögmaður Hlínar Einarsdóttur.

„Á morgun [í dag] verður lögð fram kæra vegna nauðgunar. Ég staðfesti það að umbjóðandi minn fór á neyðarmóttöku fljótlega eftir atvikið og gögn eru aðgengileg lögreglu vegna þess," sagði Kolbrún.

Malín Brand sendi fjölmiðlum yfirlýsingu í gær þar sem hún segir meinta fjárkúgun hafa verið sáttatillögu um greiðslu á miskabótum en ekki kúgun.

Í yfirlýsingunni kemur fram að maðurinn hafði komið sér í samband við systurnar og sannfærði þær um að kæra vegna nauðgunar myndi valda honum verulegum mannorðshnekki. Í kjölfarið sættist Hlín á að þiggja frá honum miskabætur og lagði Hlín til tiltekna upphæð til að ná sáttum.

Malín starfaði sem milliliður milli þeirra tveggja og tók meðal annars við greiðslu miskabótanna. Maðurinn fór fram á sönnun þess efnis að hann hefði greitt þeim og fékk hana í formi bréfs sem skrifað var á bréfsefni Morgunblaðsins þar sem Malín starfaði sem blaðamaður. Einu eintaki hélt Malín eftir og maðurinn öðru.

Meðal sönnunargagna sem lögregla hefur undir höndum vegna fjárkúgunarkæru á hendur systrunum Hlín og Malín er upptaka af símtali. Á upptökunni er samtal milli Malínar og mannsins sem hefur kært systurnar fyrir fjárkúgun gegn sér.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fóru nokkur símtöl milli mannsins og Malínar eftir að systurnar höfðu komið til hans með þá kröfu að hann borgaði þeim pening. Eftir að hafa hugsað sig um í nokkra daga borgaði maðurinn systrunum tiltekna upphæð.

YFIRHEYRÐAR Systurnar voru yfirheyrðar vegna málsins á miðvikudag. Hér sést Malín yfirgefa lögreglustöðina í bíl lögmanns síns að yfirheyrslum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HLÍN EINARSDÓTTIR

Eftir að fréttir voru sagðar af fjárkúgunarmáli systranna gegn forsætisráðherra ákvað maðurinn að kæra þær. Systurnar voru yfirheyrðar á miðvikudag vegna málsins en ekki hafa fengist upplýsingar um það hvort þær hafi játað að hafa staðið að kúguninni og eins hvort þær hafi kært manninn fyrir nauðgun.

Systurnar voru yfirheyrðar hvor í sínu lagi og stóðu yfirheyrslur yfir þeim fram á kvöld en þeim var sleppt að þeim loknum.

Líkt og áður hefur komið fram voru systurnar handteknar í fyrra skiptið á föstudaginn í síðustu viku eftir að hafa sent eiginkonu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra bréf, þar sem því var hótað að upplýsingum sem kæmu honum illa yrði lekið í fjölmiðla ef ekki yrðu borgaðar átta milljónir sem koma átti fyrir í tösku á tilteknum stað við Vallahraun í Hafnarfirði. Þar handtók lögreglan systurnar sem í kjölfarið voru yfirheyrðar og játuðu aðild sína að málinu.

viktoria@frettabladid.is
stefanrafn@frettabladid.is

GRILLIÐ FYRIR ÞIG

Landmann gasgrill
Avalon 4ra brennara

139.900
FULLT VERÐ 169.900

• Orka 18,7 KW = 64.000 BTU
• 4 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemaleruð efri grind
• Rafkveikja fyrir alla brennara
• Gashella - Auðveld þrif

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Opið til kl. 16 á laugardag

Þrír karlmenn leita réttar síns vegna ummæla um þá í Facebook-hópi:

Kallaðir brotamenn á Beauty tips

SAMFÉLAGSMÁL Þrír karlmenn hafa leitað til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns vegna ummæla um þá á Facebook-hópnum Beauty tips þar sem þeir voru kallaðir kynferðisbrotamenn.

Enginn mannanna hefur verið dæmdur fyrir kynferðisbrot en mál á hendur tveimur þeirra eru í rannsókn. Sá þriðji hefur ekki verið kærður.

„Það er fólk í netheimum sem treystir sér til að fullyrða um eitthvað sem gerðist í lokuðu herbergi milli tveggja aðila og það hefur enga vitneskju um nema frá þriðja aðila. Það treystir sér til að fullyrða að viðkomandi sé kynferðisbrotamaður. Það er einfaldlega verið að leggja líf þessara aðila í rúst en oft er um að ræða unglingspilta," segir Vilhjálmur um málið.

Hann segir þjóðina þurfa að hugsa sinn gang í þessum málum. „Ákveðnir hópar telja sig vera eigendur þessarar umræðu og hún þarf öll að vera á einn veg. Ef hún er ekki þessum hópum þóknanleg eru menn karlrembur eða eitthvað þaðan af verra," bætir hann við.

„Það gilda bara sömu lög og reglur um þessi mál og önnur. Það er ekki hægt að kalla einhvern kynferðisbrotamann fyrr en hann verður sakfelldur. Annað er dómstóll götunnar, það er samfélag sem mér hugnast ekki," segir Vilhjálmur. - þea

SÖMU LÖG GILDA Vilhjálmur H. Vilhjálmsson segir ekki hægt að kalla einhvern kynferðisbrotamann sem ekki hefur verið sakfelldur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TÁKNRÆN HÖNNUN OKKAR HUGMYND UM LÚXUS

Áberandi lögun LED framljósanna er innblásin
af Þórshamri - norrænu tákni um styrk.
Skandinavísk hönnun frá Volvo.

NÝR VOLVO XC90 AWD
FRÁ 10.590.000 KR.

FRUMSÝNING FÖSTUDAG,
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMDU OG SKOÐAÐU
NÝJAN VOLVO XC90

Nýr Volvo XC90 markar nýtt upphaf. Ný tækni, ný öryggiskerfi og nýtt útlit. Ný kynslóð Drive-E vélanna gerir þér kleift að njóta spennandi aksturs en með miklu minni eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun. Eldsneytisnotkun nýju D5 dísilvélarinnar í blönduðum akstri er 5,8 l/100 km og CO_2 losun er 152 g/km. XC90 er fyrsti bíllinn sem er byggður með nýrri SPA undirvagns-tækni Volvo. Ytra útlit XC90 er mikilfenglegt og gefur tóninn fyrir komandi kynslóðir Volvo bíla. Aldrei fyrr hefur Volvo hannað innanrými með jafn miklum lúxus. XC90 er 7 manna og veghæð bílsins er 23,7 cm undir lægsta punkt. XC90 er búinn fullkomnasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Þar á meðal eru tvær nýjungar sem aldrei hafa verið í boði áður: Annars vegar vörn við útafakstri og hins vegar sjálfvirk bremsa ef beygt er í veg fyrir ökutæki úr gagnstæðri átt. Þessar tækninýjungar sem Volvo heimsfrumsýnir nú, gera Volvo XC90 að einum öruggasta bíl heims og færir fyrirtækið jafnframt skrefi nær markmiði sínu um að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Komdu og kynntu þér nýjan Volvo XC90.

---

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Föstudag kl. 10-17
Laugardag kl. 12-16
Sunnudag kl. 13-16

volvo.is

SPURNING DAGSINS

Ætlið þið að gefa lífinu lit?

„Við ætlum að mála bæinn marglitan og gefa lífinu fimmu.“

Sigríður V. Jónsdóttir er upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi en í tengslum við Litahlaupið sem haldið er á morgun hvetur UNICEF fólk til að gefa hvert öðru fimmu og senda sms-ið FIMMA í númerið 1900.

Enn er uppi verulegur ágreiningur um afborganir Grikkja til lánardrottna landsins:

Tsipras er bjartsýnn á að niðurstaða nálgist

GRIKKLAND Í dag eiga grísk stjórnvöld að greiða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 300 milljónir evra. Christine Lagarde, framkvæmdastjóri sjóðsins, segist bjartsýn á að Grikkjum takist að reiða féð fram. Þetta er einn af nokkrum stórum gjalddögum í þessum mánuði, en róðurinn þyngist svo enn frekar í næsta mánuði þegar Grikkir eiga að greiða gjaldeyrissjóðnum 452 milljónir evra og seðlabanka Evrópusambandsins 3,5 milljarða evra.

Grikkir kynntu í lok síðasta mánaðar lánardrottnum sínum hjá AGS, evrurríkjunum og seðlabanka ESB hugmyndir sínar um afborganir lánanna. Lánardrottnarnir kynntu svo sínar hugmyndir í byrjun vikunnar en í gær höfnuðu Grikkir þeim samningi.

Alexis Tsipras forsætisráðherra segist engu að síður bjartsýnn á að niðurstaða sé að nálgast. Janis Varúfakis, fjármálaráðherra grísku stjórnarinnar, segist hins vegar vera í áfalli eftir að hafa séð tillögur lánardrottnanna.

Tsipras ætlar að ávarpa gríska þingið í dag. - gb

TSIPRAS OG JUNCKER Forsætisráðherra Grikklands ásamt forseta framkvæmdastjórnar ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI Sjúkraliðafélagið hefur unnið mál gegn Akureyrarkaupstað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjúkraliðar sigruðu:

Gert að greiða hærra kaup

KJARAMÁL Félagsdómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að Akureyrarkaupstaður hafi greitt sjúkraliðum of lág laun frá því í október í fyrra. Fékk Sjúkraliðafélagið þá viðurkenningu að starfandi sjúkraliðar á Akureyri falli undir starfsheitið „Sjúkraliði B“ samkvæmt kjarasamningi.

Áður höfðu sjúkraliðar á Akureyri verið settir í flokkinn „Sjúkraliði A“. Félagsdómur kemst að þeirri niðurstöðu að með breytingum á skilgreiningu flokkanna í október síðastliðnum ætti bænum að vera ljóst að sjúkraliðar öldrunarheimila Akureyrar ættu að færast upp um flokk. - sa

Ein kona er alvarlega slösuð:

Þrír skotnir til bana í bifreið

LÖGREGLUMÁL Þrír einstaklingar fundust látnir í bifreið á Long Island í New York-ríki í Bandaríkjunum aðfaranótt fimmtudags. Lögreglan leitaði í gær byssumanns á Long Island. Frá þessu var greint á Sky News.

Einn karl og tvær konur voru skotin til bana, en þriðja konan er alvarlega særð á sjúkrahúsi. Samkvæmt heimildum lögreglunnar á Long Island nálgaðist byssumaðurinn bílinn og hóf skothríð og hljóp svo af vettvangi. - ngy

Lokaritgerð háskólanema virðist uppspuni frá rótum

Viðmælendur í háskólaritgerð kannast ekki við að hafa verið í viðtali. Gögn ritgerðarinnar virðast vera uppspuni. Háskóla Íslands gert viðvart. Nemandinn sem fékk 8 í einkunn er útskrifaður viðskiptafræðingur.

MENNTAMÁL Margt bendir til þess að lokaritgerð sem nýútskrifaður viðskiptafræðinemi skilaði í Háskóla Íslands sé uppspuni frá rótum.

Ritgerðin, sem fjallar um ferðaþjónustu á Suðurlandi, byggir meðal annars á viðtölum og gögnum frá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Meðal annars frá Friðriki Pálssyni hótelstjóra á Hótel Rangá.

Friðrik staðfestir við Fréttablaðið að höfundur ritgerðarinnar hafi aldrei rætt við sig og ummæli sem eftir Friðriki eru höfð séu uppspuni. Þá staðfestir Friðrik að ýmis töluleg gögn sem vitnað sé til í ritgerðinni séu einnig skálduð.

„Ég gerði Háskóla Íslands viðvart um þetta þegar ég varð þessa vís,“ segir Friðrik í samtali við Fréttablaðið. Hann vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins komst upp um málið í kjölfar þess að Friðrik fékk ábendingu um að fram væri komin ritgerð sem byggðist á rekstri hans. Friðrik kannaðist sjálfur ekkert við að hafa svarað spurningum frá ritgerðarhöfundi. Þá kannaðist Friðrik ekki heldur við ýmsar tölur um reksturinn sem komu fram í ritgerðinni. Í kjölfar þessa, fyrir um það bil tveimur mánuðum, vakti Friðrik athygli viðskiptafræðideildar á málinu.

Ritgerðin sem um ræðir er lokaritgerð nemanda í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hún var birt á Skemmu, rafrænu gagnasafni háskólans, í janúar síðastliðnum. Aðgangi almennings að ritgerðinni var nýlega lokað. Nemandinn fékk 8 í einkunn fyrir ritgerðina og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands skömmu síðar.

Þær upplýsingar fengust frá skólanum að málið væri ekki komið inn á borð rektors og væri enn í höndum viðskiptafræðideildar. Runólfur Smári Steinþórsson, deildarforseti viðskiptafræðideildar, vildi ekki svara neinum spurningum um málið og vísaði eingöngu í almennar verklagsreglur. „Ef upp kemst að ritgerð standist ekki getur það haft alvarlegar afleiðingar,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Fréttablaðið náði einnig tali af höfundi ritgerðarinnar í gærkvöldi. Hann vildi ekki tjá sig um málið.

andri@frettabladid.is

Sviptur kandídatstitli frá lagadeild

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögfræðingur var sviptur kandídatstitli sínum árið 2001 fyrir ritstuld. Lagadeild Háskóla Íslands afturkallaði einkunn sem hann fékk fyrir lokaritgerð sem hann skrifaði við lagadeild.

Mál Vilhjálms kom upp í kjölfar þess að Úlfar Hauksson stjórnmálafræðingur vakti athygli lagadeildar á að kafla úr ritgerð sem hann skrifaði við félagsvísindadeild Háskólans væri að finna orðrétta í ritgerð Vilhjálms.

Deildarfundur lagadeildar samþykkti að heimila Vilhjálmi að skrifa nýja ritgerð við lagadeild.

„Ég gerði Háskóla Íslands viðvart um þetta þegar ég varð þessa vís.

Friðrik Pálsson, hótelstjóri

„Ef upp kemst að ritgerð standist ekki getur það haft alvarlegar afleiðingar.

Runólfur Smári Steinþórsson deildarforseti viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands

Nýr fundur hefur hvorki verið boðaður hjá BHM né hjúkrunarfræðingum:

Enn stál í stál í kjaraviðræðum

KJARAMÁL Lítið þokast í kjaraviðræðum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Bandalags háskólamanna við íslenska ríkið. Slitnað hefur upp úr viðræðum og engir nýir fundir hafa verið boðaðir í deilunni. Einnig er lítinn sáttatón að heyra frá Samtökum atvinnulífsins og forsvarsmönnum iðnaðarmanna sem eiga einnig í kjaradeilu og hafa boðað sjö daga verkfall í júní.

Hundruð skilnaðar- og forsjármála hafa tafist vegna verkfalls lögfræðinga hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og um 14.000 mál bíða afgreiðslu hjá embættinu. Þar af eru um 9.000 þinglýsingar. Staðan er orðin mjög slæm þar sem um viðkvæman málaflokk er að ræða. Lögfræðingar hins opinbera hafa verið í verkfalli í um níu vikur, en það hófst þann 7. apríl síðastliðinn. Þyrí Steingrímsdóttir hæstaréttarlögmaður segir stöðuna erfiða. „Mál sem varða umgengni við börn, sáttameðferðir í forsjármálum eða frágang dánarbúa, allt þetta er stopp.“ - sa, gag

KARPAÐ Samstöðufundur var haldinn meðal félaga BHM í maí. Þórunn Sveinbjarnardóttir er formaður félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ENNEMM / SÍA / NM69333



Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Gulls ígildi

Það er með miklu stolti sem Íslandsbanki tekur á móti **Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC** en gullmerkið er veitt fyrirtækjum þar sem launamunur kynjanna er innan við **3,5%**. Þessi viðurkenning er okkur sérstaklega kærkomin þar sem mikil áhersla hefur undanfarin ár verið lögð á fjölbreytni og jöfn tækifæri innan bankans. Við höfum með markvissum hætti stutt við starfsþróun kvenna, aukið vægi kvenna í yfirstjórn og jafnað kynjahlutföll meðal stjórnenda, í stjórn og framkvæmdastjórn.

Fjölbreyttur starfsmannahópur þar sem einstaklingar eru metnir að verðleikum er gulls ígildi. Með því að leggja rækt við sanngirni og jöfn tækifæri náum við að nýta styrkleika hvers og eins, mynda sterkari liðsheild og ná betri árangri.

Gullmerkið er okkur mikil hvatning til að halda ótrauð áfram á sömu braut.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað ætlar HR að byggja margar íbúðir fyrir nemendur og starfsfólk?
2. Hvaða hljómsveit selur einkatónleika á Karolina Fund?
3. Hvað heitir raflínan sem sagt var frá að borist hefðu mótmæli út af þar sem línan myndi raska ró álfa?

SVÖR: **1.** 350 **2.** Grísalappalísa **3.** Suðurnesjalína

Lágmarkslaun hækka en ellilífeyrisþegar sitja eftir:

Eldri borgarar vilja fá skýr svör

KJARAMÁL Eldri borgarar kalla eftir skýrum svörum frá stjórnvöldum um hvort til standi að tryggja ellilífeyrisþegum sömu kjarabætur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, segir marga búa við sára fátækt og að fólk óttist að verða skilið eftir þegar komi að kjarabótum.

Lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði verða 300 þúsund krónur árið 2018 samkvæmt þeim samningum sem standa launafólki nú til boða.

Óvissa ríkir hins vegar um hvort örorku- og ellilífeyrisþegar fái sömu hækkun. Þórunn segir að þessi óvissa hafi haft slæm áhrif á félagsmenn sína. Sérstaklega þá sem búa nú við sára fátækt.

„Þær yfirlýsingar sem hafa komið frá forsætisráðherra og fjármálaráðherra um að þetta sé ekki í skoðun, hækkun í samræmi við þá launaþróun sem nú hefur átt sér stað, fer mjög illa fyrir brjóstið á þessu fólki," segir Þórunn.

- hks

ÚT UNDAN Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður eldri borgara í Reykjavík, segir eðlilegt að sá hópur verði ekki skilinn eftir.

8. bekkingar ekki með:

Fá ekki inni í vinnuskólanum

ATVINNUMÁL Borgarstjórn hafnaði á fundi sínum á þriðjudaginn tillögu sjálfstæðismanna um að bjóða áttundu bekkingum sumarvinnu í sumar.

Tillagan gerði ráð fyrir því að borgin veitti 8. bekkingum vinnu strax í sumar og byði upp á fjölbreyttari störf í vinnuskólum borgarinnar. Í bókun Sjálfstæðisflokksins kemur fram að öll önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bjóði áttundu bekkingum upp á vinnu í sumar.

- srs

Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Opinberir starfsmenn þurfa stundum að ferðast starfa sinna vegna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helmingur telur refsingar í al-Thani málinu of vægar

Prófessor í afbrotafræði segir niðurstöður rannsóknar á viðhorfi almennings til dóma í al-Thani málinu benda til þess að enn sé mikil reiði út í bankamenn. Íslendingar telja að efnahagsbrot séu alvarlegustu brotin.

DÓMSMÁL Fjörutíu og sex prósent landsmanna telja að sakborningar í al-Thani málinu hafi fengið of væga dóma. Þetta kemur fram í rannsókn sem Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, vinnur að ásamt Jónasi Orra Jónassyni félagsfræðingi.

Í al-Thani málinu voru þrír stjórnendur Kaupþings og einn aðaleigandinn dæmdir í fangelsi fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun. Þyngsta refsingin var fangelsi í fimm og hálft ár og sú vægasta fjögurra ára. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd rannsóknarinnar.

„Þetta kom mér á óvart. Ég bjóst við því að margir myndu segja að þetta væru hæfilega þungir dómar," segir Helgi.

Hann bendir á að einstaklingarnir sem þarna um ræðir hafi mátt þola ýmislegt í íslensku samfélagi. Þeir hafi orðið fyrir miklum álitshnekki sem megi líta á sem refsingu. „Þeir hafa þurft að búa við það í næstum sjö ár og síðan loksins eftir rúmlega sex ár þá kemur dómur upp á fleiri ár í fangelsi. Það sýnir að það er reiði í samfélaginu og menn kenna þessum toppum í bönkunum um hvers vegna svona illa fór fyrir okkur Íslendingum." Menn fókuseri svolítið á það að bankamennirnir hafi verið ráðandi í því hversu illa fór fyrir okkur árið 2008.

> **„Það sýnir að það er reiði í samfélaginu og menn kenna þessum toppum í bönkunum um hvers vegna svona illa fór fyrir okkur Íslendingum.**

Helgi segist hafa búist við því að fleiri myndu segja að dómarnir væru hæfilega þungir og jafnvel að einhverjir myndu segja að þetta væri of þungt. Hann segir þessa dóma þunga í alþjóðlegu samhengi. „Ísland er að stíga þarna skref sem aðrar þjóðir hafa ekki gert í sama mæli," segir hann. Hann tekur Norðurlöndin sem dæmi, þar sem miklar bankakrísur voru upp úr 1990.

Helgi segir dómana vekja eftirtekt á alþjóðavísu og búast megi við fleiri dómsuppsögum. Mál á hendur stjórnendum Glitnis og Landsbankans bíði eftir afgreiðslu í dómskerfinu. „Og þarna er komið fordæmi sem fer væntanlega yfir á Glitni og Landsbankann," segir hann.

Þá segir Helgi að það hafi líka komið á óvart að flestir, eða um 36 prósent aðspurðra, telji efnahagsbrot vera alvarlegustu brotin. Helgi segir að lengst af frá árinu 1989, þegar hann gerði fyrst slíka rannsókn, hafi fíkniefnabrot verið alin alvarlegust. „Árið 2013 voru miklar áhyggjur af kynferðisbrotum gagnvart börnum en efnahagsbrotin voru þarna líka." Þessi mæling, árið 2015, sé sú fyrsta þar sem flestir hafi áhyggjur af efnahagsbrotum.

Helgi segir að mun fleiri nefni efnahagsbrot sem alvarlegustu brot eftir hrun en fyrir bankahrunið. „Þetta byrjar að stíga eftir hrun og núna eru flestir sem nefna það."

jonhakon@frettabladid.is

PRÓFESSOR Helgi Gunnlaugsson segir niðurstöður rannsóknarinnar koma nokkuð á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðferðafræði rannsóknarinnar

Mælingin var gerð í apríl 2015 af Félagsvísindastofnun HÍ fyrir Helga Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Stuðst var við úrtak um 1.200 manns úr þjóðskrá, 18 ára og eldri, og svörun var um 60 prósent. Þess var gætt að svörin endurspegluðu samsetningu þjóðarinnar á fullnægjandi hátt eftir kyni, aldri og búsetu og því er hægt að alhæfa um niðurstöðurnar á þjóðina alla 18 ára og eldri.

TELUR PÚ DÓMANA OF VÆGA, HÆFILEGA ÞUNGA EÐA OF ÞUNGA?



HVAÐA TEGUND AFBROTA TELUR PÚ VERA HELSTA VANDAMÁL AFBROTA HÉR Á LANDI?



Réttað vegna mannsláts:

Eiginmaður ekki sakhæfur

DÓMSMÁL Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur til að sæta réttaröryggisgæslu. Hann var ákærður fyrir að deyða eiginkonu sína í íbúð þeirra í Stelkshólum í Reykjavík þann 27. september síðastliðinn.

Er talið að hann hafi þrengt svo að öndunarvegi konunnar að bani hlaust af. Dómur þess efnis var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Maðurinn var sýknaður af refsikröfu og talinn ósakhæfur. Rannsókn málsins tók langan tíma en fjóra mánuði tók að fá niðurstöður úr krufningu.

- sa

Fundur aðildarríkja WTO:

Vill gagnsæi í viðræðum

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hvatti aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) til að tryggja gegnsæi í TISA-viðræðunum svokölluðu á fundi stofnunarinnar í París í gær.

GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Samningurinn snýr að auknu þjónustu- og viðskiptafrelsi á milli ríkja og hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir skort á gagnsæi.

Gunnar Bragi lýsti þá sinni skoðun á fundinum að hann teldi að samningurinn væri til þess fallinn að nýtast þróunarríkjum vel.

- srs

Tveir helstu höfuðpaurar spillingarinnar innan Alþjóðaknattspyrnusambandsins leysa frá skjóðunni:

Varaforseti FIFA boðar holskeflu uppljóstrana

BANDARÍKIN „Ekki einu sinni dauðinn getur stöðvað þessa holskeflu," sagði Jack Warner, fyrrverandi varaforseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA, í sjónvarpsviðtali á miðvikudag.

Hann sagðist óttast um líf sitt, en heitir því að leysa frá skjóðunni um spillingarmál innan FIFA. Warner er einn þeirra fjórtán, sem bandaríska alríkislögreglan, FBI, hefur ákært fyrir aðild að spillingarmálunum.

Sepp Blatter, forseti FIFA, hefur boðað afsögn sína og sætir sjálfur rannsókn af hálfu FBI. Hann boðar hins vegar umbætur á starfsemi FIFA.

Ákærurnar eru að stórum hluta byggðar á frásögnum annars fyrrverandi yfirmanns innan FIFA, Chucks Blazer. Bæði Warner og Blazer eru meðal helstu höfuðpauranna í þeim spillingarmálum sem þeir hafa verið ákærðir fyrir.

Warner gefur í skyn að það sem hann hafi að segja muni sýna fram á aðild Blatters að spillingarmálunum: „Blatter veit hvers vegna hann er fallinn. Og ef einhver annar veit það, þá er það ég," er haft eftir Warner í bandarísku dagblaðinu New York Times.

- gb

SEPP BLATTER OG JACK WARNER Myndin er tekin þegar Warner var varaforseti FIFA. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Markhönnun ehf

netto

Kræsingar & kostakjör

GRÍSAKÓTILETTUR
RAUÐVÍNSLEGNAR/ÚRB.
-40%
1.493
ÁÐUR 2.488 KR/KG

STJÖRNU GRÍS

GRÍSAHNAKKA-
SNEIÐAR
-35%
1.494
ÁÐUR 2.298 KR/PK

KJÚKLINGALEGGIR
BBQ
-40%
434
ÁÐUR 724 KR/KG

LAMBAFRAMHR.SNEIÐAR
FROSNAR Í POKA
-20%
1.650
ÁÐUR 2.063 KR/KG

ÞORSKHNAKKAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
1.798
KR/KG

Ótrúlegt verð!

MAÍSKORN
HYTOP,
-40%
99
ÁÐUR 165 KR/STK

GRANDIOSA PIZZUR
4 TEGUNDIR
698
ÁÐUR 789 KR/STK

RAUÐSPRETTUFLÖK
ÓDÝR
998
KR/KG

BAI DRYKKIR
5 TEG
339
ÁÐUR 399 KR/STK

RÚSÍNUR/SALTHN.
500 GR, NÓI-SÍRÍUS
629
ÁÐUR 699 KR/PK

Melónur á 30% afslætti!

Vatns-gul-cantalope-græn

ÓDÝR ÍS, 900 ML
3 TEGUNDIR
-30%
279
ÁÐUR 399 KR/STK

ÞVOTTAEFNI 4,2 KG
DAZ, 65 ÞVOTTAR
2.578
ÁÐUR 2.998 KR/PK

Tilboðin gilda 4. júní – 7. júní 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

SVONA ERUM VIÐ

2.100 tegundir af sveppum hafa verið greindar á Íslandi.

Á stuttum tíma hafa borist fréttir af regnbogasilungi úr eldi í sex ám á Norðurlandi og Vestfjörðum:

Fréttir af eldissilungi í Laxá og Fljótaá

NÁTTÚRA Regnbogasilungur hefur veiðst á skömmum tíma í sex veiðiám á Norðurlandi og Vestfjörðum. Ljóst er að um íslenskan eldisfisk er að ræða. Gagnrýnendur sjókvíaeldis á laxi og silungi af erlendum uppruna við Ísland lýsa þungum áhyggjum af þróuninni.

Fyrir skemmstu veiddist regnbogasilungur í Eyjafjarðará, en hún er ein þekktasta bleikjuveiðiá landsins. Fyrir skömmu veiddist einnig regnbogasilungur í Fljótaá, og heimildir Fréttablaðsins greina einnig frá regnboga veiddum í Lambagilsá við Dýrafjörð síðasta haust og í Fnjóská í fyrrasumar. Við þetta bætast fréttir að hið sama eigi við um Laxá í Aðaldal og Litluá í Kelduhverfi í opnun ánna í fyrra.

Regnbogasilungur telst ekki til íslenskra fisktegunda og ekki er vitað til þess að hann hafi náð að fjölga sér í íslenskri náttúru. Engu að síður verða fiskar sem sleppa úr eldi og koma fram í náttúrunni að teljast til framandi tegundar, er mat Veiðimálastofnunar sem bætir við að almennt sé takmörkuð þekking á mögulegum áhrifum regnbogsilungs á vistkerfi hér á landi. Í Noregi hafa menn haft áhyggjur af því hvort tegundin geti orðið ágeng framandi tegund.

- shá

VEITT Í BERGHYL Það er óspillt náttúra og hreinleiki veiðivatnanna sem er helsta aðdráttaraflið fyrir veiðimenn – því ógnar eldisfiskur sem í þær gengur. MYND/ORRI

Mikil seinkun á flugi WOW air til allra áfangastaða í gær:

Samtals um 27 tíma seinkun

SAMGÖNGUR Töf varð á öllum flugleiðum WOW air í gær. Lengst þurftu farþegar til Dyflinnar að bíða eftir því að komast í loftið en flug þeirra, sem átti að fara í loftið samkvæmt áætlun um sex um morguninn, fór ekki fyrr en rúmlega fjögur síðdegis. Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi flugfélagsins, segir ástæðurnar vera keðjuverkun frá því vél á vegum félagsins bilaði í gær.

„Okkur þykir þetta miður og starfsfólk okkar vinnur baki brotnu við að vinda ofan af töfinni. Við áætlum að allt flug hjá okkur verði á áætlun á morgun [í dag],“ segir Svanhvít og bendir á að í tvígang hafi flugfélagið greitt fyrir fæði fyrir farþega meðan á biðinni stóð.

Linda Rós Rúnarsdóttir er einn þeirra farþega sem biðu eftir að komast til Dyflinnar. Hún segir farþega í tvígang hafa sest upp í vél en verið snúið við að flugstöðinni vegna bilana. „Farþegar eru orðnir nokkuð þreyttir og pirraðir en allir halda ró sinni. Menn vilja bara komast í fríið sitt.“

- sa

„Farþegar eru orðnir nokkuð þreyttir og pirraðir en allir halda ró sinni. Menn vilja bara komast í fríið sitt.

Linda Rós Rúnarsdóttir, flugfarþegi

CAMERON OG MERKEL Vel fór á með forsætisráðherra Bretlands og kanslara Þýskalands í Berlín í lok síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segir lausnina til ef viljinn er fyrir hendi

Áform Breta um að ná fram breytingum á Evrópusambandinu fá nú betri viðbrögð frá kanslara Þýskalands en nokkru sinni. Fyrrverandi utanríkisráðherra Þýskalands ráðleggur Cameron þó að tapa sér ekki í óskhyggjunni.

BRETLAND „Ef það er virkilega nauðsynlegt, þá þurfum við að skoða málið,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari, spurð hvort gerðar verði breytingar á grundvallarsamningum Evrópusambandsins að kröfu Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands.

Þetta sagði hún í viðtali við fréttastofu breska útvarpsins, BBC.

„Ég er bjartsýn á að ef við viljum það öll, þá finnum við góða lausn,“ sagði Merkel. „Þetta snýst ekkert um að missa svefn út af þessu, heldur um að vinna vinnuna okkar og skapa þær forsendur sem nauðsynlegar eru til þess að Bretar verði áfram innan Evrópusambandsins.“

Cameron hefur heitið Bretum því að semja við Evrópusambandið um breytingar á aðildarskilmálum Bretlands og bera svo niðurstöðuna undir þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir árslok 2017, og jafnvel enn fyrr.

Annar þýskur stjórnmálamaður, Joschka Fischer, fyrrverandi utanríkisráðherra, var hins vegar í viðtali við BBC í fyrradag og sagði þá að Cameron ætti ekki að vera alltof viss um að geta treyst á stuðning Þýskalands.

„Ekki tapa þér í óskhyggjunni,“ sagði Fischer vera ráð sitt til Camerons. „Angela Merkel mun ekki gera neitt til þess að stefna grundvallarreglum sameiginlega markaðarins og Evrópusambandsins í hættu.

Hann bætti því við að Merkel hefði annað og miklu stærra vandamál á sinni könnu: „Hvernig finna megi málamiðlun um gjaldmiðilsbandalagið við Grikkland. Það er forgangsmál hennar númer eitt núna.“

„Ekki tapa þér í óskhyggjunni. Angela Merkel mun ekki gera neitt til þess að stefna grundvallarreglum sameiginlega markaðarins og Evrópusambandsins í hættu.

Joschka Fischer, fyrrverandi utanríkisráðherra Þýskalands

Merkel og fleiri ráðamenn í Evrópusambandinu hafa jafnan tekið treglega í hugmyndir Camerons um breytingar á Evrópusambandinu og aðildarskilmálum Bretlands.

Í síðustu viku sneri Merkel þó að nokkru við blaðinu og segir nú vel hægt að komast að niðurstöðu. Hún geti stutt sumar hugmyndir Camerons en aðrar ekki.

„Evrópusambandið er bandalag 28 aðildarríkja sem þurfa að gera málamiðlanir. Einungis þegar allir eru samþykkir og sáttir getum við fengið raunverulegar niðurstöður. Viljinn til þess er til staðar. Við höfum áður fundið fjölmargar lausnir í fjölmörgum erfiðum málum – það ætti að verða svo í þessu máli líka.“

gudsteinn@frettabladid.is

Glæsilegt úrval útipotta

SUMARBLÓMATILBOÐ

NELLIKA 990KR ★ HENGILÓBELÍA 990KR ★ DALÍA 990KR
SÓLBLÓM 990KR ★ STJÚPUR 10STK 995KR

MATJURTIR
4STK 495KR

GRILL OG AUKAHLUTIR 15% AFSLÁTTUR
GARÐVERKFÆRI OG KLIPPUR 20% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR
AF GARÐRÓSUM
OG BLÁBERJARUNNUM

MOLD Í KERRUR
OPNUNARTÍMI
MOLDARAFGREIÐSLU
VIRKA DAGA: 9-18
HELGAR: 10-17

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Interpol leitar Íslendings:

Alfreð Clausen eftirlýstur

SAKAMÁL Alþjóðalögreglan Interpol hefur gefið út handtökuskipun á hendur íslenska ríkisborgaranum Alfreð Clausen. Hann er grunaður, auk tveggja annarra, um stórfelld fjársvik í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Ákæra á hendur Alfreð og samverkamönnum hans er í 74 liðum og fer saksóknari San Bernardinosýslu með málið. Viðskiptafélagar Alfreðs, Joshua Cobb og Stephen Siringoringo, voru handteknir 5. mars síðastliðinn. - sa

Talningu á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpnastofni landsins fyrir árið 2015 er lokið:

Stærð rjúpnastofnsins undir meðallagi

DÝR „Rjúpnatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands vorið 2015 er lokið," segir í fréttatilkynningu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá því í gær. Alls voru taldir 1.308 karrar sem stofnunin telur vera um eitt prósent heildarfjölda. Stærð stofnsins nú er undir sögulegu meðallagi.

Talningar í ár gengu illa vegna tíðarfars en alls voru karrar taldir á 36 svæðum í öllum landshlutum.

Minnkun stofnsins á Suðvesturlandi og Vestfjörðum var talsverð. Á Suðvesturlandi sáust 28 prósentum færri karrar en í fyrra og á Vestfjörðum sáust 43 prósentum færri karrar en í fyrra.

Mest fjölgun var hins vegar á Norðausturlandi en þar sáust 39 prósentum fleiri karrar en í fyrra.

„Í sögulegu samhengi er rjúpnafjöldinn 2015 undir meðallagi alls staðar nema á Norðausturlandi og Austurlandi," segir í tilkynningunni.

Náttúrufræðistofnun segir í tilkynningunni að sveiflur í stofnstærð hafi áður tekið tíu til tólf ár en það hafi breyst frá friðun rjúpunnar árin 2003 og 2004. Stofnunin segir nú skemmra milli hámarka stofnsins.

„Mat á veiðiþoli rjúpnastofnsins og nánari greining á ástæðum fjölgunar munu liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna, afföllum 2014 til 2015 og veiði 2014," segir í tilkynningunni. - þea

FRIÐUÐ Sveiflur á stofni rjúpunnar hafa breyst mikið frá friðun hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ný krabbameinslyf vekja vonir

Flokkur nýrra krabbameinslyfja er í hraðri þróun og hefur vakið mikla athygli á síðustu misserum. Yfirlæknir á Landspítalanum segir þróunina spennandi til framtíðar litið. Verið er að skoða að fá aðgang að þessum nýju lyfjum, en ekki hafi þó reynt á það ennþá.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

„Þetta er spennandi þróun sem við fylgjumst mjög grannt með, en öll svona skref í krabbameinslækningum reynast oft þegar upp er staðið smá, en eru vissulega í rétta átt," segir Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala, um nýjan flokk krabbameinslyfja sem hafa fengið mikla athygli á síðustu misserum.

Kraftaverkasögur

Fjölmiðlar beggja vegna Atlantsála hafa að undanförnu sagt sögur af krabbameinssjúklingum sem hafa svarað þessum lyfjum vel. Í umfjöllun New York Times (NYT) kemur fram að virkni lyfjanna einskorðist hins vegar við afmarkaðan hóp sjúklinga sem fá lyfin – og því er verið að leita leiða til að spá um hverjum lyfin nýtast best og hverjum ekki. Kostnaðurinn sé ein af ástæðunum.

Gunnar segir að lyfin sem um ræðir séu afrakstur þróunar sem staðið hefur í langan tíma. Þar er verið að nota ónæmiskerfi líkamans til að meðhöndla krabbamein. Hefðbundin krabbameinslyf hafa aðallega áhrif á frumur sem fjölga sér hratt og þess vegna eru krabbameinsfrumur oft næmar fyrir þess konar meðferð. Eins eru komin fram lyf sem virka aðallega á ákveðna ferla í ákveðnum frumum, t.d. ef gen er stökkbreytt í krabbameinsfrumum, „þá er t.d. oft metið hvort viðkomandi stökkbreyting sé til staðar í krabbameinssýnum frá sjúklingi og lyfið gefið ef svo er, þetta er þá vísir að „klæðskerasniðinni" læknisfræði."

Ekki ný hugmynd

„Ég sé mikla framtíðarmöguleika í þessu. Hugmyndin er í sjálfu sér ekki ný og þróast að miklu leyti út frá beinmergsskiptum sem er oft beitt til að meðhöndla hvítblæði, þ.e.a.s. krabbamein í ákveðnum beinmergsfrumum. Þá eru blóðmyndandi stofnfrumur fluttar frá einum einstaklingi til annars. Með því er í raun verið að skipta um ónæmiskerfi og þetta nýja ónæmiskerfi getur tekið þátt í að losa sjúklinginn við krabbameinsfrumur," segir Gunnar og bætir við að nýja aðferðin felist í því að gefa mótefni sem örva ákveðnar frumur ónæmiskerfisins í þeirri vona að þær ráðist gegn krabbameinsfrumum.

Ein af leiðum krabbameina til að sleppa undan ónæmiskerfinu er að framleiða efni sem draga úr virkni ónæmiskerfisins. Þessi nýja tegund lyfja hamlar því að þessi efni bindist frumum ónæmiskerfisins sem getur þá hugsanlega ráðist á krabbameinsfrumurnar. Það er hins vegar misjafnt milli einstaklinga og krabbameinstegunda hvort ónæmiskerfið virkjast gegn krabbameinum sem skýrir af hverju lyfin gagnast ekki nærri öllum sjúklingum. Gunnar segir ýmsar tilraunir með samnýtingu einstakra lyfja úr þessum nýja lyfjaflokki einnig lofa góðu. Saman geti þau gefið betri raun í baráttu einstakra sjúklinga en ef þau eru notuð ein og sér en það geti hins vegar valdið mun meiri aukaverkunum.

Gunnar segir að þessi þróun sé einna lengst komin í meðferð sortuæxla – sem eru illkynja æxli sem eiga uppruna sinn í litarfrumum húðarinnar. „Síðan eru að koma fram fleiri lyf í þessum lyfjaflokki sem hafa sýnt spennandi niðurstöður. Ekki bara í sortuæxlum heldur líka í fleiri krabbameinum en áður."

Í SKOÐUN Árangur lyfjaþróunarinnar er markverður en nýtist vart þeim sem greinst hafa með krabbamein í dag.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Rándýrt

Í grein NYT segir að lyfin séu rándýr og nefnt er að ársmeðferð eins sjúklings geti kostað um 150.000 Bandaríkjadali, eða 20 milljónir íslenskra króna.

„Í Bandaríkjunum, eins og annars staðar í heiminum, er verð lyfja farið að hafa meiri og meiri áhrif á hvort þau séu tekin til notkunar eða ekki. Hér á landi sem annars staðar eru ekki öll ný krabbameinslyf, né önnur ný og dýr lyf við ýmsum sjúkdómum, sjálfkrafa tekin upp vegna kostnaðar. Þeir sem borga fyrir lyfin, sjúkratryggingar og aðrir, hafa sett takmarkanir á það hvaða lyf eru notuð. Því leita menn leiða til að spá um hvaða sjúklingar hafa hag af því að fá þessar meðferðir. Varðandi þessar meðferðir sem rætt er um í grein NYT þá er ekkert eitt gott próf til í dag sem segir til um það, og því erfitt að neita einhverjum um lyf á grundvelli prófs sem tekur ekki af allan vafa um hvort lyfið nýtist honum í meðferðinni," segir Gunnar og segir að Landspítalinn sé að skoða að fá aðgang að þessum nýju lyfjum en ekki hafi reynt á það ennþá.

Gunnar segir að oft verði að taka því með fyrirvara þegar fréttir koma um undralyf til að meðhöndla krabbamein. Ástæða sé hins vegar til að líta til þessarar lyfjaþróunar af bjartsýni þó að því miður sé ólíklegt að þau nýtist flestum þeim sjúklingum sem hafa greinst með krabbamein í dag.

> **Erfitt að neita einhverjum um lyf á grundvelli prófs sem tekur ekki af allan vafa um hvort lyfið nýtist honum í meðferðinni.**
>
> *Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala.*

Frumvarp um vernd uppljóstrara leggst ekki vel í Persónuvernd:

Veitir afslátt af þagnarskyldu

ALÞINGI Persónuvernd leggst gegn lagafrumvarpi Róberts Marshall um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara sem lagt var fram á þingi 25. mars síðastliðinn.

Persónuvernd gerir alvarlegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um að gefinn verði einhvers konar afsláttur af þagnarskylduákvæðum laga en í frumvarpinu er kveðið á um að ekki verði refsað fyrir brot á trúnaði og eða þagnarskyldu.

RÓBERT MARSHALL

Persónuvernd telur að skýra þurfi nánar þessi ákvæði í frumvarpinu.

Telur stofnunin að verði frumvarpið samþykkt geti læknar og heilbrigðisstarfsmenn til að mynda sagt frá högum sjúklinga sinna. Það stangist alvarlega á við ákvæði stjórnarskrár Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífsins.

Persónuvernd telur það afar varhugavert að veita slíka óskilgreinda undanþágu frá refsingu fyrir að rjúfa friðhelgi einkalífsins og telur farsælast að frumvarpið verði ekki samþykkt í núverandi mynd. - sa

FJÓLUR
10 STK
999 kr
~~1.790~~

STJÚPUR
10 STK
999 kr
~~1.590~~

HELGAR SPRENGJA

BIRKI
40 STK
3.990 kr

Birkið (Betula pubescens) er af yrkinu Embla frá Tumastöðum.

Hraðvaxta, beinvaxið með einn ríkjandi stofn sem er hvítari en á öðru birki.

RISA SÝPRIS
2.990 kr
~~4.990~~

Kryddjurtir
verð frá
599 kr

Matjurtir
4 stk. í bakka
599 kr

RÆKTAÐU Í MATINN

Blómkál	Hvítkál	Sprotakál
Fennel	Höfuðsalat	Steinselja
Graslaukur	Jöklasalat	Stilkbeðja
Grænkál	Klettasalat	Stilksellerí
Grænkál rautt	Rauðkál	Vorlaukur
Gulrófur	Rauðrófur	
Hnúðkál hvítt	Salatblanda	
Hnúðkál rautt	Spínat	

1.990 kr/stk
HANDBÆKUR BLÓMAVALS

ÚTSÆÐI
5 kg
999 kr
~~1.399~~

blómaval

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Afneitunin var gríðarlega sterk

Pétur Kristján Guðmundsson lamaðist fyrir neðan mitti þegar hann lenti í alvarlegu slysi í Austurríki á nýársnótt 2011. Þrátt fyrir að læknar hefðu sagt nánast engar líkur á að hann myndi standa upp, þá stóð hann upp sex mánuðum eftir slysið. Hann segist hafa verið í afneitun fyrstu árin eftir slysið og að það hafi verið mesta áfallið þegar hann áttaði sig á því að hann yrði svona til æviloka.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

BARÁTTUJAXL Pétur hefur afsannað það sem flestir læknar höfðu sagt við hann, að hann myndi ekki geta staðið upp úr hjólastólnum. Nú fer hann um á spelkum og með hækjur og berst fyrir auknum rannsóknum á úrræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann segir við mig að ég muni aldrei í lífi mínu geta gengið aftur.“ Svona lýsir Pétur Kristján Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður þeirri stundu þegar hann vaknaði á spítala í Austurríki eftir að hafa lent í slysi. Pétur lamaðist fyrir neðan mitti í slysinu sem átti sér stað á nýársnótt 2011 þegar hann hrasaði niður fjallshlíð. Pétur var þá nýlega fluttur til Austurríkis ásamt unnustu sinni.

Tíu metra frjálst fall

„Við vorum þar að vinna og ætluðum að vera yfir veturinn. Við vorum rétt byrjuð að vinna, búin að finna okkur íbúð og það stefndi í gott ár. Ætluðum að vera á snjóbretti og svona. Svo á nýársnótt var hún að vinna og ég var í partíi sem endaði í strætóferð upp á skíðasvæði til þess að horfa á flugeldasýninguna yfir bænum.

Það var miðnætti og rosalega gaman, allir að sprengja kínverja og svona. Síðan fór fólkið niður og ætlaði að fara að djamma. Það voru allir að troða sér í strætóinn og hann var orðinn pakkfullur. Þannig að ég sagði við félaga minn hvort við fengjum okkur ekki bara göngutúr niður fjallið og svo hittum við fólkið í partíinu niðri í bæ. Hann var tregur til og til dagsins í dag hef ég óskað þess að hann hefði rifið mig frá þessari ákvörðun. En ég fékk hann til þess að ganga með mér. Þar á leiðinni, í skógi, stóð ég við svona pínulítið barð, 40 til 50 sentímetra, ekki alveg búinn að líta nógu vel í kringum mig, hoppaði niður barðið og áttaði mig ekki á því að það var aðeins of brött lending. Mér skrikaði fótur og ég byrjaði að rúlla, alveg á fullu niður. Ég man eftir því að hafa hugsað meðan ég rúllaði niður fjallshlíðina: „Þetta er allt í lagi, ég hef oft lent í svona aðstæðum áður þar sem ég hef ekki fullkomna stjórn.“ Ég var búinn að vera svo lengi á snjóbretti. Ég var ekki það hræddur um að eitthvað myndi gerast á þeim tímapunkti. Svo fór ég niður 10 metra í frjálsu falli og lenti á vegi. Þá datt ég út en það næsta sem ég man er að ég veit ekki alveg hvað gerðist og ætlaði að standa upp en þá virkaði ekki helmingurinn af líkamanum.“

„Ég redda mér“

Pétur segist hafa verið með meðvitund allan tímann, nema meðan á fallinu sjálfu stóð. „En svo, af því að þetta var inni í skógi, þá var svo erfitt að finna okkur. Það var ekki hægt að nota þyrlu eða neitt. Félagi minn var í símanum í tvo tíma. Og ég lá þarna í einhverja 2 til 3 tíma.“

Á meðan Pétur lá á veginum, ófær um að hreyfa neðri hluta líkama síns, segist hann ekki hafa gert sér grein fyrir því hversu mikill skaði hefði hlotist af. „Ég sagði við vin minn: „Æ, far þú bara niður að djamma. Ég redda mér.““

Félaginn hringdi á björgunarsveit, en það tók þrjá tíma að finna þá. „Ég ofkældist við að liggja þarna. Þetta var ísilagður vegur, líkamshitinn var kominn niður í 32 gráður þegar þeir loksins fundu mig, svo fékk ég sprautu og síðan man ég ekki meir.“

Sá eini sem stóð upp

Pétri var svo haldið sofandi í þrjá daga. Þegar hann var vakinn stóð læknir yfir honum, alvarlegur á svip og tjáði honum að það væru 99,9 prósent líkur á að hann myndi aldrei ganga á ný.

> **Andlega hliðin var nánast algjörlega í lagi vegna þess að ég var alveg í þvílíkri afneitun í á þriðja ár. Eftir tvö, tvö og hálft ár var það byrjað að síast inn: Fyrirgefðu vinur, en þetta er ævilangt.**

Pétur lýsir þeirri yfirlýsingu læknisins sem óraunverulegri. „Ég gat ekki meðtekið það. Ég skildi það ekki þrátt fyrir að ég vissi alveg hvað hann var að segja. Það tekur bara miklu lengri tíma að átta sig á hvað það raunverulega þýðir. Í fyrsta lagi hafði ég ekki hugmynd um hvað það þýðir þegar fólk lendir í hjólastól. Í öðru lagi var ég nývaknaður og hafði ekki hugmynd um hvað var að gerast. Allt í einu vaknarðu og þú ert í einhverjum allt öðrum heimi – sem þú vonar að sé martröð.“

En Pétur stóð upp. Og er sá eini í sögu Grensásdeildar með alvarlegan mænuskaða sem gerir það. „Ástæðan fyrir því að ég er sá eini er væntanlega sú að þetta er svo gríðarlega mikil vinna og ótrúlega erfitt. Það verður bara að viðurkennast að það er ótrúlega erfitt að standa upp eftir svona slys og að læra að labba í spelkunum sem ég er í, jafnvægið og allt. Það gerir þetta enginn.“

Hjólastóll er ekki lausn

Þegar Pétur kom heim frá Austurríki fór hann beint á Grensás og hóf endurhæfingu. „Þar tekur við teymi þar sem þú ert með alla aðila, sjúkraþjálfara, lækni, iðjuþjálfara, sálfræðing og alls konar fólk sem gerir allt sem þarf að gera. En þau kenna þér bara á hjólastólinn eins og það sé eina framtíðin þín, það er ekkert annað í boði, gjörðu svo vel.“

Pétur tók það ekki í mál að hann yrði bundinn við hjólastól um aldur og ævi. „Ég tók það bara ekki í mál, hjólastóll er ekki lausn. Það er búið að nota þetta sem lausn í 500 ár en þetta er ekki lausn, því að þú setur lappirnar í pásu. Ef þú sætir alltaf uppi í sófa þá yrði líkaminn að engu og það er sama vandamál í hjólastólnum, beinin og allt saman. Eftir mörg ár í hjólastól lendir þú í beinþynningu og alls konar veseni sem gerir líkamann ekki betur til þess fallinn að standa upp aftur síðan þegar það koma meðferðir, einhverjar alvöru lausnir. Það er ástæðan fyrir því að ég stóð upp. Ég þurfti að berjast svolítið fyrir því, vaða á móti straumnum. Virkilega sækjast eftir því. Ég átti yndislega sjúkraþjálfara að og fleiri sem studdu mig mjög mikið og hjálpuðu mér að læra að ganga. En það var mjög margt sem ég þurfti bara að læra sjálfur. Það gat enginn kennt mér það því það var enginn sem kunni það.“

„Fyrirgefðu, vinur, en þetta er ævilangt“

Pétur segist lengi vel hafa lifað í afneitun á ástandi sínu eftir slysið. „Andlega hliðin var nánast algjörlega í lagi vegna þess að ég var alveg í þvílíkri afneitun í á þriðja ár. Eftir tvö, tvö og hálft ár var það byrjað að síast inn: Fyrirgefðu vinur, en þetta er ævilangt.“

Hann segir það hafa verið erfiðara ferli en þegar honum var tjáð í byrjun hvernig komið væri fyrir honum. Hann hafi meira að segja íhugað nokkrum sinnum að svipta sig lífi. „Ég er bara sá karakter að ég læt ekkert segja mér svona. Ég ætla bara aftur á fætur. Í byrjun var ég með þann vilja og styrk sem ég hafði áður í að gera hluti, vera skapandi og svona. Þess vegna byrjaði ég á að búa til bíómynd í fullri lengd þremur mánuðum eftir slysið. Þetta gerir enginn, það er fáránlegt að gera þetta. Ég gerði það bara af því ég var í afneitun.“

Við tóku um tvö ár þar sem Pétur var að læra að ganga og búa til bíómyndina. Eftir sex mánuði var hann kominn á fætur, til frambúðar. „Ég fer alltaf út gangandi en nota hjólastólinn heima.“

Aldrei eins

Pétur rifjar upp tímann þar sem hann gerði sér grein fyrir því að sennilega yrði líf hans aldrei eins og það var. „Það er tæki á Grensás, algjör 2007 gönguróboti. Ég gekk í þessu til að byrja með, í endurhæfingunni, og náði að bæta mig helling. Róbotinn mælir kraftinn sem þú setur í hvert skref og ég margfaldaði árangur minn á stuttum tíma. Síðan bilaði tækið og það var ekki til peningur til að gera við það. Nema ári seinna fór ég aftur í tækið og ég var enn á sama stað, að gefa hverju skrefi jafn mikinn kraft og ári áður, þrátt fyrir að í millitíðinni hefði ég verið búinn að standa upp og ganga út um allt. Þá áttaði ég mig á því að þetta væri eins langt og ég kæmist í batanum. Ég náði miklu, miklu lengra en allir læknar úti og á Íslandi sögðu að væri mögulegt. Ég minnkaði línuna á skaðanum um einhverja tíu sentimetra. Ég var fyrst lamaður fyrir neðan nafla, en nú við rasskinn. Þetta er heldur ekki bara að missa hæfnina til að ganga, þú þarft þvagleggi og alls konar vesen því þetta hefur áhrif á allt kerfið. Mænan er hraðbraut allra upplýsinga í líkamanum. En ég náði að sleppa þvagleggjum og öllu á svipuðum tíma og ég stóð upp.“

Ferðaðist um allan heim

Pétur segist þakklátur fyrir að hafa fengið að lifa fullkomlega heilbrigðu lífi í 25 ár. „Ég var kannski dálítið sérstakur karakter. Ég sökkaði í skóla. Ég gat ekki einu sinni fyrsta árið í menntaskóla, fór bara í menntaskóla því vinirnir fóru í hann. Fyrir mér var það eins og 11. bekkur, mér fannst þetta hundleiðinlegt og var að bíða eftir að þetta yrði öðruvísi, spennandi.

Þannig að þegar ég féll í stærðfræði fór ég í smiðinn og það hentaði betur, að þurfa ekki að skrifa í bækur. Ég vissi frá fyrsta degi að ég væri ekkert að fara að vinna við smíðar alla ævi en notaði prófið og kunnáttuna til þess að vinna. Þetta var fyrir kreppu og ég vann í þrjá mánuði og gat þá ferðast um heiminn í ár.“

Pétur ferðaðist út um allan heim og segir frelsistilfinninguna sem því fylgir magnaða. „Það er allt nýtt og ævintýri alls staðar. Ég held að ég hafi verið háður þessu, þetta er algjör frelsistilfinning. Svo lærir maður svo mikið á þessu, þú ert ekki einangraður einhvers staðar, þú ert að tala við fólk og kynnast nýjum menningarheimum. Læra ný tungumál.“

Biðlar til þjóðarinnar

Í fyrra flutti Pétur til Þýskalands í von um að geta gengist undir tilraunaaðgerð þar sem tölvu er komið fyrir við mænuna. Það var honum mikið áfall þegar hann komst að því að hann uppfyllti ekki skilyrði til þess að gangast undir aðgerðina. Átta manns fara í aðgerðina nú í júní en Pétur flutti heim til Íslands og tekur virkan þátt í átakinu Stattu með taugakerfinu. „Átakið gengur út á það að koma inn nýju þróunarmarkmiði hjá Sameinuðu þjóðunum, þau setja inn ný þróunarmarkmið á 15 ára fresti. Það gerðist síðast árið 2000 sem þýðir að það verður gert í september. Við erum að reyna að koma þessu þróunarmarkmiði inn, að auka skilning á taugakerfinu,“ segir hann.

„Það þarf bara að skrifa nafnið sitt á taugakerfid.is, það er gríðarlega nauðsynlegt. Ég biðla til þjóðarinnar að gera þetta. Ég sé í þessu gríðarlegt tækifæri fyrir Íslendinga. Við náum að fá nægilega marga til að skrifa undir og þá verður þetta sett markmið hjá Sameinuðu þjóðunum. Eftir mörg hundruð ár mun fólk enn muna eftir okkur á Íslandi fyrir að hafa sparkað þessu af stað. Ég veit ekki með landsmenn en ég hefði ekkert á móti því að vera skráður í mannkynssöguna.“

visir.is

Hlusta má á ítarlegra viðtal við Pétur í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið inn á Vísir.is.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur en fjölskylda Þórhalls hefur stundað garðyrkju þar frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tíndar á hverjum degi, pakkað og komið beint til neytenda svo ferskleikinn er tryggður.

- Gúrkusafi Þórhalls og Erlu sem hressir, bætir og kætir! -

// 1 stk gúrka // 1 stk epli // 2 cm engifer // ca 10 blöð og stöngull af myntu //
Lítið mál að bæta við steinselju, sellerí, kóríander, spínati. Því grænni því betri!

Allt sett í safavélina. Auðvelt að setja á flösku og taka með í vinnuna eða bara njóta áður en vinnudagurinn hefst.

Horfur eru á aukinni vaxtapíningu landsmanna:

Umhleypingar að svikalogni loknu

Ekki er laust við að ákveðinn óhugur fylgi lestri á nýjustu spám um þróun stýrivaxta Seðlabankans. Greining Íslandsbanka gerir til dæmis í nýjustu spá sinni ráð fyrir því að stýrivextir bankans hækki um 2,5 prósentustig til loka næsta árs og verði þá komnir úr rúmum fimm prósentum nú í tæp átta prósent. Svo háir voru vextir síðast fyrir fimm árum, en þá á niðurleið. Bæði Íslandsbanki og Arion banki spá hálfs prósentustigs hækkun í fyrsta skrefi á miðvikudaginn næsta, sama dag og verkföll iðnaðarmanna hefjast.

Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka er vísað til þess að þeir kjarasamningar sem þegar hefur verið skrifað undir séu umfram það sem samrýmist verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Þar á bæ hafa verið send ítrekuð skilaboð um að vextir hækki við slíkar aðstæður.

Þannig gæti vaxtahækkun bankans bæði orðið meiri og skarpari en þarna er gert ráð fyrir. Það ræðst væntanlega af niðurstöðu annarra samninga og svo því hvernig til tekst við boðaða afléttingu gjaldeyrishafta. Þá varaði greiningardeild Arion banka nýverið við því að breytingar á húsnæðisbótum og stuðningur vegna kaupa á fyrstu íbúð í nýkynntum lagafrumvörpum um húsnæðismál gætu ýtt undir hækkun húsnæðisverðs og þar með verðbólgu.

Í greiningu Íslandsbanka er svo jafnframt tekið fram að spá bankans um stýrivexti byggi á því að þær tilslakanir sem gerðar verði á gjaldeyrishöftum á spátímabilinu verði framkvæmdar þannig að þær raski ekki stöðugleikanum á gjaldeyrismarkaði og kalli ekki á hækkun stýrivaxta til að tryggja þann stöðugleika. (Strategía sem ekki gafst vel fyrir hrun.)

Í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær vakti Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, athygli á því að rót óstöðugleika á vinnumarkaði mætti finna í kjaraskerðingu frá hruni. „Er ekki tími til kominn að renni upp fyrir hæstvirtum fjármálaráðherra að það er ekki þjóðarsátt um gjaldmiðil sem kallar kjaraskerðingu, vaxtahækkanir og hörmungar yfir íslenska þjóð?“ spurði hann. Norræna módelið á vinnumarkaði dugar nefnilega skammt nema stöðugleiki haldist á öðrum vígstöðvum.

Hér fóru stýrivextir hæst í 18 prósent, voru 15,5 prósent frá apríl til miðs október 2008. Þá lækkuðu vextir í 12 prósent í tæpan hálfan mánuð áður en þeir voru skrúfaðir upp um sex prósentustig og héldust þannig fram á vor 2009. Í skoðanakönnun rétt fyrir hækkunina í 18 prósent, sem Fréttablaðið birti á forsíðu, voru 68,8 prósent því fylgjandi að sækja um aðild að Evrópusambandinu og 72,5 prósent vildu taka upp evru í stað krónu.

Þegar fólk áttar sig á því að sá stöðugleiki sem ríkisstjórnin hefur gumað af er svikalogn í skjóli gjaldeyrishafta og verðbólga og hækkandi vextir taka að bíta á ný gæti reynt á hvort aðildarumsókn Íslands er jafn dauð og forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa viljað vera láta. Afleiðingar óstöðugs smágjaldmiðils sem kallar á hærri vexti sér til stuðnings en annars staðar þekkjast á byggðu bóli rifjast óþægilega hratt upp.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Krónan er ekkert vandamál

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kom inn á gjaldmiðlamál á þingi í gær. „Það stenst einfaldlega ekki skoðun að íslenska krónan sé sjálfstætt vandamál,“ sagði Bjarni og rakti árangur í efnahagsmálum síðustu ára. „Staðreyndin í dag er sú að opinber fjármál setja ekki þrýsting á íslensku krónuna. Staðan í viðskiptalöndum er heldur ekki að setja þrýsting á íslensku krónuna, staðan í sveitarfélögunum ekki heldur. Það eina sem ógnar íslensku efnahagslífi hvað varðar verðbólgu og hærri vexti er staðan á vinnumarkaði.“ Engin vandamál tengd krónunni sem sagt.

Krónan er vandamál

Bjarni hefur ekki alltaf verið fjármála- og efnahagsráðherra í ríkisstjórn sem er andsnúin viðræðum um aðild að Evrópusambandinu. Árið 2008 var hann óbreyttur þingmaður Sjálfstæðisflokksins og skrifaði grein í Fréttablaðið með Illuga Gunnarssyni. „En sé horft til lengri tíma er hætt við að krónan verði okkur fjötur um fót,“ skrifaði Bjarni og sagði vöxt nýrra atvinnugreina og fyrirtækja sem störfuðu að stórum hluta erlendis „takmarkast mjög af stærð myntarinnar og því óöryggi sem af henni hlýst.“

2015

2008

Krónan er býsna mikið vandamál

Og áfram héldu Bjarni og Illugi: „Óstöðugur gjaldmiðill dregur úr trausti á hagkerfinu og þar með möguleikum okkar á að nýta til fulls þau tækifæri sem felast í innri markaði Evrópu, laða til okkar fjárfestingar og hámarka samkeppnishæfni atvinnulífsins.“ Auðvitað geta menn skipt um skoðun á sjö árum og því óþarfi að tiltaka tillögur Bjarna í greininni þá um aðild að ESB og upptöku evrunnar. En það væri þó einnar messu virði að fá útskýringar á því hvað hefur breyst svo mikið varðandi íslensku krónuna að öll vandamál henni tengd séu horfin.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Pórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.

Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Framtíðarsýn

SAMFÉLAG

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
hjúkrunarfræðingur

Eftir harðan og kaldan vetur hefur vorið látið á sér kræla með köldum en björtum sólardögum sem gefa okkur von um hlýtt og gott sumar. Hlýjan og vonin virðist þó víðs fjarri á meðal fólksins sem býr hér á landi, heldur er farið að bera á vonleysi og kulda í samskiptum almennings og stjórnvalda. Kannski hefur þetta alltaf verið svona, ég veit það ekki. En ég hef sjaldan upplifað samlanda mína jafn vonsvikna; hvaða stétt eða stöðu sem þeir tilheyra. Það er erfitt að vera vonsvikinn, því það þýðir að þá hefur viðkomandi verið svikinn um von.

Ég hef velt því mikið fyrir mér hvernig í veröldinni við eigum að geta breytt þessu og snúið frá hugmyndafræði sem byggir á hagsmunagæslu, að safna sér sem mestum auði og að valta yfir fólk til að komast þangað sem hver ætlar sér – sama hvað það kostar. Og ég hef komist að þeirri niðurstöðu að það er sameiginleg framtíðarsýn sem við þörfnumst. Og já, ég veit að það er sannarlega hægara um að tala en í að komast. En við – og þá alls ekki síst leiðtogar þessa lands – megum ekki haga okkur eins og við séum ein í heiminum. Að annað fólk komi okkur ekki við eða sé hreinlega fyrir okkar eigin markmiðum. Því við búum í samfélagi sem er samansett af fólki með alls konar viðhorf, drauma og aðstæður; fólki sem er jafnmikilvægt og ég og þú. Samfélagið okkar mun ekki ná árangri og þegnar þess munu ekki upplifa von fyrr en við setjum niður fyrir okkur hver markmið okkar sem samfélag eru. Rétt eins og leiðtogi fyrirtækis sem missir aldrei sjónar á markmiðum rekstrarins nær árangri – hvort sem markmiðið er að auka hagnað, framleiðni eða styrkja ímynd fyrirtækisins.

Ég vil búa í samfélagi sem hefur skýra framtíðarsýn – skýr markmið:

- Menntun er fyrir alla.
- Öflug heilbrigðisþjónusta er fyrir alla á öllum stigum.
- Velferð allra samfélagsþegna er jafnmikilvæg.

Kæru ráðamenn og samlandar! Við getum svo miklu, miklu betur. Ýtum hagsmunagæslu til hliðar og rýnum í þarfir samfélagsins okkar á heildrænan hátt. Hér er nóg af öllu og við munum forgangsraða rétt ef við fylgjum réttlátri framtíðarsýn sem gefur fólki von um að hér sé rými fyrir okkur öll – sama hverjar þarfir okkar eru.

Síðast en ekki síst þurfum við að eyða fé í að byggja upp fólk en ekki dauða hluti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Af dramblátum bavíönum og valdamönnum

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur

Fred Goodwin var hamstola af bræði. Hvernig gat þetta hafa gerst? Sérstaklega í nýju höfuðstöðvunum. Hann hélt að hann hefði gert allt til þess að stjórn fyrirtækisins þyrfti ekki að líða slíkan hrylling. Hann hafði unnið náið með arkitektunum. Hann hafði sjálfur valið veggfóðrið – það var úr silki. Hvernig hafði eitthvað svo óhugnanlegt brotist inn fyrir fagurfræðilegan varnarmúrinn?

Tölvupóstur var sendur til allra starfsmanna sem tengdust atvikinu. Þetta yrði ekki liðið. Ef þetta gerðist aftur yrðu afleiðingarnar alvarlegar. Starfsfólki yrði refsað. Hann var jú forstjórinn. Það var hlutverk hans að halda uppi aga. Sýna hörku.

Starfsfólk Royal Bank of Scotland var vant því að lifa í stöðugum ótta við skapofsa yfirmanns bankans, Freds Goodwin. Hann vildi ráða öllu. Ekkert var honum óviðkomandi. Hann vildi fá að ráða því hvernig hálsbindi menn gengu með. Hann tjúllaðist ef ekki var flogið sérstaklega með ferska ávexti handa honum frá París á hverjum degi. En sjaldan hafði hann orðið jafnreiður og þegar boðið var upp á ódýrt, bleikt ískex með morgunkaffinu á stjórnarfundi.

Völd eins og kókaín

Ian Robertson er prófessor í hugrænum taugavísindum við Trinity-háskólann í Dyflinni á Írlandi. Árið 2012 skrifaði hann bók um hvaða áhrif völd hafa á heila fólks. Í ljós kemur að völd eru jafnávanabindandi og kókaín.

Rannsóknir hafa sýnt að völd, rétt eins og kókaín, hafa áhrif á magn taugaboðefnisins dópamíns í heila. Áhrif þess að öðlast völd og að taka kókaín eru nánast þau sömu.

Robertson vísar í rannsóknir sem gerðar voru á bavíönum. Því neðar sem bavíani er í valdapíramída samfélags síns því minna dópamín er í heila hans. Sé bavíaninn hins vegar „hækkaður í tign“ eykst dópamínið í heilanum.

Sömu áhrifa gætir hjá fólki komist það til valda. Áhrif dópamíns geta verið jákvæð. Fólk fyllist orku, sjálfstrausti og sælutilfinningu. Of mikið dópamín getur hins vegar haft neikvæð áhrif og leitt til hroka, óþolinmæði og vænisýki.

Robertson leiðir að því líkur í bók sinni að völd breyti persónuleika og hegðun fólks. Tekur hann hegðun Freds Goodwin sem dæmi um framkomu sem aðeins sjáist í fari einhvers sem hefur mikil völd, einhvers sem kominn er yfir strikið svo að áhrif alls dópamínsins eru orðin neikvæð.

En dramb er falli næst. Orðtakinu fékk Fred Goodwin að kynnast af eigin raun stuttu eftir að hann hellti sér yfir starfsfólk Royal Bank of Scotland vegna bleika ískexins. Bankinn fór á hausinn með meiri tilþrifum en sést hefur í breskri viðskiptasögu. Árið 2008 nam tap hans 24 milljörðum punda sem er mesta tap fyrirtækis sem sést hefur í Bretlandi. Breska ríkið þurfti að hlaupa undir bagga og var bankinn ríkisvæddur. Fred Goodwin var látinn fjúka.

Hroki, frekja og fánýti

Mönnum fara völd misvel. Ólíklegt er að öllum fari þau jafnilla og Fred Goodwin. Og þó.

Stundum er eins og á einni helstu valdastofnun Íslands, Alþingi, starfi einmitt hópur velklæddra bavíana sem hnutu um tilviljun, hentust upp valdapíramídann, lentu með nefið á línu af kókaíni, sugu það upp og ráfa nú reikulir um sali löggjafarsamkundunnar með höfuðið fullt af dópamíni og ranghugmyndum um eigið ágæti.

Í vikunni átti sér stað á Alþingi atvik í anda bleika ískexins hjá Royal Bank of Scotland hvað varðar hroka, frekju og fánýti. Hið svo kallaða flugvallafrumvarp sem færir skipulagsvaldið yfir m.a. flugvellinum í Vatnsmýri frá Reykjavíkurborg til Alþingis var afgreitt nánast umræðulaust úr umhverfis- og samgöngunefnd fyrir forgöngu formanns nefndarinnar. Eins og þrír stjórnarandstæðingar bentu á í aðsendri grein hér á síðum Fréttablaðsins í kjölfarið er málið hið furðulegasta. „Ekkert hefur það að gera með þau mál sem brýnust eru í samfélaginu um þessar mundir, svo sem kjaradeilu BHM og heilbrigðisstarfsmanna, húsnæðismálin eða gjaldeyrishöftin.“

> Þessi atlaga Framsóknar að stjórnarskrárvörðum réttindum sveitarfélaga er liður í valdafylleríi sem farið er úr böndunum. Flokkurinn er eins og hópur af unglingum sem komst í vínskápinn þegar pabbi og mamma voru ekki heima og kann ekki með veigarnar að fara.

Þessi atlaga Framsóknar að stjórnarskrárvörðum réttindum sveitarfélaga er liður í valdafylleríi sem farið er úr böndunum. Flokkurinn er eins og hópur af unglingum sem komst í vínskápinn þegar pabbi og mamma voru ekki heima og kann ekki með veigarnar að fara. Framsóknarmönnum nægir ekki að æla yfir heilu sætaraðirnar í flugvélum heldur verða landsmenn allir nú fyrir spýju geðþóttaákvarðana þeirra og frekju, valdhroka sem stiginn er þeim til höfuðs í bókstaflegri merkingu í formi dópamíns.

En hvort sem ofríkið snýr að bleiku ískexi eða flugvellinum í Vatnsmýrinni vitum við öll hvað er handan hornsins. Því eins og Fred Goodwin fékk að kynnast: Dramb er falli næst.

AF NETINU

Hornreka flugvöllur

Málefni Reykjavíkurflugvallar standa illa þrátt fyrir að stór meirihluti þjóðarinnar vilji hafa Reykjavíkurflugvöll á sínum stað og mikilvægir þjóðarhagsmunir séu í húfi í tengslum við samgöngur og sjúkraflug. Flugvöllurinn er hornreka þar sem meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur vill hann burtu. Ekki þarf annað en að aka Hringbrautina til að sjá hvað þar stendur til. Þungavinnuvélar eru þegar farnar að raska gríðarlega nágrenni flugvallarins. Oft er talað um að ekki megi koma illa fram við minnihlutann. Nauðsynlegt sé að hlusta vel á önnur sjónmið og taka tillit til þeirra til að komast að sem bestri niðurstöðu og sem sátt ríkir um. En í þessu máli er verið að koma illa fram við meirihluta landsmanna að mínum dómi.

Frumvarp til laga á Alþingi um Reykjavíkurflugvöll sem nú er til umfjöllunar felur í sér skynsama leið til þess að um mikilvæga samgönguinnviði, þ.e. millilandaflugvelli hér á landi, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll gildi sérstakar reglur. Um Keflavíkurflugvöll gilda nú þegar slíkar sérreglur. Þetta frumvarp sækir fyrirmynd sína til Svíþjóðar en þar nær þetta fyrirkomulag ekki einungis til flugvalla heldur einnig hafna, járnbrauta og vega sem teljast þjóðfélagslega mikilvægir og um þá gilda sérstök sjónarmið og sérstök lög um skipulagsvald í þjóðarþágu.

http://www.eyjan.is

Elín Hirst, alþingismaður

AF NETINU

Hefur Akureyrarbær heyrt um Evrópska efnahagssvæðið?

Seinustu sumur hafa Strætisvagnar Akureyrar (SVA) skorið hressilega niður þjónustu sína yfir sumartímann oftast með þeirri afsökun að ekki hafi fengist fólk til sumarafleysinga. Allt meiraprófsliðið sé að keyra túrista og enginn vill keyra strætó. Í ár á þannig að hætta akstri í heilan mánuð.

Ef maður leitar að „Sumarafleysingar SVA“ finnur maður engar síður þar sem verið er að auglýsa eftir sumarafleysingum hjá SVA en nóg af fréttum þar sem skortur á umsóknum um slíkar afleysingar er notaður til að réttlæta skerta þjónustu. Hafi menn virkilega leitað að fólki til að keyra strætó á Akureyri yfir sumartímann þá hefur það í það minnsta farið fram hjá helstu leitarvélum þessa heims.

http://www.deiglan.is

Pawel Bartoszek



Ég er ekki Florence Nightingale

KJARAMÁL

Sólveig Hauksdóttir
hjúkrunarfræðingur á bráðadeild Landspítalans í Fossvogi

➜ Hljóðið í hjúkrunarfræðingum er þungt og margir eru farnir að líta til Norðurlandanna þar sem íslenskir hjúkrunarfræðingar eiga greiðan aðgang að störfum og betri kjörum en bjóðast hér á landi.

Florence Nightingale er oft nefnd móðir nútíma hjúkrunarfræði. Hún er þekktust fyrir óeigingjarnt starf á hersjúkrahúsum í Krímstríðinu um miðja 19. öld. Hún var af efnafólki komin en lærði hjúkrunarfræði gegn vilja foreldra sinna og gjörbylti faginu með einföldum aðferðum eins og auknu hreinlæti. Nightingale setti fordæmi sem varð til þess að fleiri stúlkur úr efnuðum fjölskyldum sóttu í hjúkrunarfræði. Þessar konur unnu störf sín af köllun. Félagslegur bakgrunnur þeirra gerði þeim oft kleift að vinna launalaust eða því sem næst. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og hjúkrunarfræðin hefur skapað sér sess sem sjálfstæð fræðigrein. Innan hennar er unnið öflugt rannsóknarstarf og hjúkrunarfræðingar nútímans gegna hlutverki sem engin önnur starfsstétt hefur þekkingu til að sinna á sama hátt. Konur eru enn í miklum meirihluta í stéttinni og laun hjúkrunarfræðinga eru töluvert lægri en hefðbundinna karlastétta með svipaða menntun og ábyrgð.

Verkfall hjúkrunarfræðinga stendur yfir og ekkert bendir til þess að ríkið ætli að koma til móts við kröfur hjúkrunarfræðinga um leiðréttingu á kynbundnum launamun. Hljóðið í hjúkrunarfræðingum er þungt og margir eru farnir að líta til Norðurlandanna þar sem íslenskir hjúkrunarfræðingar eiga greiðan aðgang að störfum og betri kjörum en bjóðast hér á landi.

Ástandið kom mér í opna skjöldu

Ég lærði hjúkrunarfræði í Danmörku og bjó þar í tæp sex ár ásamt manninum mínum og tveimur börnum. Okkur leið afskaplega vel í Danmörku en eftir þetta langan tíma í útlegð var komin heimþrá í okkur. Það er meira en að segja það að búa erlendis með fjölskyldu. Við söknuðum ættingja og vina og okkur langaði til að fara að festa rætur.

Ég hóf störf á Landspítalanum í upphafi árs 2013, mitt í hópuppsögnum hjúkrunarfræðinga. Það var mjög sérkennilegt að byrja að vinna á spítalanum við þessar aðstæður. Ég varð vör við talsverða óánægju meðal hjúkrunarfræðinga sem voru orðnir langþreyttir á miklu álagi, niðurskurði og slæmum launum. Ástandið á spítalanum kom mér algjörlega í opna skjöldu. Tækjabúnaðurinn var úr sér genginn, sjúkrarúmin gömul og léleg, hjúkrunarvörur af lakari gæðum en ég átti að venjast (blessunarlega heyra bitlausu æðaleggirnir þó sögunni til) og svo mætti lengi telja. Þess má geta að spítalinn í Árósum í Danmörku, þar sem ég tók allt mitt verknám, var líka í gömlu og lélegu húsnæði og þar var líka niðurskurður og sparnaður en engu að síður var eins og ég stykki tugi ára aftur í tímann þegar ég kom á Landspítalann. Launaseðillinn var heldur ekkert til að hrópa húrra fyrir; byrjunarlaunin voru næstum helmingi lægri en í Danmörku.

Fljótlega fóru því að renna á mig tvær grímur. Það var ekki það að vinnuálagið væri svo mikið meira. Mér fannst vandinn frekar liggja í því að samstarfsfólk mitt upplifði að það væri ekki metið að verðleikum. Hjúkrunarfræðingar fengu stofnanasamning með einhverri málamyndalaunahækkun og flestir drógu uppsagnir sínar til baka. En þreytan, reiðin og vonleysið var enn til staðar.

Það tekur á að vera alltaf reið og óánægð. Ég eyddi mikilli orku í það fyrstu mánuðina á Íslandi. Á endanum ákvað ég að ég hefði bara tvo valkosti; að pakka saman og fara aftur út – eða sætta mig við ástandið og gera það besta úr því. Ég valdi seinni kostinn og einbeitti mér að öllu því góða sem Ísland og Landspítalinn hafa upp á að bjóða. – Því auðvitað er mjög margt gott við að búa á Íslandi. Börnin mín eru ánægð og þau græða á að kynnast fjölskyldunni og landinu sínu. Landspítalinn ók líka fljótt í áliti hjá mér. Ég kom auga á dýrmætustu auðlind spítalans, mannauðinn. Það sem fyrst og fremst einkennir starfsfólk spítalans er mikil fagmennska, samheldni og dugnaður. Ég elska vinnuna mína, jafnvel þegar á móti blæs. Mér finnst erfitt að vera heima í verkfalli þegar ég veit hvað ég gæti verið að gera í vinnunni. En það er ekki þar með sagt að ég vilji stunda hjúkrun í sjálfboðavinnu. Ég er ekki Florence Nightingale. Ég vil vera metin að verðleikum og fá mannsæmandi laun fyrir vinnuna mína. Ég vil vinna í heilbrigðiskerfi með framtíðarsýn. Íslendingar gátu lengi státað af því að eiga heilbrigðiskerfi í hópi þeirra bestu í heiminum – en ekki lengur. Ef vilji stjórnvalda stendur til að auka gæði kerfisins á ný þurfa þau að átta sig á að meginforsendan fyrir því er að borga fólkinu sem heldur kerfinu gangandi samkeppnishæf laun. Annars verða bráðum fáir eftir á Landspítalanum aðrir en farómaurarnir.

TAKK

HERTEX
Fata og Nytjamarkaður

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.

Enga skerðingu á lífeyri aldraðra

KJÖR ALDRAÐRA

Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík

➜ Þetta er þeirra eign. Það er því líkast því, sem verið sé að taka hluta af eign eldri borgara eignarnámi.

Gífurleg óánægja ríkir meðal launþega og sjóðfélaga lífeyrissjóða vegna skerðingar almannatrygginga á lífeyri þeirra eldri borgara, sem eru í lífeyrissjóðum. Þessi óánægja er svo mikil, að hún nálgast uppreisn gegn sjóðunum. Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var gert ráð fyrir því, að þeir yrðu viðbót við almannatryggingar. Það var ekki reiknað með því, að lífeyrir aldraðra hjá almannatryggingum mundi skerðast vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. En það hefur farið á annan veg. Það verður að stöðva þessa skerðingu strax áður en í algert óefni er komið.

Eins og eignaupptaka

Hve mikil er skerðingin? Sá sem hefur 100-200 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði heldur ekki nema um það bil helmingi af þeirri upphæð eða ígildi hennar vegna skerðingar hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er mjög ranglátt, þar eð þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóð um langa starfsævi líta á lífeyrinn sem sína eign og það er eðlilegt. Þetta er þeirra eign. Það er því líkast því, sem verið sé að taka hluta af eign eldri borgara eignarnámi. Sá, sem aldrei hefur greitt í lífeyrissjóð, fær tiltölulega lítið minna greitt úr kerfinu en sá sem alltaf hefur greitt í sjóðinn. Félag eldri borgara í Reykjavík hefur ályktað, að þetta verði að leiðrétta. Það verði að afnema skerðingu tryggingabóta vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Ef ekki er unnt að gera það í einu lagi verður að gera það í áföngum.

3.000 milljarðar í lífeyrissjóðum

Sjóðsmyndun í lífeyrissjóðunum er mikil í dag. Það eru nú hátt í 3.000 milljarðar í sjóðunum. En á sama tíma og sjóðfélagar eiga svo mikla fjármuni í lífeyrissjóðunum verða margir þeirra að láta sig hafa það að fá sáralítið út úr kerfinu (frá lífeyrissjóðum og TR), þegar þeir fara á eftirlaun. Það er ranglátt og verður að leiðrétta það.

Nýjar viðræður nauðsynlegar

En hvernig á að tryggja framgang þessa umbótamáls eldri borgara og annarra brýnna kjaramála aldraðra? Fyrir alþingiskosningarnar 2013 fóru fulltrúar kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík í Alþingishúsið og ræddu við formenn allra þingflokkanna. Einnig ræddu þeir við formenn annarra stjórnmálaflokka. Það varð dágóður árangur af þessum viðræðum: Hreyfingin flutti frumvarp um að afturkalla kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja frá 2009. Og Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, flutti frumvarp um að afturkalla hluta kjaraskerðingarinnar. Einnig varð sá árangur af viðræðunum, að ýmis stefnumál og tillögur um kjarabætur lífeyrisþega rötuðu inn í kosningastefnuskrár núverandi stjórnarflokka. Það þarf greinilega að tala á ný við ráðamenn allra stjórnmálaflokkanna til þess að knýja fram kjarabætur aldraðra og öryrkja og tryggja að staðið verði við öll kosningaloforðin, sem lífeyrisþegum voru gefin.

Siðmennt og samkynhneigð

SAMFÉLAG

Jóhann Björnsson
formaður Siðmenntar

➜ Á Íslandi er afstaðan ekki þroskaðri en svo að sumir verða arfavitlausir við það eitt að grunnskólanemar fái markvissa fræðslu um margbreytileika mannlífsins.

Er ekki örugglega árið 2015 núna? Annað mætti ætla þegar litið er yfir sviðið hvað varðar málefni samkynhneigðra og hinsegin fólks. Breski sjónvarpsmaðurinn Stephen Fry, sem er félagi í British Humanist Association, systursamtökum Siðmenntar, gerði athyglisverða sjónvarpsþætti sem sýndir voru sl. vetur. Í þáttunum sýndi hann frá ferðum sínum og samskiptum við fólk víða um heim sem hatast út í samkynhneigða og hinsegin fólk. Reyndi hann að fá fólk til að rökstyðja afstöðu sína en sá rökstuðningur var enginn.

Írar gengu að kjörborðinu nýverið og kusu um hvort tveir sjálfráða einstaklingar mættu ganga í hjónaband, eins og það komi öðrum eitthvað við hverjir ganga í hjónaband. Frá Kalifornía bárust þær fregnir fyrir skömmu að lögfræðingurinn Matt McLaughlin teldi samkynhneigða réttdræpa og reynir hann að fá atkvæðagreiðslu um málið í fylkinu. Á Íslandi er afstaðan ekki þroskaðri en svo að sumir verða arfavitlausir við það eitt að grunnskólanemar fái markvissa fræðslu um margbreytileika mannlífsins. Stærsti trúarsöfnuður landsins er enn að vandræðast með málið.

Mikið er hægt að flækja lífið. Siðmennt hefur alla tíð, í þau 25 ár sem félagið hefur starfað, staðið með réttindabaráttu samkynhneigðra og hinsegin fólks. Til marks um þann stuðning hlutu Samtökin 78 húmanistaviðurkenningu Siðmenntar árið 2005. Þekktir baráttumenn fyrir réttindum samkynhneigðra, þeir Hörður Torfason og Páll Óskar Hjálmtýsson, hafa einnig hlotið þá viðurkenningu.

Undanfarin ár hafa athafnarstjórar Siðmenntar gefið fjölda einstaklinga saman í hjónaband. Skiptir engu máli hvort einstaklingar sem gifta sig hjá Siðmennt eru samkynhneigðir, gagnkynhneigðir eða tvíkynhneigðir. Kynhneigðin kemur okkur ekkert við, það er ástin sem ræður og hamingja einstaklinganna sem leita til Siðmenntar. Athafnarstjórar Siðmenntar hafa ekki frelsi til fordóma þegar kemur að því að gefa fólk saman í hjónaband.

Siðmennt mun halda áfram að standa vaktina þegar kemur að mannréttindum og mannvirðingu. Verið endilega með okkur á þeirri vakt.

Tollar á fæði og klæði

NEYTENDUR

Emil B. Karlsson
forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

➜ Ef sömu viðbrögð verða við niðurfellingu á tollum á fötum og skóm og urðu 2002 þegar felldir voru niður tollar á innflutt gróðurhúsagrænmeti má gera ráð fyrir afar hagstæðum áhrifum.

Því hefur verið haldið fram að ferðavenjur Íslendinga muni breytast með afnámi tolla á föt og skó. Hvers vegna? Jú, í stað þess að verja tíma sínum við að leita uppi þekktar tískuverslanakeðjur í útlöndum gætu íslenskir ferðalangar notið menningar og lista í öðrum löndum og klárað fatainnkaupin hér heima í staðinn.

Fyrri reynsla af afnámi tolla af nauðsynjum gefur fyrirheit um að sú ráðstöfun gæti orðið bæði neytendum og atvinnulífi til góðs.

Ef sömu viðbrögð verða við niðurfellingu á tollum á fötum og skóm og urðu 2002 þegar felldir voru niður tollar á innflutt gróðurhúsagrænmeti má gera ráð fyrir afar hagstæðum áhrifum. Niðurfelling grænmetistollanna leiddi til þess að verð á grænmeti lækkaði umtalsvert (allt að 45%), sala á bæði innlendu og innfluttu grænmeti jókst og neysluaukning náði ekki bara til þess grænmetis sem tollar voru lækkaðir á, heldur einnig til annars grænmetis og jafnvel ávaxta. Neysluáhrif tollaafnámsins urðu því augljós.

Á sama hátt og afnám tolla á grænmeti reyndist neysluhvetjandi má gera ráð fyrir hinu sama hvað varðar fatakaup.

Kjarabót

Samkvæmt könnun Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna má ætla að meðalfjölskyldan verji um 270 þús. kr. til fata- og skókaupa á ári hér innanlands. Óljóst er hversu miklu fjölskyldurnar verja til kaupa á fötum í útlöndum en nefnt hefur verið að það geti numið allt að 40% af heildarfatakaupum. Með afnámi tolla á föt og skó má ætla að verð lækki um u.þ.b. 9%, þannig að ljóst er að þessi aðgerð hefði í för með sér töluverða kjarabót fyrir fjölskyldur. Sérstaklega ungar og barnmargar fjölskyldur sem er sá hópur sem ver hlutfallslega mestu til fata- og skókaupa og er að kljást við annan þungan framfærslukostnað. Barnafjölskyldur verja næstum 6% neysluútgjalda sinna til fata- og skókaupa.

Þó tekjur ríkisins dragist saman vegna afnáms tolla kemur á móti að verslun gæti færst í auknum mæli inn í landið með auknum neysluskóttum, eflingu starfa og aukinni skattheimtu sem af því hlýst.

Allt bendir til þess að fatakaup Íslendinga erlendis standi innlendri fataverslun að einhverju leyti fyrir þrifum. Nú er að sjá til hvort lækkun á verði hér heima breyti þessum innkaupavenjum eða hvort eitthvað það er innbyggt í þjóðarsálina sem gerir að landanum þykir skemmtilegra að kaupa föt í útlöndum en hér heima. Því fötin skapa manninn, ekki satt?

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

SVEFNSÓFAR

Calia svefnsófi

Nettur en samt sterkbyggður svefnsófi frá Calia á Ítalíu.
Góðar dýnur í breiddunum 120-140-160cm.
Fjölmargir litir í tauáklæðum, ásamt leðurútfærslum.

Demetra svefnsófi

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu. Öflugt og sterkt svefnstell. Fjölmargir litir og ýmsar stærðir í boði.
Svefnsófinn hefur virkilega slegið í gegn hér á landi.

ERMES hægindasófi

Alklæddur leðri eða í slitsterku tauáklæði. sófinn er fáanlegur í fjöldamörgum útfærslum svo sem tveggja, þriggja eða fjögura sæta. Öll sæti fáanleg með rafstýrðum skemlum.

Diva tungusófi

Nettur og þægilegur tungusófi. Hann er einnig fáanlegur sem hvíldarstóll, 2ja eða 3ja sæta og öll sæti stillanleg.

Isabella hægindasófi

sófinn er í senn glæsilegur og þægilegur. Hann er með hand eða rafstýrðum hvíldarstólum í öllum sætum. Margar stærðir í boði.

TRINUS hornsófi

Vandaður horn/tungusófi alklæddur leðri eða tauáklæði.
Fáanlegur í mörgum stærðum, litum og útfærslum.

Walton hvíldarsófi

Hvíldarstóll í enda, fáanlegur í leðri og áklæði.
Hægri eða vinstri tunga. Margir litir í boði.

Ezzy og Mobius hvíldarstólar

Góðir hvíldarstólar með háu baki og stillanlegum hnakkapúða fyrir auka stuðning. Margir litir í boði.

SÓFAR

Dunlopillo · CARPE DIEM BEDS OF SWEDEN · Lama · HENSON DESIGN

Dunlopillo Stillanlegt

Stillanlega rúmið frá Dunlopillo er þægilegt og sterkbyggt rafmagnsrúm. Dýnurnar skiptast í sjö svæði úr 18cm heilsteyptum Latex kjarna eftir forskrift Dunlopillo.

Lama contenental

Rúmin frá Lama í Danmörku eru í senn falleg og vönduð vara. Margir möguleikar eru í dýnuvali. Margir litir og stærðir í boði. Rúmin eru fáanleg með rafstillingu.

Henson design Brixton

Frábær gæði frá Belgíu. Fáanlegt með og án Rafstillingar. Hægt er að fá Henson Design rúmin í mörgum stærðum, efnis og litaútfærslum, á fótum eða með sökkli.

RÚM

Hönnun: Andreas Seegatz · **Hönnun:** Bugatti · **Hönnun:** Andreas Seegatz · **Hönnun:** Virgilio Bugatti · **Hönnun:** Andreas Seegatz · **Hönnun:** Innocent Rifino og Lorenzo ruggieri · **Hönnun:** Andreas Seegatz

BUGATTI hönnunarvörur

Fallegar og vantaðar hönnunarvörur frá Italíu.

BUGATTI® ITALY

Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

Um óveðursskaða og leka í Hörpu o.fl.

BYGGINGAR

Örnólfur Hall
arkitekt

➜ Það var mikil mildi að brakið frá bílafordyrinu, sem fauk út á austurgarðinn, lenti ekki á túristum í nánd. Það brakaði og ískraði í hjúp, sagði starfsfólk og gestir.

Þeir sem fara um Hörputorg (malbikstorgið) geta séð það að í óveðrinu 30.11. sl. skemmdist og rifnaði upp nýr þakkantur á alllöngum kafla að vestanverðu. Nú er opið þar inn að pappaþaki Eldborgar. Þetta er annar þakkantur en sá sem var byggður í upphafi og var fjarlægður. Nú þarf að byggja upp þann þriðja. Allt er þá þrennt er!

Undir þessu þaksvæði er vinsælt hjá fjölmiðlafólki að spjalla við m.a. Íslandsvini með „stuðla"-vegg í baksýn. Vandræði voru líka áður með sams konar þakkant á austurhlið hússins og mátti sjá hann opinn á kafla, í nokkra mánuði, í bið eftir réttri viðgerð. Það á að hafa tónað í kanti undir tónum Töfraflautunnar að sögn gesta.

Þann 16.12.14 komu svo fréttir um lekaflóð (úr loftræsirörum) undir glerplötuþakinu ofurdýra (130 millj.). Margir gestir muna líka þegar þeir lentu í óvæntu steypibaði úr lofti Eldborgarsalar á Abba-tribute tónleikum fyrir fáum árum.

Óveðrin

Harpa virðist ekki þola veðurofsa eins og sjá mátti líka í óveðri í nóvember 2012: Rúður létu á sjá og klæðning rifnaði undan norðurhlið og fordyri aðfanga- og tæknibíla fuku upp. Það var mikil mildi að brakið frá bílafordyrinu, sem fauk út á austurgarðinn, lenti ekki á túristum í nánd. Það brakaði og ískraði í hjúp, sagði starfsfólk og gestir. Þá voru nánast helgispjöll að flytja annað en mærðarfréttir af Hörpu og ekki mátti vekja athygli á þessu í fjölmiðlum með myndum.

Úttektir og ábyrgðir

Enn hefur undirritaður og kollegi hans ekki fengið að sjá áður umbeðin úttektar- og ábyrgðargögn um Hörpu. En á fundi okkar með fv. stjórnarformanni Hörpu var okkur sagt að þau væru hjá embætti byggingarfulltrúa. Nýlega var aftur komið að tómum kofa hjá embættinu um þetta, í svonefndum „Erindreka" (upplýsingaveitu bftr.). Líka finnast ekki enn opinberar upplýsingar um þann hluta kostnaðar (milljónahlut) í fyrri gallavegg Hörpu sem í svari fv. ráðherra menntamála í janúar 2011, (fyrirspurn M.Á. 16.02.11) kom fram að lenti á verkkaupa (ríki og borg). Þ.e.a.s. okkar kostnaðarhluti í klúðri verktaka.

Í mars 2014 voru komnar 100,2 milljónir í viðhald á Hörpu (Heimild: Fjárlög 2011-(02-969/6.23) og RÚV-15/5/14. Er þetta Íslandsmet í opinberri byggingu á svo stuttum tíma.

Landspítali í ólgusjó

KJARAMÁL

Reynir Arngrímsson
formaður læknaráðs Landspítalans

➜ Mikilvægt er að gera sér ljóst hvað er í húfi. Til skamms tíma er heilsu þeirra sem þurfa á lögbundinni læknisþjónustu að halda ógnað. Til lengri tíma getur það haft áhrif á starfsval ungs fólks og það þjónustustig sem hægt er að veita.

Landspítalinn er fjöregg íslenskrar heilbrigðisþjónustu. Um 80% af þjónustu sem starfsfólk spítalans veitir er ekki annars staðar að hafa. Í dag er þar aðeins bráðahjálp að fá. Neyðarmönnun samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins nær ekki til þeirrar gríðarmikilvægu sjúkdómsgreiningarvinnu sem venjulega fer þar fram á hverjum degi undir venjulegum kringumstæðum. Greiningartöf sjúkdóma er alltaf áhyggjuefni. Í sjúkdómum eins og t.d. krabbameini getur það haft áhrif á langtímahorfur. Nú hrannast upp óafgreiddar rannsóknir og greiningarvinna sem þessi er nánast lömuð. Það er mikið áhyggjuefni og ekki má lengur bíða með að leysa þann hnút sem kjaradeilur á spítalanum eru í. Nú verða allir að leggjast á eitt. Við hvetjum deiluaðila til að sýna ýtrustu sáttfýsi og samningsvilja.

Það er eðlilegt að starfsfólk Landspítalans og annarra heilbrigðistofnana vilji hafa áhrif á kjör sín eins og aðrir launþegar. Að láta eins og samningsstaða þeirra sé engin, virða ekki viðlits og ýta kröfum þeirra út af borðinu án alvöru viðræðna og draga á langinn er alvarlegt mál. Með öllu óskiljanleg framkoma og hefur sett spítalann í uppnám og gert hann nánast óstarfhæfan á mörgum sviðum. Mikilvægt er að gera sér ljóst hvað er í húfi. Til skamms tíma er heilsu þeirra sem þurfa á lögbundinni læknisþjónustu að halda ógnað. Til lengri tíma getur það haft áhrif á starfsval ungs fólks og það þjónustustig sem hægt er að veita. Reynslan sýnir að viðbótar greiningartöf og frestun svokallaðra valaðgerða og rannsókna um 10-12 vikur eins og stefnir í er grafalvarleg. Það er ekki spurning lengur um hvort slík frestun muni hafa neikvæð áhrif.

Hvers vegna ætti samninganefnd ríkisins að koma til móts við kröfur heilbrigðisstarfsfólks? Það þarf ekki að leita lengra en á ársfund Landspítalans í vor og hlusta þar á erindi starfsmannastjóra spítalans sem lýsti stöðu mönnunarmála og endurnýjun í starfsstéttum spítalans. Fram kom m.a. að mannauðsdeildin hefur tekið starfshópa eins og lífeindafræðinga í gjörgæslu. Ekki þarf að rýna lengi í tölurnar til að skilja áhyggjurnar. Stór hluti núverandi lífeindafræðinga er á leið á eftirlaun innan skamms og aðeins fimm að útskrifast í ár.

Mannauðsdeildin kynnti á ársfundinum áætlun til að bregðast við vandanum og laða að ungt fólk til að læra fagið. Það er fagnaðarefni, en gera má því skóna að samninganefnd ríkisins hafi með framkomu sinni og vinnubrögðum að undanförnu gert þetta átak að engu. Launakjör skipta nefnilega máli. Launajafnrétti líka. Kröfur um að leiðrétta kynjabundinn launamismun árið 2015 ætti ekki að vera deiluefni, heldur úrlausnarefni. Ef ekki, verður ríkisstjórnin að útskýra jafnréttisstefnu sína fyrir kjósendum.

Mikilvæg störf

Af hverju að gera mál úr þessu? Skipta lífeindafræðingar máli fyrir þjónustu spítalans? Er vert að reyna að halda í þá? Já, störf þeirra eru m.a. á rannsóknarstofum spítalans. Þjónusta spítalans verður ekki rekin án aðkomu þessa starfshóps. Rannsókna sem þeir annast á hverjum degi og umsýslu viðkvæmra rannsóknartækja. Hvort sem er á blóðrannsókn, rannsóknarstofu í meinafræði, ónæmisrannsóknum, fósturgreiningum eða hjartaómunum svo eitthvað sé nefnt.

Skjólstæðingar spítalans og við sem störfum þar finnum vel fyrir því í dag hve störf þeirra eru mikilvæg þegar verkföll þeirra hálfan daginn, frá kl. átta til tólf, hafa staðið um skeið. En það vissum við líka fyrir. Á rannsóknarstofunum slær hjarta spítalans, sem dælir upplýsingum sem ákvarðanir um meðferð og aðgerðir byggjast á. Ef ekki tekst að styðja við áætlun mannauðsdeildar spítalans um að laða að ungt fólk í háskólanám í þau fjögur ár sem tekur að mennta sig til lífeindafræðings verður þjónusta spítalans ekki svipur hjá sjón og vandi dagsins í dag viðvarandi.

Læknaráð Landspítalans hvetur ríkisstjórnina til að grípa til aðgerða með það að leiðarljósi að binda enda á vinnudeilurnar, koma þjónustu við sjúklinga í eðlilegt horf án tafar og tryggja mikilvæga endurnýjun í hópi lífeindafræðinga og annarra heilbrigðisstétta. Að leggjast á árar með mannauðsdeildinni. Horfa til framtíðar og marka stefnu nú þegar, sem gerir umönnunarstörf að eftirsóknarverðum og samkeppnishæfum starfsvettvangi sem ungt fólk vill mennta sig til að gegna.

Viljum við ekki skýrleika?

STJÓRNMÁL

Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

➜ Auðvitað á að hvetja til stefnumótunar og lausnartillagna sem rúmast innan þessara merkingarlausu hugtaka (sem svo kallast): Vinstri, hægri og miðja.

Talið um að vinstri og hægri séu úrelt og merkingarlaus hugtök er sjálft nánast merkingarlaust – eða öllu heldur svo ofhlaðið ólíkum skilningi á svona almennum hugtökum að umræðan verður næsta gagnslaus. Talið er jafn tómlegt og hugtökin bændaflokkur, gamalmennapólitík eða fjórflokkur.

Deilur um hvort Björt framtíð sé eins og eldri flokkarnir eru til lítils, eða hvort Píratar teljist vinstri, hægri, miðja eða bara „eitthvað". Gagnslaust er að karpa um hvaða tjón „gamlingjar" (hvar liggja aldursmörkin?) hafi unnið samfélaginu eða pólitíkinni.

Opnari stjórnsýsla

Þegar hriktir í samfélaginu vegna óánægju almennings með lífsskilyrði, vegna efnahagshruns eða umhverfisvanda, er þörf á viðtækum hugsjónum/stefnu og skýrum hugmyndum um leiðir og lausnir í helstu málefnum dagsins – meira að segja í málefnum dreifðra byggða sem víðast í landinu. Skýrleiki stefnu og drög að lausnum eru ekki sjálfkrafa sammerk innantómum loforðum eða úreltum vinnubrögðum í pólitík.

Nei, munum þetta: Einstaklingar og samtök eiga að setja fram víðtæka stefnu, hugmyndir og lausnir. Þá (og vegna þess) ná að spretta fram gagnlegar umræður og grasrótarstarf sem kristallast í nýjum og farsælli stjórnmálum en við höfum mátt þola sl. 20-30 ár. Aðeins þannig verður opnari stjórnsýsla, betri umræða á þingi, aukið lýðræði og þátttaka almennings fær um að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Án tillagna og umræðu um stefnu og lausnir eru orð um opnara samfélag eða þátttöku mína og þína í ákvörðun og stefnumótun orðin tóm.

Svikin kosningaloforð eða vond stjórnmál eru ekki innmúruð í nýja eða gamla flokka af því að þessi eða hinn stefnuþáttur getur flokkast til hægri eða vinstri í augum fjöldans. Ekki heldur af því að flokkur hefur uppi hugsjón, t.d. í málefnum bænda, verkalýðs, sjómanna, aldraðra, auðmanna o.s.frv. Ekki heldur vegna þess að 55% félagsmanna eru eldri en 50 ára. Vel haldin kosningaloforð og góð stjórnmál ráðast af alvöru aðhaldi, mikilli þátttöku fólks og heiðarlegri og virkri umræðu innan og utan flokka, félaga og stofnana – nokkuð sem hefur aldrei verið auðveldara en nú með tækni sem er opin öllum, en skortir sárlega.

Auðvitað á að hvetja til stefnumótunar og lausnartillagna sem rúmast innan þessara merkingarlausu hugtaka (sem svo kallast): Vinstri, hægri og miðja. Einmitt með þátttöku bænda og „gamlingja", Pírata og Birtunga, sósíalista og talsmanna frjálshyggju. Landið þarfnast ekki aðeins nýrrar forystu heldur líka alvöru fjöldahreyfinga með stefnu og starfshætti sem færa okkur fram á við.

Fleiri knatthús í Reykjavík

ÍÞRÓTTIR

Trausti Harðarson
fulltrúi í Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur fyrir Framsókn og flugvallarvini

➜ Knattspyrnufélög sem hafa aðgang að knatthúsi ná betri árangri í sínu barna-, krakka- og unglingastarfi, meistaraflokksstarf þeirra færist á enn hærra stig og gerir íþróttina sem er vinsælasta íþrótt landsins og borgarinnar fullkomlega að heilsársíþrótt.

Í Kópavogi, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri, Grindavík, Reykjanesbæ, Reyðarfirði og meira segja á Höfn í Hornafirði er búið að byggja glæsileg knatthús, þ.e. yfirbyggða knattspyrnuvelli. Þar geta börn, krakkar og unglingar á öllum aldri æft knattspyrnu yfir vetrartímann innanhúss í knatthúsum. Algjör bylting í aðstöðu. Í sumum bæjarfélögunum eru meira að segja komin tvö knatthús. Í Reykjavík, 120 þúsund manna borg þar sem um 30 þúsund börn, krakkar og unglingar búa, er eitt knatthús, þ.e. Egilshöll. Strákar og stelpur frá fyrsta ári í grunnskóla og upp úr sem búa í Reykjavík og hafa áhuga á og vilja til að æfa knattspyrnu verða yfir vetrarmánuðina að æfa knattspyrnu úti í öllum veðrum, þó oftast í rigningu eða snjókomu. Knattspyrna er orðin heilsársíþrótt fyrir suma, sum bæjarfélög og sum íþróttafélög og hefur árangur þeirra barna-, krakka- og unglingaliða verið öðrum fremri.

Fyrir nokkru setti ég sem einn af sjö aðalfulltrúum í Íþrótta og tómstundaráði Reykjavíkurborgar fram fyrirspurn sem áframsend var á öll níu hverfisíþróttafélög borgarinnar sem hafa knattspyrnudeildir. Hún var einnig send Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Knattspyrnusambandi Íslands og var tilgangurinn sá að meta þörf á nýju og öðru knatthúsi í Reykjavík og ef menn teldu þörf á hvaða staðsetningum þeir myndu mæla með.

Knattspyrna er ein vinsælasta íþrótt heims, ein vinsælasta íþrótt landsins og ein vinsælasta íþrótt Reykvíkinga. Í nánast öllum hverfisíþróttafélögum borgarinnar er knattspyrna sú íþrótt sem hefur flesta iðkendur og það jafnvel langtum fleiri iðkendur en aðrar íþróttagreinar félaganna. Samkvæmt svörum félaganna er það klárt mál að Reykjavíkurborg þarf að huga hratt að því að styðja við knattspyrnuna í borginni með nýjum yfirbyggðum knattspyrnuvelli í Reykjavík sem fyrst og jafnvel tveimur.

Hvað segja félögin?

Hér má sjá brot af því sem hverfisíþróttafélögin segja um þörfina á nýju/öðru knatthúsi í Reykjavík og hvaða staðsetningar voru nefndar. Fjölnir: „klárlega þörf fyrir annan yfirbyggðan knattspyrnuvöll í Reykjavík", „í vesturhluta borgarinnar". Fylkir: „hvetur til þess að bætt verði úr aðstöðu til knattspyrnuiðkunar með innanhússaðstöðu", „bætt við öðru húsi, t.d. í Laugardal". Leiknir: „Það er gríðarleg þörf á knatthúsum í Reykjavík", „byggja lítil knatthús á svæðum félaganna". ÍR: „ný inniaðstaða myndi renna sterkari fótum undir knattspyrnuiðkun í borginni", „suður Mjódd". Víkingur: „það er skoðun okkar Víkinga að þörfin fyrir annað hús sé mikil", „Laugardalurinn", „svæði Markarinnar". Valur: „Það er morgunljóst að vöntun er á öðru knatthúsi í Reykjavík", „svæðið sem þarf að styrkja er vestan megin við Elliðaárnar". KR: „Við KR-ingar erum talsmenn þess að byggja minni hús, hús sem eru 50 x 75 og 9-10 m há", „ef það er niðurstaða manna að byggja annað yfirbyggt knattspyrnuhús í Reykjavík ætti það að rísa í Örfirisey". Fram: „Egilshöll getur með engum hætti fullnægt þörf íþróttafélaganna í Reykjavík". „Við teljum að minni æfingahús í nágrenni við stóru íþróttafélögin séu eitthvað sem muni nýtast betur en eitt stórt hús". ÍBR: „Innanhússaðstaða fyrir knattspyrnu skorar sérstaklega illa fyrir Reykjavík", „ný höll verði byggð í Laugardal, nánar tiltekið á gervigrasinu í Laugardal". KSÍ: „telur engan vafa á því að þörf sé á fleiri knatthúsum í Reykjavík", „tilkoma þessara húsa hefur án nokkurs vafa sannað gildi sitt og eftirspurn félaga í Reykjavík er langt umfram þá tíma sem félögum standa til boða. Knatthúsin hafa fjölgað iðkendum og aukið gæði knattspyrnunnar og því er augljóst að veruleg þörf er á fleiri knatthúsum".

Knattspyrnufélög sem hafa aðgang að knatthúsi ná betri árangri í sínu barna-, krakka- og unglingastarfi, meistaraflokksstarf þeirra færist á enn hærra stig og gerir íþróttina sem er vinsælasta íþrótt landsins og borgarinnar fullkomlega að heilsársíþrótt.

Við þurfum fleiri knatthús í Reykjavík!

30%
afsláttur af öllum
farða frá Dior
www.dior.com
Dior
KYNNING
4.-7. JÚNÍ
Komdu og finndu þinn fullkomna farða frá Dior.
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DIOR FARÐA.
Sérfræðingur frá Dior verður í Lyfjum og heilsu Kringlunni 4.-7. júní og aðstoðar þig við að velja farða sem fullkomnar þína húð.
Glæsileg gjöf fylgir kaupum
á tveimur vörum í Dior.
Vertu velkomin.
Dior
NUDE AIR
FERSKT YFIRBRAGÐ SEM ANDAR.
- NÝTT -
NUDE AIR SERUM FOUNDATION – SPF 25: þyngdarlaus fljótandi farði ríkur af súrefnisgefandi innihaldsefnum sem samstundis veita húðinni ferskt flauelskennt yfirbragð með lýtalausri litaleiðréttingu.
NUDE AIR HEALTHY GLOW POWDER: loftkennt púður sem „vinnur gegn mengun" veitir húðinni útgeislun og náttúrulegan ljóma.
Áhrifin eru lýtalaus og húðin verður fegurri dag frá degi.
94%* KVENNA UPPLIFÐU FERSKARA YFIRBRAGÐ HÚÐAR
97%** KVENNA FUNDU FYRIR BETRI ÖNDUN HÚÐAR
* Sjálfsmat 33 kvenna sem notuðu serum farðann ásamt púðrinu
** Sjálfsmat 33 kvenna sem notuðu serum farðann í 4 vikur og 31 konu sem notuðu púðrið í 4 vikur.
DIORSKIN
NUDE AIR
Dior
AIR
www.lyfogheilsa.is
Lyf & heilsa
Við hlustum!

50 ára brúðkaupsafmæli

Heiðurshjónin Birgir Finnsson og Sesselja Guðmundsdóttir

eiga 50 ára brúðkaupsafmæli í dag 5. júní. Þau fagna áfanganum erlendis.

†

Hjartans þakkir fyrir hlýju og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

JÓNASAR ELLERTS GUÐMUNDSSONAR
Vallholti 20,
355 Ólafsvík.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki dvalarheimilisins Jaðars í Ólafsvík fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Lára Jóna Ólafsdóttir

Björn Erlingur Jónasson — **Kristín Vigfúsdóttir**
Hreinn Jónasson — **Ingunn Jóna Gunnarsdóttir**
Ágústa Jónasdóttir — **Stefán Hjaltason**
Magnús Jónasson — **Sædís Einarsdóttir**
Laufey Jónasdóttir — **Reynir Viðar Georgsson**
Jónas Jónasson — **Kristín Kristófersdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við fráfall okkar elskulegu

GUÐRÚNAR BERGÞÓRSDÓTTUR
vefnaðarkennara,
Gullsmára 10,
Kópavogi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu í Brákarhlíð, Borgarnesi, fyrir frábæra umönnun og hlýju undanfarin fimm ár.

Bjarni Johansen

Sigurlaug Halldórsdóttir
Helga Halldórsdóttir
Anna Björk Bjarnadóttir — **Tómas Holton**
Guðrún Harpa Bjarnadóttir — **Erlendur Pálsson**
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir
Halldór Heiðar Bjarnason — **Lilián Pineda**
Guðjón Már Magnússon — **Steinunn Árnadóttir**
Sigrún Ásta Magnúsdóttir — **Steinar Már Sveinsson**
Hákon Örn Magnússon

langömmubörn og systkini.

†

Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

VIBEKKA BANG
Hólmagrund 19, Sauðárkróki,

lést á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki laugardaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 6. júní kl. 14.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

Brynjar Pálsson

Páll Snævar Brynjarsson — **Inga Dóra Halldórsdóttir**
Óli Arnar Brynjarsson
Ástdís Pálsdóttir
Brynjar Snær Pálsson

†

Kær systir okkar,

VALGERÐUR BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR
Leifsgötu 24,
Reykjavík,

lést 1. júní á hjúkrunarheimili Droplaugarstaða. Útför verður auglýst síðar.

Guðrún Magnúsdóttir
Magnús Magnússon
Guðmundur Magnússon
Hrefna Magnúsdóttir
Elliði Magnússon

AFMÆLISBARN Goddur er staddur í borginni Vancouver sem hann ber sterkar taugar til eftir námsár sín þar á níunda áratugnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tíminn er verðmætur og líður sífellt hraðar

Goddur fagnar sextugsafmæli sínu í dag í borginni Vancouver. Í þeirri borg átti hann skemmtilegustu ár lífs síns fyrir 25 árum og er ánægður með að fagna árunum þar.

Prófessorinn og grafíski hönnuðurinn Guðmundur Oddur Magnússon, sem er betur þekktur undir nafninu Goddur, er sextugur í dag.

„Ég mun verja afmælisdeginum í þeirri dýrðarborg Vancouver í Bresku Kólumbíu. Þangað fór ég EXPO-sumarið 1986 og dvaldi í 4 ár. Á sínum tíma ætlaði ég aldrei heim – mér leið svo vel þarna á vesturströnd Kanada," segir Goddur þegar hann er spurður um afmælisplönin. Hann hefur ekki komið til Kanada í 25 ár eða frá því að hann lauk þar námi. En fékk loksins tækifæri til að heimsækja landið og borgina aftur.

„Ég hef lengi verið að draga saman efni í Íslenska myndmálssögu og það er til stórmerkilegt efni hjá Vestur-Íslendingum. Ég hef verið að halda fyrirlestra um þetta efni í Winnipeg og í Gimli og sá síðasti verður í dag – á afmælisdaginn – hér í Vancouver."

Goddur er afmælisbarn inn við beinið þótt hann haldi yfirleitt ekki upp á daginn nema á stórafmælum.

„Ég hef alltaf haldið sambandi við mína gömlu bekkjarfélaga frá Emily Carr University of Art & Design. Þeir munu slá saman í veislu á föstudagskvöldið en ég kem ekki nálægt þeim undirbúningi og veit ekki einu sinni ennþá hvar veislan verður haldin. Fyrir mér var Vancouver mikil draumaborg og mér finnst magnað að fá að halda upp þennan dag hér."

Goddur viðurkennir fúslega að það sé bullandi fortíðarþrá í honum – að halda upp á afmælið í Vancouver – enda hafi það verið skemmtilegustu ár lífs hans. Annars er hann frekar hissa á því hvað hann er orðinn gamall.

„Hver áratugur hefur sinn sjarma. Aðalmunurinn er kannski að tíminn líður alltaf hraðar og hraðar. Ég reyni að nota hvern einasta dag í að gera eitthvað sem ég tel skipta máli og eyða ekki tímanum í vitleysu. Það að slappa af og njóta hvíldar er ekki að eyða tímanum í vitleysu að mínu mati. En tíminn er verðmætur og ég reyni að koma einhverju í verk á hverjum degi – einn dag í einu."

„Hver áratugur hefur sinn sjarma. Aðalmunurinn er kannski að tíminn líður alltaf hraðar og hraðar. Ég reyni að nota hvern einasta dag í að gera eitthvað sem ég tel skipta máli og eyða ekki tímanum í vitleysu.

erlabjorg@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

HALLDÓRS ÁSGRÍMSSONAR

Sigurjóna Sigurðardóttir
Helga Halldórsdóttir — **Karl Ottó Schiöth**
Guðrún Lind Halldórsdóttir — **Ómar Halldórsson**
Íris Huld Halldórsdóttir — **Guðmundur Halldór Björnsson**

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar,

ÁGÚSTA MARGRÉT VIGNISDÓTTIR
áður til heimilis að Víkurbraut 30,
Hornafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði á Höfn 31. maí. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju þriðjudaginn 9. júní. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Skjólgarð.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,

Vignir Þorbjörnsson — **Ólafur Björn Þorbjörnsson**
Örn Þór Þorbjörnsson — **Guðjón Hermann Þorbjörnsson**

†

Elsku maðurinn minn, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

SIGURÐUR KONRÁÐ KONRÁÐSSON
Noregi,

lést á Ullevål-sjúkrahúsinu í Ósló sunnudaginn 31. maí.

Else Marie Pedersen

Sigríður Sigurðardóttir — **Eiríkur Ingimagnsson**
Kjartan B. Sigurðsson — **Unnur Erla Malmquist**
Birgir Sigurðsson — **Hildur Loftsdóttir**
Sigdís Haukåssveen — **Ove Haukåssveen**

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

HÁTÍÐ HAFSINS Í HÖRPU

Hátíð hafsins verður fagnað um helgina, meðal annars í Hörpu. Gestir geta lagt bílum í Hörpu, borðað fiskisúpu og þegið far með bát yfir að Víkinni sjóminjasafni. Á sunnudag fer skrúðganga frá Hörpu út á Granda klukkan 13 en með í för verða Skoppa og Skrítla og Maxímús Músíkús. Nánar á harpa.is/hatidhafsins.

Kínversk handgerð list
· Vasar
· Diskar
· Lampar
· Pottar
· Tesett
· Myndir
o.m.fl.
HEILSU DREKINN
Kínversk gjafavara
Komdu með flipann til okkar
2.000 kr.
inneign ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meyra.
Gildir til 30. júní
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

GIRNILEGT Laxinn er ljúffengur og léttur og sumarsalatið passar vel við. MYND/GVA

ÓLAFUR R. EYVINDSSON

SKEMMTILEGAST AÐ ELDA FISK

UPPSKRIFT *Ólafur R. Eyvindsson matreiðslumaður gefur unaðslega uppskrift að laxi í mangó-chilli með fersku spínat-jarðarberjasumarsalati.*

Ólafur hefur af miklum myndarskap séð um mötuneyti 365 í tvö ár og er í hávegum hafður meðal starfsmanna. Hann lærði fagið á Kaffi Óperu á árunum 1993 til 1996 en hefur síðan þá starfað á fjölmörgum veitingastöðum bæði hér á landi og erlendis. „Ég starfaði til dæmis hjá Pasta Basta, Icelandair og var yfirkokkur á Caruso hér heima. Síðan flutti ég til Spánar í sex ár og sá um Caruso þar í landi fyrir eigandann hér heima," segir Ólafur sem kann vel við að reka mötuneyti en segir það að mörgu leyti erfiðara en að vinna á veitingastað. „Þó að það sé mikil keyrsla á veitingahúsunum er miklu vandasamara að vera með mötuneyti. Maður er alltaf með sama fólkið í mat og því nauðsynlegt að breyta reglulega til svo það verði ekki leitt á matnum. Það er auðvelt að detta í sama farið," segir Ólafur en viðurkennir að vinnutíminn sé töluvert fjölskylduvænni.

Ólafi finnst skemmtilegast að elda fisk og gefur hér uppskrift að laxi í mangó-chilli með fersku sumarsalati. „Þessi réttur hentar við öll tækifæri en bæði má grilla eða ofnsteikja laxinn."

STEIKTUR LAX Í MANGÓ CHILI
MEÐ SPÍNAT JARÐARBERJASALATI OG SÝRÐUM RJÓMA

FYRIR 2

500 g lax
mangó chutney
sweet chili sósa
musli gróft
250 g spínat
jarðarber
rauðlaukur
sýrður rjómi 18%
lime
sesamolía
maldonsalt

LAX
Marineringin er 2/3 hlutar mangó chutney og 1/3 hluti sweet chili blandað saman. Laxinn er skorinn í 4 steikur, svo er hann settur í marineringuna í 2 tíma.
Laxinn er settur í eldfast mót með musli ofaná og salti og pipar. Bakað í ofni við 180 gráður í 20 mínútur.

SPÍNAT-JARÐARBERJA-SALAT
Spínat sett í skál ásamt jarðarberjum sem skorin eru í fernt, smátt skornum rauðlauk og sesamolíu. Gott er að setja smá maldonsalt saman við.
Allt sett á disk og borið fram með sýrðum rjóma.

Garðsláttuvélar
Mikið úrval garðsláttuvéla með bensínmótor eða rafmótor
Cub Cadet
Vandaðar garðsláttuvélar í hæsta gæðaflokki.
ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 -18:00, Lokað um helgar

SUMARYFIRHAFNIR

Verð frá 23.900.-
Skoðið laxdal.is/yfirhafnir
laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook

Síðustu dagar
rýmingarsölunnar allt á að seljast, mikill afsláttur..
Borð, stólar, rúm, rúmteppi, skrifborðsstólar ofl.
Opið í dag 13 – 18
laugardag 11 - 15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGUR 66 220 HAFNARFJÖRÐUR

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **9-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn síma 587-1390.

Suzuki Alto 5/2014 ek.15þús. Beinskiptur. 1000cc. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.104806

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

bilaborg.is
Sími 517-1111

PORSCHE 911 carrera 4 . Árgerð 2001, ekinn 65 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.133586. Glæsilegur bíll. Skipti möguleg.

ADRIA Classica 663uk kojuhús . Árgerð 2007, ekinn -1 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.133914. Er á staðnum



FORD F350 crew 4x4 44" breyttur . Árgerð 2005, ekinn 146 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.133961. Er á staðnum

TOYOTA Land cruiser 100 diesel . Árgerð 2002, ekinn 249 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.890.000. Ásett verð 3290 þús Rnr.133790. Er á staðnum.

M.BENZ ML 63 AMG. Árgerð 2008, ekinn 97 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.134023. Bíll með öllu. Ýmis skipti athugandi

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LAND ROVER DISCOVERY 4S . Árgerð 2013, ekinn 32 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.431796.



LAND ROVER RANGE ROVER VOGUE TDV6. Árgerð 2013, ekinn 70 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 19.900.000. Rnr.290792.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

MERCEDES-BENZ B 220 4matic. Árgerð 2014, ekinn 6 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.991346.

Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 51 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.210358. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2006, ekinn 189 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.110635.



BMW 320d f30 sportline. Árgerð 2014, ekinn 9 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.990959.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

Bílalíf

NÝTT
HOBBY 495 UFE EXCELLENT LEÐUR. Eitt með öllu - er á staðnum. Verð 3.990.000. Rnr.126732. S:562-1717.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR

2015 NÝR FORD F350 PLATINUM
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Mjög vel búinn bíll, Verð aðeins 11.990þkr, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af F350, , Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Tabbert Davinci 460 árg 2014 með tveimur rúmum aðeins sjö gistinætur, vönduð hýsi, hentugt fyrir slyddujeppa, v. 4480 þús skipti á ód,raðn.121957

Erum fluttir að Breiðhöfða hjá bílasöluni Bílaplanið.
Vantar allar gerðir ferðavagna á svæðið.
Sölusýning á laugardaginn.

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367 & 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is

VW Transporter kasten langur. Árgerð 2005, 5 manna ekinn 163 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.157276. Fallegur bíll

JR Bílasala
Bíldshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
www.jrbilar.is

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

BÍLL DAGSINS !!!
TOYOTA Land cruiser 90 vx. Árgerð 2001, ekinn 257 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum Verð 1.890.000. Rnr.210628.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

100 bílar bílasala

Nissan Leaf Acenta 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eigum 4 stk í mismunandi litum- Verð 3550þús er á staðnum. Raðnr 151734

Hyundai I 40 crdi limited blue drive, 10/2014 , nýr og ókeinn bill , beinsk, ásett 4750 stgr 4590, er á staðnum, raðnr 151795

Ford F350 Platinum 2015 árgerð, 6,7 dísel power stroke , 440 hö, mjög flottur og vel búinn bíll, er á staðnum, raðnr 110313, Verð 11990 þús (ath pallhús ekki með í verði)

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270
Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

SUZUKI

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA
HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

Skoda Octavia, disel, árg. 07, 5 gíra, skoðaður 16, verð 1.100þ, uppl í síma: 6162597

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hópferðabílar

Til sölu Benz 1417 trukkur. 33 farþega Nádrif og loftbremsur. Uppl í síma 894-1910

Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is

HYUNDAI Tucson 4x4. Nýskr. 01/06, ekinn 151 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.250.000.** Rnr.142820.

VW Golf Comfortline. Nýskr. 06/06, ekinn 147 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 690.000** Tilboðsverð 550.000. Rnr.102750.

HONDA Accord. Nýskr. 08/04, ekinn 173 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 990.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.131486.

MERCEDES BENZ A190. Nýskr. 02/01 ekinn 157 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 590.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt.Rnr.340001.

TOYOTA Rav4 4WD. Nýskr. 01/03, ekinn 180 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 890.000.** Rnr.282722.

HONDA Civic 1.8i. Nýskr. 03/06, ekinn 111 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.390.000.** Rnr.102751.

RENAULT Megane Saloon. Nýskr. 02/07, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 950.000.** Rnr.120683.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

til sölu

TILBOÐSVERÐ!



TOYOTA Tundra crewmax limited. Árgerð 2007, ekinn 135 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.390.000.** Rnr.201157.

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Hlíðasmára 2 • 201 Kóp.
S. 588 5300

FLOTTASTI PALLBÍLLIN Á MAKAÐNUM

DODGE Ram 1500 slt 4x4. Árgerð 2011, ekinn 76 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 6.700.000.** Rnr.111254.

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Hlíðasmára 2 • 201 Kóp.
S. 588 5300

Lífið

FÖSTUDAGUR
5. JÚNÍ 2015

Nanna Árnadóttir íþróttafræðingur
HVETUR ALLA TIL HREYFINGAR Í SUMAR 4

Eva Laufey Kjaran Matargleði Evu
HUMARSALAT OG GRILLAÐUR KARAMELLUANANAS 8

Tíska og trend í skóm
HVÍTIR SKÓR SMEKKLEGIR OG OFURSMART 10

Álfrún Pálsdóttir

YNGSTI RITSTJÓRI GLAMOUR Í HEIMINUM

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid



SUMAR OG SÓL Í TÓNUM

Erna Hrund Hermannsdóttir er förðunarfræðingur og ein þeirra sem eru með vefsetrið Trendnet þar sem fjallað er um förðun, tísku og almenn smartheit. Hér deilir Erna Hrund nokkrum af uppáhaldslögunum sínum með lesendum Lífsins.

- **LOVE ME LIKE YOU DO** *ELLIE GOULDING*
- **BLANK SPACE** *TAYLOR SWIFT*
- **STYLE** *TAYLOR SWIFT*
- **SUGAR** *MAROON 5*
- **THINKING OUT LOUD** *ED SHEERAN*
- **CHEERLEADER** *FELIX JAEHN REMIX*
- **BANG BANG** *JESSIE J*
- **HEARTBEAT SONG** *KELLY CLARKSON*
- **COOL KIDS** *ECHOSMITH*
- **LET HER GO** *PASSENGER*

Nú er rétti tíminn til að rifja upp áramótaheitin, taka stöðuna á hvar þú ert og hvar þú vilt vera og grípa svo til aðgerða, það er aldrei of seint að byrja.

ENDURSKOÐUÐ ÁRAMÓTAHEIT

Nú er árið rúmlega hálfnað og því gott að skoða hvort þú sért á þeim stað sem þú vilt vera á.

Friðrika Hjördís Geirsdóttir
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Manstu þegar þú strengdir áramótaheit í upphafi ársins og lofaðir sjálfinu að huga betur að heilsunni, hætta að reykja, rífa kjaft eða minnka mittismálið eftir óhófleg veisluhöld undanfarinna daga? Réttið upp hönd, þið ykkar sem núna sjö mánuðum síðar fylgið settum markmiðum. Nei, það er nefnilega það sem ég hélt. Meira en helmingur þeirra sem strengja heit um áramótin er búinn að gefast upp á þessum tímapunkti og eru oft og tíðum á sama stað og þeir voru í lok síðasta árs. Ef markmiðin voru raunhæf og mannbætandi þá er um að gera að rifja þau upp og huga að nokkrum atriðum sem gætu komið þér aftur af stað.

Notaðu dagatalið

Flestir eru með dagatal í tölvunni eða símanum og er upplagt að skipuleggja vikuna á sunnudagskvöldum, það eru meiri líkur á því að af atburðum verði. Ákveddu að þú ætlir í líkamsrækt eða rækta fjölskylduna og settu það á dagatalið hvenær þú ætlar að gera það.

Sjáðu takmarkið fyrir þér

Greindu markmið þín og spurðu þig af hverju þú vilt ná þeim. Hverjum er það til góða, yrði líf þitt betra? Sjáðu fyrir þér hvernig líf þitt yrði ef þú næðir tilsettum markmiðum.

Verðlaunaðu þig

Hafir þú sett þér háleit markmið er afskaplega gott að búta þau niður í smærri hluta. Segjum sem svo að þú ætlir þér að missa tólf kíló á árinu, hlutaðu markmiðið þá niður í 1 kíló á mánuði og verðlaunaðu þig þegar þú nærð því.

Skrifaðu niður

Ein áhrifaríkasta leiðin til þess að ná árangri er að skrifa niður markmiðin, taktu þér tíma til að skrifa þau niður og spurðu þig um leið af hverju þú viljir ná þeim.

Segðu frá

Ein leið til þess að setja pressu á sjálfan sig er að segja öðrum frá settum markmiðum.

Jákvæðni

Jákvæðni veitir drifkraft og er skynsamleg sem rauður þráður í að ná settum markmiðum.

Víða um land verður sjómannadagurinn haldinn hátíðlegur nú um helgina. Í Reykjavík verður Hátíð hafsins haldin úti á Granda með glæsilegri dagskrá fyrir fullorðna og börn. Í boði verður að skoða ýmsar kynjaverur úr djúpum hafsins, sjóræningjasiglingu, bryggjusprell, línubrú, sjóræningjafönd-ur, harmonikkutónleikar, Sterkasti maður Íslands, barnasprell og skrúðganga frá Hörpu.
Nánar má kynna sér dagskrána á vefsíðunni hatidhafsins.is.

Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Ernir**

FÁÐU RÉTTA LITINN

....með örugga sólarvörn.*

Njóttu þess að hafa gaman og hreyfa þig.

Proderm fær frábær meðmæli frá keppnis- og landsliðsfólki í hlaupum, hjólreiðum, siglingum, golfi, fjallaferðum og sundi.

Inniheldur engin paraben, ilmefni, litarefni eða nanóeindir. Meðmæli húðlækna. *Yfir 90% UVA vörn.

Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð.

www.proderm.is

Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Fríhöfninni og víðar.

Heilsuvísir

4 VIKNA SUMARÁSKORUN

Sumarið er tími afslöppunar en þó ekki hreyfingarleysis og er því kjörið að nýta ferska loftið til að sprikla smá.

Nanna Árnadóttir
íþróttafræðingur

Vinnutíminn breytist, þú ferð í sumarfrí, hættir fyrr að vinna, sinnir öðruvísi vinnu. Þegar rútínan breytist dettur maður oft í þá gildru að finna ekki tímann til þess að hreyfa sig.

MYND/GETTY

Á sumrin á venjuleg rútína það til að breytast. Vinnutíminn breytist, þú ferð í sumarfrí, hættir fyrr að vinna, sinnir öðruvísi vinnu. Þegar rútínan breytist dettur maður oft í þá gildru að finna ekki tímann til þess að hreyfa sig. Að því sögðu hvet ég alla til þess að sjá til þess að hreyfingin haldist inni í rútínunni í sumar.

Ég skora á þig, kæri lesandi, að taka þátt með mér í 4 vikna sumaráskorun. Sumaráskorun þar sem við hreyfum okkur á hverjum degi og hugum að því að borða hollan og góðan mat. Ég mun taka viku fyrir í senn og byrja rólega svo allir geti verið með. Ég mæli með því að hengja greinina á ísskápinn svo þú gleymir þessu ekki!

Dagur 1

Farðu í 30 mínútna göngutúr. Að því loknu skaltu teygja vel á öllum vöðvahópum og muna að draga djúpt inn andann að æfingu lokinni og festa í minnið hversu góð tilfinning það er að hafa hreyft sig og fengið blóðflæðið vel af stað.

Dagur 2

Byrjaðu daginn á því að fá þér volgt sítrónuvatn, áður en þú borðar. Fjölmargir hafa dásamað þessa morgunhefð og því um að gera að prufa og sjá hvort það henti manni. Ef þér finnst sítrónan of súr settu þá örlítið af hunangi út í.

Seinna í dag skaltu fara í 40 mínútna göngutúr á nýjum stað, í náttúrunni. Einhvers staðar þar sem þú gengur ekki oft og njóttu þess að upplifa náttúruna. Að göngutúrnum loknum skaltu gera planka í samtals 90 sekúndur. Þú ræður hvort þú gerir hann allan í einu eða skiptir honum niður í skemmri tíma í einu.

Dagur 3

Farðu í sund og syntu 250 metra. Það gera 10 ferðir í 25 metra sundlaug. Eftir að þú hefur synt skaltu fara í heita pottinn og slaka vel á.

Dagur 4

Í dag skaltu ákveða að borða 2 af þínum uppáhaldsávöxtum og markvisst reyna svo að koma því í rútínu að borða að minnsta kosti 2 heila ávexti á dag. Þegar það er orðið vani þá er hægt að bæta fleiri ávöxtum við.

Hreyfing dagsins er 30 mínútna kröftugur göngutúr þar sem þú ætlar að gera eftirfarandi æfingar einhvers staðar á leiðinni: 10 armbeygjur, 10 hnébeygjur og planka í 1 mínútu.

Dagur 5

Í dag ætlarðu að prófa að hlaupa örlítið ef þú hefur ekki gert það áður. Við höldum okkur við 30 mínútna tímarammann en á þeim tíma skaltu hlaupa í samtals 5 mínútur. Þú getur byrjað á því að hita þig upp í 5 mínútur með röskri göngu, hlaupið svo í 1 mínútu, gengið í 4 mínútur og svo koll af kolli þar til þú hefur hlaupið samtals í 5 mínútur.

Dagur 6

Markmið dagsins er að drekka ekkert annað en vatn. Vatnið er langbesti svaladrykkurinn, er alveg ókeypis og inniheldur engar hitaeiningar. Gæti ekki verið betra.

Hreyfing dagsins er að fara aftur í sund en að synda 300 metra í þetta skiptið.

Dagur 7

Ef þú hefur fylgt planinu þá hefurðu staðið þig alveg ótrúlega vel. Haltu áfram að tileinka þér venjurnar og gefðu þér háa fimmu fyrir frammistöðu vikunnar. Til þess að verðlauna þig fyrir árangurinn skaltu fara í góðan 40 mínútna göngutúr þar sem þú ætlar að gera 20 armbeygjur, 20 hnébeygjur og planka í 1 mínútu á leiðinni. Ekki gleyma að teygja :)

365.is
Sími 1817
365

LIFÐU Í
NÚLLINU!

0 kr.

Þú færð GSM áskrift, internet og heimasíma fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpspökkum 365.

0 kr. 4 GSM áskriftir 60 mín. og 60 SMS*
0 kr. Internet 20 GB
0 kr. Heimasími 100 mín.**

*60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift. **Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

SAMSKIPTI Í SAMFÖRUM

? Er það eðlilegt/heilbrigt að hafa endaþarmsmök við kærustu/bólfélaga án samþykkis? Í þessu tilfelli voru tveir einstaklingar í rúminu og skiptu um stellingu. Kærastan (ég) fór fram fyrir og kærastinn aftur fyrir. Síðan fann ég hvernig limurinn fór inn að aftan. Mér brá en sagði ekki neitt og yfir lauk. Ég fór á klósettið fljótlega á eftir og þá var smá blóð. Daginn eftir ræddum við þetta eitthvað smá og hann sagði: „Og þú sagðir ekki neitt?!“ Ég man að ég hugsaði: „En þú spurðir mig heldur ekki?!“ en ég sagði það ekki við hann. Ég man líka að ég hugsaði hvernig ég gæti verið með einhverjum sem spyrði mig ekki áður að svona stóru atriði. Flestir tala um að þetta sé ekki eðlilegt eða heilbrigt, að endaþarmsmök verði að gera með undirbúningi og já, vissulega samþykki beggja. Sumir segja að þetta sé nauðgun, þá líklegast sambandsnauðgun. Aðrir vilja ekki gera eins mikið úr þessu, eins og sálfræðingurinn minn. Einhverju seinna ætlaði hann að prófa aftur (þó vorum við í annarri stellingunni) en ég stoppaði hann af. Þá baðst hann afsökunar og hætti strax. Spurningin er, er þetta eðlilegt/heilbrigt í samböndum? Ef svona gerist, hvernig væri réttast að bregðast við? Ræða málin strax?

SVAR Það er ekki til neitt eitt rétt eða rangt í þessu en lykillinn að kynlífi er alltaf samþykki. Málið flækist oft því við höfum ekki tamið okkur að biðja um leyfi, og gefa leyfi, fyrir kynlífi. Fólk er missammála um endaþarmsmök og sumum þykja þau ánægjuleg og öðrum ekki, enda smekkur manna misjafn. Það sem almennt gildir með rassinn, eins og þú bendir á, er undirbúningur og umfram allt samþykki.

Rassinn, og eigandi hans, þarf að vera afslappaður áður en innsetning fer fram, nota þarf sleipiefni og svo er betra að byrja bara á fingri en ekki lim. Það er líklegt að hárræðar hafi rifnað við þessa ósmurðu innsetningu og það gæti útskýrt blóðið. Því er meiri hætta á kynsjúkdómasmiti þegar óvarin endaþarmsmök eru stunduð. Ef sársauki er viðvarandi eða blæðing þá ættir þú að kíkja til læknis.

Nú þekki ég ekki til ykkar sambands en eins og með flest allt í samböndum þá eru samskipti algjör grundvöllur. Það má horfa á þetta frá sjónarhóli ykkar beggja en auðvitað hefði hann átt að spyrja og kanna hvort þér liði vel og þú værir að njóta þín í kynlífinu. Ef hann hefði gert það þá gæti upplifunin hafa verið önnur. Mig grunar að þetta sé ansi algengt, hvort sem það er óvart eða með ásetningi, en þetta er flókið og reynir á að láta í sér heyra og ræða saman um hvað má og hvað ekki.

Auðvitað hefði hann átt að spyrja þig áður, sérstaklega í seinna skiptið, hvort þú hefðir

áhuga á að reyna þetta aftur áður en hann gerði sig líklegan. Þess vegna er svo mikilvægt að við leggjum áherslu á að tala saman um kynlíf. Það er von mín að jafnræði ríki í samböndum og að fólk geti talað saman, hlustað hvort á annað og að það spyrji áður en það geri.

VILTU SPYRJA UM KYNLÍF?

Ef þú hefur spurningu um kynlíf þá getur þú sent Siggu Dögg póst og spurningin þín gæti birst í Fréttablaðinu.

sigga@siggadogg.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

GRÍPUR MEIRA EN ATHYGLINA

Fabia – nýi verðlaunagripurinn frá ŠKODA

Þér á eftir að líka vel við ŠKODA Fabia. Glæsileg hönnunin nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að ŠKODA Fabia skyldi vera valinn bíll ársins af WhatCar? og hljóta Red Dot hönnunarverðlaunin 2015. Komdu og prófaðu nýjan ŠKODA Fabia. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins
2.290.000 kr.

WHATCAR? Car of the Year 2015

reddot award 2015
best of the best car design

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

Í KRÖFUHÖRÐUM HEIMI TÍMARITA

Álfrún Pálsdóttir er ritstjóri nýja, íslenska tímaritsins Glamour. Hún er yngsti ritstjórinn hjá Condé Nast, sem er alþjóðlegt útgáfufyrirtæki sem gefur út titla á borð við Vogue, Vanity Fair, GQ og Wired. Íslenska Glamour er nýjasta viðbótin við þessa flóru.

„ég væri ekkert glöð ef ég hefði ekki nóg að gera – og er glöð mamma ekki betri en fúl mamma?"

Friðrika Hjördís Geirsdóttir
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Álfrún Pálsdóttir er ritstjóri íslenska tímaritsins Glamour. Hún hafði um árabil starfað sem blaðamaður hjá Fréttablaðinu þegar henni var boðin staða ritstjóra Glamour sem hún stökk á, enda lengi langað til að búa til tímarit um tísku á Íslandi. Blaðamaður heimsótti Álfrúnu á skrifstofu Glamour þar sem var mikið um að vera, enda spánýtt blað komið út og að mörgu að huga.

„Það kom aldrei neitt annað til greina en að segja já. Ég hef alltaf haft svo mikinn áhuga á tísku, byrjaði snemma að vinna umkringd fatnaði og tísku og hef í raun aldrei hætt. Það að svona stór titill vildi koma til Íslands var tækifæri sem ekki var hægt að hafna," segir Álfrún og brosir. Glamour er eitt af vinsælustu lífsstílstímaritum fyrir konur í heiminum í dag og íslenska útgáfan er nýjasta viðbótin. Þetta er í fyrsta sinn sem alþjóðlegur fjölmiðill kemur út í íslenskri útgáfu.

Kröfuharðir yfirmenn

„Mér var boðin ritstjórastaðan á meðan ég starfaði ennþá á Fréttablaðinu. Ég byrjaði á Fréttablaðinu 2006 og smitaðist af blaðamannabakteríunni. Svo mikið að ég fór í kjölfarið og lærði fjölmiðlafræði við Háskólann í Ósló þar sem ég bjó í fjögur ár og fór svo aftur á Fréttablaðið þegar ég kom heim, 2010."

Álfrún þurfti ekki bara sannfæra yfirmanna hjá 365 heldur þurfti hún að heilla yfirmenn stærsta útgáfufélags í heimi, Condé Nast, sem eiga titilinn Glamour. „Þetta var langt og strangt þar sem ég fór í hvert starfsviðtalið á fætur öðru í gegnum Skype við hina ýmsu yfirmenn hjá Condé Nast. Á þeim tíma var ég nýkomin aftur á Fréttablaðið eftir fæðingarorlof og tekin við stöðu ritstjórnarfulltrúa, sá um innblað og helgarblaðið. Svo mátti ég náttúrulega ekki tala um þetta við neinn í marga mánuði, rétt hvíslaði þessu að sambýlismanninum fyrir svefninn. Skype-viðtölin út fara beint í reynslubankann. Þetta var eins og ferli til ættleiðingar, svo margar og persónulegar voru spurningarnar," segir Álfrún og hlær. „En þetta er auðvitað bara svona. Þetta fyrirtæki gefur út öll stærstu glanstímarit í heimi og hefur gríðarlega háan standard."

Condé Nast gefur út tímarit á borð við Wired, GQ, Vogue, Traveller, Bon Appetit og Vanity Fair.

Álfrún segir kröfurnar í kringum efnið í blaðið jafnframt miklar. „Við þurfum að fá hverja einustu ljósmynd samþykkta að utan, þýða greinarnar okkar svo þau skilji inntakið og samþykki. Þetta ferli hefur tekið á taugarnar á köflum, þar sem við erum oft ekki sammála um einstök atriði. En reynslan sem við höfum öðlast er náttúrulega eins og að fara í gegnum háskólanám. Það er aldrei neitt gefið eftir, sem er gott. En nú erum við nýbúin að gefa út þriðja tölublaðið og samskiptin orðin smurðari. Við erum farin að kunna betur hvert á annað og þannig verða sífellt færri nætur á skrifstofunni. Við reynum að afgreiða þetta áður en sólin sest núna og erum nánast hættar við að fjárfesta í svefnsófa fyrir ritstjórnina!"

Ómetanlegt að hafa góða með sér í liði

En Álfrún starfar ekki ein að tímaritinu því þar eru góðir með henni í liði. „Já, ég er með geðveikt teymi með mér, þó ég segi sjálf frá! Ég er með heimsþekktan tískuljósmyndara, verðlaunablaðamann og útlitshönnuð sem hefur unnið fyrir risa vörumerki úti í heimi – og allt íslenskar stelpur! Ljósmyndarinn Silja Magg hefur myndað fyrir tímarit og vörumerki á borð við GQ Magazine, Harper's Bazaar, Marie Claire, ELLE, Barneys New York, Bloomingdale's og Moncrief, svo eitthvað sé nefnt. Regína Rourke, útlitshönnuður blaðsins, hefur gert auglýsingaherferðir fyrir Bloomingdales, DKNY, Gap og Proper Gang. Og unnið áður sem listrænn stjórnandi hjá Condé Nast en þá fyrir Style.com og Womens Wear Daily. Þeirra reynsla er dýrmæt inn í teymið. Rakel Tómasdóttir er hönnuður hjá okkur en hún byrjaði sem starfsnemi. Hún sýndi og sannaði að hún er næsta stjarna í grafískri hönnun – en svo er hún líka fimleikastjarna! Ólöf Skaftadóttir skrifar svo flestar burðargreinar í blaðið, en hún vann blaðamannaverðlaun fyrr í ár fyrir viðtal ársins í Fréttablaðinu. Svo var Adda Soffía Ingvarsdóttir að bætast í hópinn en hún er svokölluð alfræðiorðabók þegar kemur að snyrtivörum," segir Álfrún og hefur augljóslega mikla trú á samstarfsfólki sínu. „Að ógleymdum skemmtilegasta auglýsingastjóra í Reykjavík og þótt víðar væri leitað, Hildi Einarsdóttur, en hana aðstoðar Kristjana G. Kristjánsdóttir. Við erum lítil ritstjórn, bara íslenskar stelpur sem höfum fulla trú á Glamour og skemmtum okkur vel saman."

MYNDAALBÚMIÐ

Arnar Páll 2 ára og Halla Elísabet 7 ára bregða á leik en fjölskyldan er mjög samrýnd og nýtur þess að eyða gæðastundum saman utan vinnu en Viktor Bjarki Arnarson er maki Álfrúnar. Álfrún er ritstýra Glamours á Íslandi og má sjá hana hér í stund á milli stríða í skrifstofunni.

Er ég nægilega góð mamma?

Þetta hljómar eins og mikil vinna, langar nætur á skrifstofunni og nýtt tímarit til að sýna og sanna fyrir landanum. Verður aldrei of mikið að gera?

„Það er ekki of mikið þegar það er gaman. En auðvitað á ég í sömu krísu og allir útivinnandi foreldrar. Ég á tvö börn sem ég vildi að ég gæti eytt meiri tíma með. Það er náttúrulega mikil vinna að koma einhverju svona af stað, og krefst mikillar viðveru. En við erum með fjölskylduvæna skrifstofu. Hérna koma börnin oft og eru með okkur á skrifstofunni. Í einni vinnuferðinni til Parísar sagði yfirmaður minn hjá Condé Nast að ég væri yngsti ritstjórinn þeirra í heiminum og spurði hvort ég væri ekki örugglega með góða barnfóstru!“ segir Álfrún og hlær. „Börnin eiga frábæran föður og við erum umkringd fólki sem getur hjálpað okkur. Annars gengi dæmið hreinlega ekki upp,“ segir Álfrún. „Ég var einmitt að ræða þetta við Ólöfu hér á skrifstofunni um daginn og úr varð burðargreinin í þessu tölublaði, þessi efi sem ég held að margar mæður upplifi líka: Er ég nægilega góð mamma? Ég hef oft spurt mig að þessu, sérstaklega þegar ég er á kafi í vinnu. En ég væri ekkert glöð ef ég hefði ekki nóg að gera – og er glöð mamma ekki betri en fúl mamma?“ segir Álfrún að lokum og hlær.

BRAKANDI FERSKT HUMARSALAT

Grillaður humar með hvítlaukssósu á fersku salatbeði og grillaður ananas í eftirrétt með freyðandi piña colada-kokteil

Með hækkandi sól er tilvalið að dusta rykið af grillinu og bjóða sumarið velkomið með ljúffengum ilm af grillmat.

Hér deili ég með nokkrum uppáhaldsréttum mínum sem passa í hvaða veislu sem er.

Hvítlaukshumar á salatbeði

600-700 g humarhalar
100 g smjör
3 hvítlauksrif
1 rautt chili, fræhreinsað
Handfylli steinselja
Börkur af hálfri sítrónu
Skvetta af hvítvíni
Safi úr hálfri sítrónu
Salt og pipar

Hitið smjör í potti. Saxið niður hvítlauk, chili og steinselju og bætið út í smjörið. Sjóðið í smástund við vægan hita.

Takið pottinn af hitanum og undirbúið humarinn.

Mér finnst ágætt að nota álform þegar ég er að grilla humar en þið getið auðvitað sett hann beint á grillið.

Klippið humarhalana og hreinsið görnina úr, ekki taka humarinn alveg úr skelinni heldur leyfið honum að hanga föstum á halaendanum. Það er best að gera þetta við vaskinn áður en þið farið með humarinn út.

Dreifið smjörsósunni yfir humarhalana og hellið hvítvíni yfir og kreistið hálfa sítrónu í lokin.

Kryddið til með salti og pipar.

Það er ágætt að leyfa humrinum að standa í ca. 30 mínútur áður en þið setjið hann á grillið en þannig nær hann að marinerast fullkomlega.

Grillið humarinn á háum hita í ca. 5-6 mínútur.

Berið fram með hvítlaukssósu og fersku salati. Sagði einhver meiri hvítlauk? Já, takk.

Hvítlaukssósa

150 ml sýrður rjómi
2 hvítlauksrif
Salt og pipar
Safi úr hálfri sítrónu

Piña colada klikkar ekki.

Setjið sýrða rjómann í skál, bætið maukuðum hvítlauknum út í ásamt sítrónusafanum, salti og pipar. Blandið öllu vel saman og það er ágætt að leyfa sósunni að jafna sig í ísskáp í hálftíma til klukkustund áður en þið berið hana fram með humrinum.

Skerið niður gott grænmeti og ávexti og leggið humarhalana yfir og njótið með hvítlakssósunni góðu.

Humarsalat, stökkt og ferskt, er góð tilbreyting frá hefðbundnum grillmat.

Grillaður ananas með karamellusósu, hindberjum og ís.

Grillaður ananas með karamellusósu

Ferskur ananas, niðursneiddur
80 g smjör
3 msk. púðursykur
1 tsk. kanill

Aðferð: Hitið smjör í potti og bætið púðursykrinum og kanil út í, leyfið þessu að malla í smástund og takið af hitanum. Skerið ananasinn niður og penslið kryddsmjörinu á hann. Það er ágætt að geyma hann í ísskáp í svolitla stund áður en þið grillið hann.

Grillið sneiðarnar í 2-3 mínútur á hvorri hlið og berið fram með góðum vanilluís og karamellusósu. Bætið smávegis af rjóma út í afganginn af smjörblöndunni og hitið í smástund þar til sósan þykknar.

Piña colada

4 dl frosinn ananas
2 dl ananassafi
1 dl kókosmjólk
Skvetta af sítrónusafa

Aðferð: Allt blandað í blandara þar til drykkurinn verður silkimjúkur. Berið strax fram og njótið.

Dressmann®

KRINGLAN 5680800 / SMÁRALIND 5659730 / GLERÁRTORG 4627800 / DRESSMANN XL 5650304

HVÍTIR SKÓR BOÐA HÁTÍSKU-SUMAR

Hvítir skór eru tákn um að sumarið sé komið og eru ekki einungis til þess fallnir að hlaupa í eða fara í líkamsræktina. Nei, aldeilis ekki, hvítir strigaskór eru töff hvort sem það er við gallabuxur eða létta sumarkjóla. Þeir eru sérstaklega ómissandi fyrir konur sem eru mikið á ferðinni og passa við allt. Svo er kjörið að skella hvítum, léttum strigaskóm í þvottavélina til að þeir verði eins og nýir.

MAGNOLIA OFFICINALIS

60 töflur, 300mg, grænmetiskylki

Heilbrigð lausn við svefnvanda og þunglyndi

- Stuðlar að heilbrigðum svefni
- Hjálpar við að sofna
- Stuðlar að samfelldum svefni
Kraftmikli hugaði krabbinn minn. Þú ert svo ótrúlega heiðarlegur, kraftmikill og skapandi. En þú verður að vita að þú mátt skipta um skoðun og setja kraft inn í nýja atburðarás í lífi þínu. Eftir því sem líður á sumarið verður mikil spenna í ástarorkunni þinni og þú þarft að passa þig á framhjáhaldi og svoleiðis forboðnum ávöxtum. Þú þarft að ganga hreint til verks því það er það sem mun frelsa þig frá öllu. Þetta sumar er til þess að taka áhættu í lífinu og þetta verður sumar ferðalaga. Þú átt eftir að hitta fólk sem þú hefur ekki hitt lengi og ný vináttusambönd hefjast en önnur hætta. Útlit þitt er að breytast, þú virðist verða ánægðari með þig en áður.

Það er aldrei of seint að lifa.

23. júlí–23. ágúst

LJÓNIÐ

Slakaðu á

Elsku tilþrifamikla ljón. Þú ert í svo mikilli þörf fyrir að fá niðurstöðu í allar þessar hugsanir sem dvelja í þínum kraftmikla heila. Þú verður að athuga að þú ert búið að fá svör við mörgu en þrjóskast samt við að halda áfram að gera það sem þú ákvaðst í upphafi að gera. Þetta sumar sem þú ert að fara inn í verður mjög óvenjulegt og gefur þér spil á hendi, sem þú veist ekki alveg hvernig þú átt að spila úr. Þér finnst alltaf gaman að vera í keppni en ljónin þola ekki að tapa, ekki sjens. Svo útkoman er að ef þú slakar á og hættir að reyna að stjórna öllu þá mun þér birtast sýn um hvernig þú átt að gera þetta allt saman.

Taktu lífinu ekki of alvarlega, þú kemst ekki lifandi frá því.

23. ágúst–23. september

MEYJAN

Tími hreinsunar

Elsku hjartans meyjan mín. Það er svo kraftmikil orka yfir þér núna og þú átt eftir að verða svo góð í að skipuleggja allt mögulegt. Þú átt eftir að koma sjálfri þér á óvart, hversu magnaður karakter þú ert. Það er svo margt búið að vera í bölvaðri vitleysu en það tengist öðrum persónum en þér. Sumir þurfa að íhuga að fara á snúruna í einhvern tíma til að hlaða batteríin. Það er eins og það verði töfrar í kringum þig. Þú ert að finna þetta nýja afl sem kemur til þín í formi þess hvað þú ert að borða og þarft að henda því burt sem dregur úr þér orku. Þetta er tími hreinsunar. Það er eins og þú finnir hvar þú átt að vera og hvernig þú átt að fá það besta út úr lífinu.

Óttastu eigi, fröken karma er að hjálpa þér.

23. september–22. október

VOGIN

Slakaðu á svipunni

Elsku magnaða vog. Þú ert að fara inn í daga sem verða eins og það sé aðfangadagskvöld. Síðan ferðu inn í daga sem eru eins og nýársdagur, sem er dagurinn eftir partíið. Þú þarft að tengja þetta tvennt saman til að finna friðinn sem þú þarft til að halda út sumarið. Ekki gefa þér neinn tíma til að vorkenna þér. Talaðu aðeins meira upp, elsku vogin mín, því fólk í kringum þig er fullt aðdáunar á því sem þú gerir og sér alls ekki að þú sért með einhverjar stormandi áhyggjur annan hvern dag út af einhverju sem ekki er búið að gerast. Eina hindrunin í þessu sumri er tengd hugarástandi. Vonbrigði fortíðarinnar eru löngu búin og framtíðin er uppfull af möguleikum sem þú bjóst alls ekki við að fá.

Vogin vinnur.

23. október–21. nóvember

SPORÐDREKINN

Ekkert er óyfirstíganlegt

Hjartans yfirnáttúrulegi sporðdreki. Þú ert búinn að ganga í gegnum töluverðar sveiflur núna undanfarið. Þú ert svo spenntur og allt er dásamlegt. Svo allt í einu í smástund finnst þér það óyfirstíganlegt, en taktu eftir, það er bara í smástund. Það er verið að berja þig áfram og stundum ertu alveg að gefast upp af þreytu, en það er samt ekkert vont í stöðunni. Það er hugrekki í þér og þú átt eftir að standa með þér alla leið, þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum ýmsa lífsreynslu. Steinhættu að láta annarra orð meiða þig, aðrir halda nefnilega að þú sért svo sterkur að ekkert komi þér úr jafnvægi. Að sjálfsögðu ertu sterkur, elsku sporðdreki, en í þér er lítið fuglshjarta.

Einbeittu þér að því sem skiptir máli.

22. nóvember–21. desember

BOGMAÐURINN

Lífið er eins og leikur

Elsku brjálæðislega skemmtilegi bogmaður. Það ert þú sem lætur lífið gerast. Þið bogmenn sem eruð í sviðsljósinu eruð að fyllast af þessu sjálfsöryggi sem þið hefðuð mátt vita að þið þyrftuð að hafa. Það er samt sjaldgæft að hitta montinn bogmann en núna virðistu eiga eftir að verða miklu montnari. Mont og stolt eru systur svo það er af hinu rosalega góða að hrósa sér þegar vel gengur. Þú ert að taka áhættu í mörgu og þú hefur minni áhyggjur þegar fram líða stundir en þú bjóst við. Mörg verkefni eru fram undan, bæði í ást og frama. Það er mikilvægt fyrir þig að skoða að framinn býr í öllu, líka því að vera góður að vinna í sjoppu.

Lífið er gott báðum megin.

22. desember–20. janúar

STEINGEITIN

Enginn elskar eins og þú

Elsku hjartans steingeit. Þú minnir mig stundum á eikartré. Þú vilt svo öruggt líf og ræturnar þurfa að tengjast ofan í jörðina en þú þarft að rífa þig upp með rótum. Þú þarft að þora, fara út fyrir þennan drepleiðinlega þægindahring og gera þá hluti sem þú hefðir aldrei búist við að þú myndir gera. Þetta er tíminn til að gera vitleysur og smá mistök því af mistökunum verður þú manneskja. Líf þitt næstu mánuði verður eins og fótboltaleikur. Þú verður að þora til að skora. Mundu það, elsku steingeit, að enginn elskar eins og þú. Svo að hver sem þú hefur mætur á er heppinn og þú munt passa upp á þína.

Það er bara eitt í stöðunni og þú veist hvað það er.

21. janúar–19. febrúar

VATNSBERINN

Vatnsberi í uppreisn

Elsku vitri vatnsberi. Það er mjög algengt að gamlar sálir fæðist inn í þetta merki. Þú hugsar oft öðruvísi, þú ert svo rómantískur. Þú þarft á svo miklum tilfinningum að halda en þú þarft oft sönnun fyrir öllu. Þú þarft að kyrra aðeins á huganum og átta þig á hvað er í gangi og skoða hraðann sem er á lífinu og einfalda hlutina. Ekki bíða eftir rétta tímanum, klárðu málin strax. Það er mikilvægt. Uppreisnarseggur birtist í þér þegar líða tekur á júní. Þú átt eftir að taka áhættur og afkasta svo miklu meira en þú hefur gert. Það þarf ekki að biðja guð um að blessa vatnsberann, því hann er í vinnu við það.

Lausnin er í sjónmáli svo þú þarft ei lengur að bíða.

19. febrúar–20. mars

FISKARNIR

Tapaðu þér

Elsku fiskur. Hver sá maður sem hefur þig í vinnu er heppinn. Þú ættir kannski að vita að þegar þú hefur tækifæri í framtíðinni ættir þú að ráða sjálfan þig í vinnu. Þú ert það mikilvægur, hvert sem þú ferð og hvað sem þú gerir. Stundum má maður líka alveg tapa sér í smástund, missa aðeins vitið og öskra. Þú ert svo meðvirkur, elsku fiskur, en að vera meðvirkur þýðir að vera virkur með öðrum og er í raun og veru ekki ljótt orð. Þeir sem eru á lausu mega alls ekki gefast upp á ástinni eða ástarmálunum sínum, því ekkert er eins og það sýnist í augnablikinu. Ég get sagt það með sanni að þið elskið kannski of mikið, já það er hægt.

Þú getur synt á móti straumnum.

20. mars–20. apríl

HRÚTURINN

Gleymir að hvíla þig

Elsku hrútur. Þú ert á svo miklum ógnarhraða að ég veit ekki hvað ég á að segja. Þú átt að gefa þér meiri hvíldartíma, stjörnurnar eru að hreinsa orkuna og Mars kemur þar sterkastur inn. Hann veitir þér svo mikla orku að þú gerir þér oft ekki grein fyrir því að þú þarft að hvíla þig. Þú þarft að taka ákvörðun um eitthvað sem gæti tengst útlöndum eða öðrum skemmtilegum stöðum. Í ástinni eru margir sem eru hrifnir af þér og dá þig hreinlega. Þú, elskan mín, ert svolítill spennufíkill og elskar mikið svo þeir sem eru svo heppnir að njóta þess að þú elskir þá eiga skemmtilegt líf í vændum. Það er aldrei leiðinlegt að vera með þér.

Það er ekki vandamálið sem drepur þig heldur afstaðan til þess.

VERKFÆRA SALAN

Tilboð 36.900,-

M12

M12BD
D-402C
Nett bor og skrúfvél
2x4,0Ah rafhlöður
MW 4933 4419 35

KAUPAUKI

Milwaukee Fleece peysa fylgir öllum Milwaukee settum meðan birgðir eru

KAUPAUKI

Ef verslað er fyrir 250þ fylgir M12 Útvarp að verðmæti kr.24.900.- C12JSR

KAUPAUKI

Ef verslað er fyrir 300þ fylgir M18 Útvarp að verðmæti kr.44.990. C12-28DCR

Milwaukee

Milwaukee bíllinn verður með kynningar á Íslandi dagana 26. maí til 16. júní. Fylgstu með hvenær bíllinn verður nálagt þér. Komdu og prófaðu nýjustu tækin. Bíllinn verður staddur sem hér segir:

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík
Sími 568-6899
Netfang: vfs@vfs.is
Netsíða: www.vfs.is

5. júní	6. júní	8. júní	9. júní	10. júní	11. júní	12. júní	15. júní
Föstudagur	Laugardagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Mánudagur
Stykkishólmur	Tálknafjörður Bíldudalur Patreksfjörður	Ísafjörður Bolungarvík	Hvammstangi Blönduós Skagaströnd	Sauðárkrókur Siglufjörður	Ólafsfjörður Dalvík	Akureyri	Húsavík Þórshöfn

ERÍKUR HAUKSSON

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

MATTHÍAS MATTHÍASSON

STEFÁN JAKOBSSON

& ROKKABILLÝBANDIÐ

HEIÐURSTÓNLEIKAR

THE BEATLES

HÁSKÓLABÍÓ 15. ÁGÚST 2015

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS

midi.is PROMO

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SAN ANDREAS 3D	5, 8, 10:30(P)
SPY	5, 8, 10:30
HRÚTAR	4, 6
PITCH PERFECT 2	8
MAD MAX 3D	10:30

ÓHUGNANLEGT ÁSTAND Kunis getur loks slakað á, ef það er þá hægt eftir svona ástand. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Eltihrellir handsamaður

Leikkonan Mila Kunis hefur ekki átt sjö dagana sæla, eða réttara sagt fimm, þar sem eltihrellirinn hennar, Stuart Lynn Dunn, hefur gengið laus undanfarna fimm daga. Var hann handsamaður á miðvikudagsmorgun í Santa Monica.

Kauði slapp út af geðsjúkrahúsinu Olive Vista Behavioral Health Center í Kaliforníu á laugardag.

Var Dunn ákærður árið 2013, en árið 2012 braust hann inn til leikkonunnar og síðar sama ár komst hann aftur í kast við lögin þar sem hann beið ítrekað eftir Kunis fyrir utan líkamsræktarstöðina sem hún sótti reglulega.

Má gera fastlega ráð fyrir að Kunis og fjölskylda andi töluvert léttar, en hún er gift leikaranum Ashton Kutcher og eiga þau litla stúlku saman.

Afsakið Emmu

Leikstjórinn Cameron Crow hefur nú beðist opinberlega afsökunar á að hafa valið Emmu Stone til að leika eitt af aðalhlutverkum í nýjustu afurð hans, kvikmyndinni Aloha. Leikur Stone ungu konuna Allison Ng, sem á að vera af blönduðum uppruna, annars vegar frá Havaí og hins vegar frá Asíu. Þótti eyjaskeggjum og öðrum nóg um og létu í sér heyra, þar sem þótti ósanngjarnt hvernig ítrekað er gengið fram hjá leikurum frá Havaí þegar kvikmyndir væru teknar upp á þeirra heimaslóðum.

Er kvikmyndin stútfull af hvítum leikurum og sáralítið um havaíska leikara.

Var Crow afar einlægur í afsökunarbeiðninni og þakkaði þeim sem höfðu fyrir því að láta hann heyra það. Hann sagðist skilja reiðina og vonbrigðin, og hann skammaðist sín reglulega fyrir að hafa ekki hugsað lengra.

SKÁL! Loftur H. Loftsson, rekstrarstjóri Bjórgarðsins, og Arngrímur Sigurðsson listamaður standa hér við veglegt verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skálað stórt í Bjórgarðinum

Arngrímur Sigurðsson málaði einstakt listaverk í Bjórgarðinum, sem er nýr veitingastaður. Staðurinn hjálpar þeim að fóta sig sem eru að stíga sín fyrstu skref í heimi bjórs og matar.

Einstakt listaverk hefur verið vígt á nýjum veitinga- og skemmtistað sem ber nafnið Bjórgarðurinn og verður opnaður í næstu viku. Um er að ræða olíumálverk af tveimur einstaklingum að skála. „Þetta er allavega stærsta skál á Íslandi og örugglega þótt víðar væri leitað," segir Arngrímur Sigurðsson, 27 ára gamall listamaður, sem hannaði og teiknaði verkið. Hann segist ekki kalla það neinu sérstöku nafni heldur tali það sínu máli. „Þeir báðu um að fá skál þannig að ég leysti það á þennan hátt."

Verkið er 3,5 x 2,5 metrar að stærð og tók sinn tíma að mála það. „Ég hef verið í svona tvær vikur með þetta. Það var líka mikil undirbúningsvinna," bætir Arngrímur við.

Loftur H. Loftsson, rekstrarstjóri Bjórgarðsins, er einkar ánægður með verkið. „Þetta er rosalega fallegt og vandað verk. Ég er ótrúlega ánægður með það," segir Loftur. Bjórgarðurinn, sem er í Fosshótelinu í Þórunnartúni 1, kemur til með að verða samkomustaður bjóráhugamanna. „Við erum að para saman mat og bjór, við dekrum ekki bara við þá sem eru lengra komnir í bjórmenningunni heldur erum við hérna líka fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref í þessum spennandi heimi bjórs og matar. Hér geta allir fundið sinn stíl af bjór," segir Loftur. Í Bjórgarðinum eru 22 kranar og tveir nítrókranar. „Nítrókraninn er ekki einungis notaður fyrir Guinness, heldur er að vakna áhugi á að setja aðra bjóra í „nítró-meðferð". Það er mýkri áferð á bjórnum sem kemur úr nítródælunni og öðruvísi bragð. Humlar tónast örlítið niður og maltið stígur fram í bjórnum," útskýrir Loftur.

SÚ STÆRSTA Í Bjórgarðinum eru 22 dælur.

Hann segir staðinn ætla að vinna með íslenskum brugghúsum, eins og Borg og Ölvisholti, en einnig bjóða upp á framandi bjór sem hingað til hefur ekki verið í boði annars staðar. „Við er að fá þurrhumlaðan Skjálfta frá Ölvisholti, það verður svakalegt," bætir Loftur við.

gunnarleo@frettabladid.is

SIGURVEGARAR
NOTA SUMARIÐ VEL

Þriðja tímabilið af **Ísland Got Talent** hefst í haust.
Mætir þú klár á sviðið í áheyrnarprufurnar?

Elmar fer frá Randers til AGF

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Theodór Elmar Bjarnason hefur ákveðið að færa sig um set í Danmörku.

Hann er farinn frá Randers og er búinn að semja til tveggja ára við AGF. Liðið er á leið upp í úrvalsdeildina á nýjan leik.

„Þetta er spennandi verkefni. AGF er frábært félag með mikla möguleika. Ég hlakka mikið til að spila fyrir félagið," sagði Elmar við heimasíðu félagsins.

„Fótboltinn sem liðið er farið að spila hentar mér fullkomlega. Mér finnst gott að vera með boltann og er öruggur á honum. Það verður gaman að leggja sitt af mörkum á báðum endum vallarins fyrir félagið."

Elmar hefur undanfarin þrjú ár spilað með Randers þar sem hann stóð sig afar vel. Hann er orðinn 28 ára gamall og hefur einnig leikið með KR, Celtic, Lyn og IFK Göteborg. - hbg

Alexander og Sverre ekki með í lokaleikjum Íslands

HANDBOLTI Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari valdi í gær leikmannahóp sinn fyrir lokaverkefnin í undankeppni EM 2016.

Ísland á útileik gegn Ísrael þann 10. júní og svo heimaleik gegn Svartfellingum fjórum dögum síðar. Afar mikilvægir leikir enda er Ísland ekki enn öruggt með sæti á EM í Póllandi þó svo staða liðsins sé góð eftir þrjú stig í tveimur leikjum gegn Serbum. Svartfjallaland er efst í riðlinum með sex stig en Ísland og Serbía eru með fimm stig. Tvö efstu lið riðilsins komast á EM.

Það er skarð fyrir skildi að Alexander Petersson getur ekki leikið með liðinu en hann missti einnig af leikjunum gegn Serbum vegna meiðsla.

Svo er Sverre Andreas Jakobsson ekki í hópnum og hann hefur þar með væntanlega spilað sinn síðasta landsleik fyrir Ísland. Tandri Már Konráðsson kemur inn í hópinn í staðinn. Guðmundur Árni Ólafsson heldur einnig sæti sínu en hann kom sterkur inn í síðasta verkefni.

Fyrir utan Alexander eru allir sterkustu menn Íslands með og þar á meðal hinn nýkrýndi Evrópumeistari, Guðjón Valur Sigurðsson, og svo Aron Pálmarsson, leikmaður Kiel. - hbg

EKKI MEÐ Alexander er meiddur og spilar ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚRSLIT

SMÁÞJÓÐALEIKARNIR

ÍSLAND - LÚXEMBORG 81-72
(14-16, 27-18, 24-13, 16-25)

Ísland: Jakob Örn Sigurðarson 19/4 fráköst, Hlynur Elías Bæringsson 15/9 fráköst, Kristófer Acox 14/11 fráköst, Logi Gunnarsson 13/5 fráköst, Helgi Már Magnússon 11, Martin Hermannsson 4, Ægir Þór Steinarsson 3/6 fráköst/6 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 2, Axel Kárason 0, Sigurður Á. Þorvaldsson 0, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 0, Elvar Már Friðriksson 0.

ÍSLAND - MÓNAKÓ 81-55
(23-13, 24-13, 12-21, 22-8)

Ísland: Helena Sverrisdóttir 16/9 fráköst/6 stoðsendingar, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 14, Pálína María Gunnlaugsdóttir 11/6 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 9/10 fráköst/5 varin skot, Sara Rún Hinriksdóttir 9/6 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 6, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 5, Gunnhildur Gunnarsdóttir 5, Petrúnella Skúladóttir 2, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 2, Auður Íris Ólafsdóttir 1, Guðbjörg Sverrisdóttir 1.

BÚIÐ SPIL Kristján er fyrsti þjálfarinn sem er rekinn í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kristján rekinn

FÓTBOLTI Kristjáni Guðmundssyni var sagt upp störfum sem þjálfara Keflavíkur í Pepsi-deild karla í gærkvöldi.

Keflavík hefur byrjað tímabilið hræðilega og er í botnsæti Pepsi-deildarinnar með aðeins eitt stig eftir sex umferðir. Í fyrradag töpuðu Keflvíkingar svo illa fyrir KR, 0-5, í 32-liða úrslitum Borgunarbikarsins.

Kristján tók við liði Keflavíkur um mitt sumar 2013 en hann stýrði því áður á árunum 2005-2009. Kristján vildi ekki tjá sig um brottvikninguna þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans í gærkvöldi. - iþs

Ekkert lát á gullregninu

Ísland vann sjö gull af fimmtán mögulegum í frjálsíþróttakeppni Smáþjóðaleikanna í Laugardalnum í gær. Yngsti verðlaunahafinn er fimmtán ára gamall. Aníta Hinriksdóttir náði sér betur á strik en á þriðjudaginn.

FRJÁLSAR Íslenskt frjálsíþróttalíf hefur verið í miklum blóma síðustu ár og það sannaðist á Laugardalsvellinum í gær er íslenskt frjálsíþróttafólk vann gull í sjö greinum af fimmtán á öðrum keppnisdegi frjálsíþróttanna á Smáþjóðaleikunum í gær.

Alls fékk íslenska keppnisfólkið átján verðlaun í gær. Bæði stóðu sigurstranglegir keppendur við sitt og aðrir stigu fram á sjónarsviðið í fyrsta sinn.

Í þeim hópi er hin fimmtán ára Þórdís Eva Steinsdóttir. Þessi ungi FH-ingur hefur látið mikið til sín taka í hinum ýmsu greinum og slegið ófá aldursflokkamet síðastliðin ár.

Hún vann gull í 400 m hlaupi kvenna þar sem hún sýndi stáltaugar og hélt aftur af keppendum sínum á lokasprettinum af miklu öryggi.

„Ég var frekar að einbeita mér að því að vinna hlaupið en að bæta minn besta tíma," sagði Þórdís Eva við Fréttablaðið.

„Þetta er mitt fyrsta A-landsliðsmót og langaði mig mest til að fara á pall. Og helst til að vinna. Ég er mjög ánægð með þetta. Það er ótrúlega gaman að fá að keppa með þessum öflugu keppendum og heiður að fá að vera hluti af þessu frjálsíþróttalandsliði."

Hún segist ætla að einbeita sér að hlaupum í framtíðinni. „Allt frá 200 m í 800 m. Svo get ég líka stokkið. En ég er byrjuð að keppa meira í hlaupum en stökkum og köstum," sagði hún.

Vildi ekki gera sömu mistökin

Aníta Hinriksdóttir missti af gullinu í 800 m hlaupinu á þriðjudag en bætti fyrir það með því að vinna yfirburðasigur í 1500 m hlaupi. Þrátt fyrir að vera meira en 10 sekúndum frá hennar besta tíma var hlaupið vel útfært. Aníta tók fram úr þegar 500 m voru eftir og stakk andstæðinga sína af.

„Þetta var mjög hægt hlaup en fínt. Ég vildi alla vega ekki gera sömu mistök og á þriðjudaginn," sagði Aníta. „Ég valdi þessa leið núna og held að þetta hafi verið fínt. Tíminn var langt frá því að vera góður. En samt skemmtilegt og gott að eiga svona eftir í lokin."

Útiloka ekki Ríó 2016

Guðni Valur Guðnason snerti kringlu í fyrsta sinn í fyrra en þessi nítján ára kappi gerði sér lítið fyrir og vann í kringlukasti. Hann bætti þar að auki sinn besta árangur um tæpan metra með kasti upp á 56,40 m.

Guðni Valur er óhræddur við að stefna hátt. „Það væri gaman að komast á Ólympíuleikana á næsta ári. Það er langsótt enda lágmarkið 66 m. Maður verður að bíða og sjá hversu mikið maður getur gert á næsta ári," sagði Guðni Valur.

Arnar Pétursson langhlaupari vann öruggan sigur í 3000 m hindrunarhlaupi og Kristinn Torfason vann gull í langstökki þrátt fyrir að hafa verið nokkuð frá sínu besta. Þá unnu Ívar Kristinn Jasonarson og Arna Stefanía Guðmundsdóttir gull í 400 m grindahlaupi.

Arna Stefanía var að keppa í greininni í aðeins annað sinn á ferlinum. Fyrr um daginn vann hún silfur í 100 m grindarhlaupi en hún bætti sinn besta árangur í báðum greinum.

„Ég er að stíga upp úr meiðslum og mjög gott að ná að bæta mig. Það sýnir bara að ég er í góðu formi. Ég er mjög ánægð með það," sagði Arna Stefanía.

Þriðji og síðasti keppnisdagur frjálsíþróttanna verður á laugardag. eirikur@365.is

RÍSANDI STJARNA Hin 15 ára gamla Þórdís Eva Steinsdóttir kom fyrst í mark í 400 metra hlaupi á tímanum 55,72 sekúndum. Hún sýndi mikið öryggi á lokasprettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



GOÐSAGNIR EFSTU DEILDAR
GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON

365.is | Sími 1817 365

Vill að menn svitni í keppni

Guðmundur Stephensen vill fá meira frá landsliðsfólki Íslands í borðtennis.

BORÐTENNIS Ísland hefur hingað til tapað öllum viðureignum sínum í borðtennis á Smáþjóðaleikunum en liðakeppni sem og keppni í tvíliðaleik karla og kvenna er nú lokið. Í átta viðureignum hefur Ísland unnið aðeins eina lotu.

Guðmundur Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, náði langt í íþróttinni áður en hann lagði spaðann á hilluna. Hann er nú landsliðsþjálfari og vill fá meira framlag frá sínu fólki.

„Ísland hefur ekki spilað af þeirri getu sem það á að gera. Ég er ekki að segja að við eigum að vinna endilega alla leiki en við eigum að standa miklu betur í þeim þjóðum sem við erum að spila við. Þetta eru smáþjóðir."

Guðmundur segir greinilegt að það þurfi eitthvað meira til og að breytinga sé þörf til að bæta íþróttina hér á landi.

„Það vantar ekki spilara á Íslandi og þetta er ekki gamalt fólk. En það virðist eitthvað vanta upp á. Við eigum að vera nær þessum þjóðum sem við erum að spila við," segir Guðmundur.

„Aðalmálið er að leikmenn nái sínu fram. Tap er bara tap en þá er betra að tapa með reisn. Svitna og ná upp smá baráttu. Hafa gaman af þessu. Ekki að þetta sé bara búið áður en þetta byrjar."

Keppni í einliðaleik karla og kvenna hefst í dag og fer fram í TBR-húsinu við Gnoðarvog. Keppt er í fjórum þriggja manna riðlum og tveir efstu úr hverjum riðli komast í 8-manna úrslit en þá tekur við útsláttarkeppni.

Keppendur Íslands eru Magnús Kristinn Magnússon og Davíð Jónsson í karlaflokki og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir og Guðrún G. Björnsdóttir í kvennaflokki. - esá

PJÁLFARINN Guðmundur Stephensen í TBR-húsinu í gær en þar var keppt í tvíliðaleik karla og kvenna á Smáþjóðaleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Neyslu rafgeymar/
Ferða rafgeymar

YUASA

80 amp og 115 amp

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

DAGSKRÁ

19:50
POPPSVAR
Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem landsþekkt tónlistarfólk frá hinum ýmsu bæjarfélögum á Íslandi keppir sín á milli í tveimur liðum. Umsjónarmaður þáttarins er Björn Jörundur Friðbjörnsson.

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:25
NCIS: NEW ORLEANS
Mögnuð NCIS þáttaröð sem gerist í New Orleans og skartar hinum stórgóða leikara, Scott Bakula.

21:10
HERCULES
Dwayne Johnson leikur Herkúles, hinn máttuga son Seifs konungs.

22:00
DOM HEMMINGWAY
Jude Law leikur Dom Hemingway sem er nýsloppinn úr fangelsi eftir að hafa setið inni í 12 ár.

22:50
THE LISTENER
Önnur þáttaröðin af þessum dulmögnuðu spennuþáttum um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.

22:20
CURB YOUR ENTHUSIASM
Frábærir gamanþættir þar sem Larry David leikur sjálfan sig. Einn þáttur sýndur hvern virkan dag klukkan 22.20 á Gullinu.

07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.30 Glee 5
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Last Man Standing
10.45 Life's Too Short
11.20 Heimsókn
11.45 Save With Jamie
12.35 Nágrannar
13.00 My Cousin Vinny
14.55 The Amazing Race
15.40 Kalli kanína og félagar
16.05 Batman. The Brave and the bold
16.30 Tommi og Jenni
16.55 Super Fun Night
17.20 Bold and the Beautiful 98
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag.
19.25 Impractical Jokers
19.50 Poppsvar
20.30 NCIS. New Orleans
21.15 **Hercules** Dwayne Johnson leikur Herkúles, hinn máttuga son Seifs konungs. Eftir miklar þjáningar og harðræði ákveður hann að snúa baki við guðunum og finna sjálfan sig en það reynist erfitt því hann er hvorki maður né guð. Þegar konungur Þrakíu og dóttir hans leita aðstoðar Herkúlesar til að sigrast á illum stríðsherra áttar hann sig á því að til að réttlætið geti sigrað þarf hann að verða aftur sá sem hann var. Hann þarf að verða aftur goðsögnin Herkúles.
22.55 Drew Peterson. Untouchable
00.20 Prosecuting Casey Anthony
01.50 White House Down
04.00 The Thing
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07:00 Borgunarbikarinn 2015
11:00 Borgunarbikarinn 2015
12:50 Pepsímörkin 2015
14:15 Meistaradeildin í handbolta – Final Four 2015
15:50 UEFA Champions League 2014
17:30 Pýsku mörkin
18:00 IAAF Diamond League 2015
20:10 Borgunarbikarinn 2015
22:00 Borgunarmörkin 2015
23:05 UFC Unleashed 2015
23:50 Goðsagnir efstu deildar
00:35 NBA Lengd:
01:00 NBA Úrslitin – Golden State gegn Cleveland

SPORT 2

enski boltinn

11:00 Season Highlights 2014/2015
11:55 Breiðablik – Stjarnan
13:40 Pepsímörkin 2015
15:05 Premier League World 2014/2015
15:35 Chelsea – Swansea
17:20 Season Highlights 2014/2015
18:15 Man. City – Tottenham
20:00 Borgunarmörkin 2015
21:00 **Steingrímur Ólafsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna og ræðir um leikmenn, þjálfara, frammistöðuna sl. vetur og þær breytingar sem eru fram undan.
21:25 Liverpool – AC Milan
22:00 **Manstu** – Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann
22:45 Leicester – QPR
00:25 Aston Villa – Burnley

INN

20.00 Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing
21.00 Hvíta tjaldið **21.30** Eldhús meistaranna

STÖÐ 3

19.00 Raising Hope
19.20 Junior Masterchef Australia
20.10 Hawthorne
20.55 **Community** Fimmta gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindin og neyðist til að setjast á skólabekk á ný. Þar kynnist hann heldur betur skrautlegum hópi samnemenda og nýtir sér óspart alla klækina sem hann hefur lært úr lögmannsstarfinu.
21.20 The Lottery
22.05 American Horror Story
22.50 The Listener
23.35 Raising Hope
23.55 Junior Masterchef Australia
00.45 Hawthorne
01.30 Community
01.55 The Lottery
02.40 American Horror Story. Coven
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KrakkaStöðin

07.00 Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.49** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Latibær **10.47** Töfrahetjurnar **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.49** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Latibær **14.47** Töfrahetjurnar **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.49** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Latibær **18.47** Töfrahetjurnar **19.00** Ástríkur á Ólympíuleikunum

GULLSTÖÐIN

17.50 Friends
18.15 Modern Family
18.35 Mike & Molly
19.00 The Big Bang Theory
19.20 Bandið hans Bubba
20.25 Arrested Development
21.25 The Newsroom
22.20 Curb Your Enthusiasm
22.55 Tyrant
23.40 Bandið hans Bubba
00.45 Arrested Development
01.45 The Newsroom
02.40 Curb Your Enthusiasm
03.10 Tyrant
03.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11:05 Edward Scissorhands
12:50 Police Academy
14:30 Ocean's Thirteen
16:30 Edward Scissorhands
18:15 Police Academy
Klassísk gamanmynd frá 1984 með Steve Guttenberg, Kim Cattrall og Íslandsvininum Michael Winslow. Myndin fjallar um hóp misheppnaðra einstaklinga sem eiga aðeins eitt sameiginlegt og það er að vera að hefja nám í Lögregluskólanum og þurfa að standa sig gagnvart grautfúlum og afar ströngum kennara. Saman lenda þau svo í skondnum og oft vandræðalegum málum sem þau þurfa að koma sér út úr.
19:55 Ocean's Thirteen
22:00 Dom Hemingway
23:35 Elephant White
01:10 Fire With Fire
03:00 Dom Hemingway

RÚV

16.25 Ljósmóðirin
17.20 Vinabær Danna tígurs
17.32 Litli prinsinn
17.54 Jessie
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Bækur og staðir
18.30 Maðurinn og umhverfið
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 **Drekasvæðið** Ný íslensk gamanþáttaröð. Ari Eldjárn úr Mið-Íslandi og Baggalútarnir Bragi Valdimar Skúlason og Guðmundur Pálsson koma saman ásamt öflugum leikhópi í nýjum rammíslenskum gamanþáttum. Leikstjóri: Kristófer Dignus.
20.05 Séra Brown
20.55 **Apríl í molum** *(Pieces of April)* Katie Holmes leikur April Burns, unga konu sem hefur ekki verið í nánum samskiptum við ættingja sína í langan tíma. Þegar hún fréttir að móðir hennar hafi veikst af krabbameini býður hún fjölskyldunni að snæða með sér þakkargjörðarmáltíð. Meðal leikara eru Oliver Platt og Patricia Clarkson. Leikstjórn: Peter Hedges.
22.15 Smáþjóðaleikarnir á Íslandi – samantekt
22.30 Einkaspæjarinn
00.00 Agora
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil.
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
13.35 Cheers
14.00 Dr. Phil
14.40 Emily Owens M.D
15.30 Royal Pains
16.15 Once Upon a Time
17.00 Eureka
17.50 Dr. Phil
18.30 **The Talk** Skemmtilegir og líflegir spjallþættir þar sem fimm konur skiptast á að taka á móti góðum gestum í persónulegt kaffispjall.
19.10 Secret Street Crew
19.55 Parks & Recreation
20.15 **Bachelor Pad** Sjóðheitir þættir þar sem keppendur úr Bachelor og Bachelorette eigast við í þrautum sem stundum þarf sterk bein til að taka þátt í.
21.45 XIII
22.30 Sex & the City
22.55 Law & Order. SVU
23.40 The Affair
00.30 Law & Order
01.20 The Borgias
02.10 Lost Girl
03.00 XIII
03.45 Sex & the City
04.10 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 Inside the PGA Tour 2015
08.25 PGA Tour 2015
12.25 Golfing World 2015
13.15 Inside the PGA Tour 2015
13.40 PGA Tour 2015
17.40 Golfing World 2015
18.30 PGA Tour 2015
22.30 Champions Tour Highlights
23.25 PGA Tour 2015 – Highlights

HRINGBRAUT

10.00-10.45 Mannamál *(e)* **10.45-11.15** Heimsljós *(e)* **11.15-11.45** 433.is *(e)* **11.45-12.00** Tara og Trixin *(e)* **12.00-12.45** Mannamál *(e)* **12.45-13.15** Heimsljós *(e)* **13.15-13.45** 433.is *(e)* **13.45-14.00** Tara og Trixin *(e)* **14.00-14.45** Mannamál *(e)* **14.45-15.15** Heimsljós *(e)* **15.15-15.45** 433.is *(e)* **15.45-16.00** Tara og Trixin *(e)* **16.00-16.45** Mannamál *(e)* **16.45-17.15.** Heimsljós *(e)* **17.15.17.45** 433.is *(e)* 0**17.45-18.00** Tara og Trixin *(e)* **18.00-18.45** Mannamál *(e)* **18.45-19.15** Heimsljós *(e)* **19.15-19.45** 433.is *(e)* **19.45-20.00** Tara og Trixin *(e)* **20.00-21.00** Þjóðbraut **21.00-21.30** Sjónarhorn **21.30-22.00** Lífsins list **22.00-23.00** Þjóðbraut *(e)* **23.00-23.30** Sjónarhorn *(e)* **23.30-00.00** Lífsins list *(e)*

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

TJALDAÐU EKKI TIL EINNAR NÆTUR

TJALDAÚRVALIÐ ER Í GLÆSIBÆ

ARNASYNIR

HIGH PEAK TJÖLDIN ERU EINSTAKLEGA LÉTT, FYRIRFERÐA-LÍTIL OG ENDINGARGÓÐ. ÞAU ERU EINFÖLD OG FLJÓTLEG Í UPPSETNINGU Í HVAÐA VEÐURAÐSTÆÐUM SEM ER OG ERU SÉRSTAKLEGA HÖNNUÐ TIL AÐ HALDA VATNI OG VINDI.

ÚRVAL FJÖLSKYLDUTJALDA FRÁ 34.860 KR

HIGH PEAK

Tjald á mynd 68.860 kr

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

FÖSTUDAGSLAGIÐ

„Lagið Snefill með Moses Hightower er mitt föstudagslag. Það kemur mér í gírinn fyrir tónleikana mína á Gauknum í kvöld.“

Unnur Sara Eldjárn, tónlistarkona.

Netverjar eru trylltir í að rokka á sokkunum

Við erum ekki öll eins, en við erum öll jöfn og mig langaði að vekja athygli á því, segir Sigrún.

„Ég er í sjokki, og er eiginlega búin að vera óvinnufær í dag,“ segir Sigrún Guðlaugardóttir, en hún er sú sem setti af stað viðburðinn Rokkum á sokkum, sem farið hefur sem eldur um sinu á Facebook. Hafa nú á annað þúsund manns staðfest þátttöku sína.

Að rokka á sokkum er sumsé framtak þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og beinir Sigrún sjónum sínum að einstaklingum með Downs-heilkenni. Það eina sem þarf til að vera með og sýna stuðning í verki er að klæðast ósamstæðum sokkum þann 12. júní næstkomandi og jafnvel skella mynd á Facebook. Eru sokkarnir því býsna gildishlaðnir, en þeir tákna hve ólík við erum en samt jöfn.

„Hugmyndin spratt fram í eldhúsinu hjá mér á miðvikudagskvöldið þegar frænka mín var í heimsókn og ég í ósamstæðum sokkum og þá fór frænka mín að tala um átak sem var í gangi í Svíþjóð fyrir skemmstu,“ útskýrir Sigrún. Þar tóku þúsundir Svía við sér og fjöldi þjóðþekktra einstaklinga og varð sænska útgáfan af Rokkað á sokkum ansi stórt fyrirbæri þar í landi.

„Ég átti náttúrulega engan veginn von á að þetta myndi fara svona á flug, ég var meira að hugsa bara um skólann sem ég vinn í eða eitthvað álíka,“ segir Sigrún og er augljóslega frá sér numin. „Snilldin við þetta er að það kostar ekki neitt að sýna stuðninginn,“ segir Sigrún og bætir við flissandi: „Ætli ég verði ekki að biðja OCD-sjúklinga fyrirfram afsökunar.“ - ga

Í SKÝJUNUM Sigrún ásamt Loka, en hann er ein helsta ástæða hás hlutfalls ósamstæðra sokka í skúffum heimilisins.



VINSÆLIR Hljómsveitin The Vaccines er ein vinsælasta hljómsveit Bretlands og var platan English Graffiti í öðru sæti breska vinsældalistans í síðustu viku. Lagið Handsome af nýju plötunni er komið með yfir milljón áhorf á YouTube og lagið If You Wanna af fyrstu plötunni yfir fimm milljónir áhorfa. NORDICPHOTOS/GETTY

Erfitt að flytja lögin á plötunni á tónleikum

Hljómsveitin The Vaccines sendi á dögunum frá sér sína þriðju breiðskífu. Árni Hjörvar Árnason, bassaleikari sveitarinnar, spjallar um plötuna og framhaldið.

Hljómsveitin The Vaccines hefur sent frá sér sína þriðju breiðskífu sem nefnist English Graffiti. Platan, sem kom út þann 25. maí síðastliðinn, hefur fengið frábærar viðtökur og frábæra dóma í erlendum miðlum og var í öðru sæti á breska vinsældalistanum í síðustu viku.

„Ég er mjög sáttur við plötuna. Þetta er plata sem var ekki gerð á korteri, það var lögð miklu meiri vinna og erfiði í hana heldur en við höfum gert hingað til,“ segir Árna Hjörvar Árnason, bassaleikari hljómsveitarinnar.

Eftir að önnur plata sveitarinnar, Come of Age, kom út árið 2012 tók við stíft tónleikahald um allan heim og var sveitin meira og minna á tónleikaferð í næstum tvö ár. Það var því ekki fyrr en í byrjun árs 2014 sem liðsmenn sveitarinnar fóru að hittast aftur og semja nýtt efni. „Við byrjuðum að hittast á sveitabýlum um allt Bretland í byrjun árs 2014 til að semja. Sú vinna hélt áfram fram í júní. Þá fórum við í stúdíó í Bandaríkjunum,“ segir Árni um upphaf nýju plötunnar. Eftir að sveitin hafði farið til Bandaríkjanna í upptökuferð voru hjólin farin að snúast á fullu og lagahugmyndirnar orðnar mótaðar. „Við vorum að taka upp frá júní fram í desember. Platan var að mestu klár í febrúar, þannig að það fór alveg heilt ár í þessa plötu,“ útskýrir Árni.

Nýjar leiðir

Fram að nýju plötunni höfðu lagasmíðarnar sjaldan komið frá fleiri en einum meðlimi sveitarinnar en breyting varð á því við gerð nýju plötunnar. „Á þessari plötu var ferlið tekið og skorið í tætlur. Við notuðum allar þær aðferðir sem fólk getur ímyndað sér við að semja. Einn daginn sömdum við allir tíu lög og svo annan daginn sömdu allir tíu riff og við völdum svo eitt. Ferlið endaði með að við vorum allir orðnir lagahöfundar.“

Dave Fridmann sá um að stýra upptökum á plötunni en hann er þekktastur fyrir að hafa unnið með hljómsveitum á borð við Mercury Rev, The Flaming Lips, Weezer og MGMT, svo nokkur nöfn séu nefnd. „Við höfðum aldrei unnið með honum áður. Við áttum samtal við hann árið 2013 og þá sýndi hann mikinn áhuga á að vinna með okkur. Samstarfið gekk mjög vel,“ segir Árni um samstarfið. Þá var Cole M. Greif-Neill aðstoðarupptökustjóri á plötunni.

Einstakur hljóðheimur

Hljómur plötunnar English Graffiti er afgerandi og stílhreinn. „Við vildum skapa sérstakan hljóðheim á plötunni. Það var mikilvægt að hafa plötuna eins og það væri ekki hægt að flytja tónlistina af henni, þá á ég við hljóðheiminn, hljóminn og „feelið“ á henni,“ útskýrir Árni.

Það er því ekkert grín fyrir Árna og félaga að útsetja lögin fyrir tónleika. „Við höfum spilað sum þessi lög on og off síðan í janúar, maður kemst alveg upp með ýmislegt læf og þetta hefur gengið vel.“

Fram undan er mikið tónleikahald úti um allan heim til að fylgja plötunni eftir. „Það er tónleikferðalag bókað út árið og eitthvað inn í það næsta og út næsta sumar. Þetta er alveg eitt og hálft ár,“ segir Árni spurður út í framhaldið. Þó að mikil vinna og álag sé fram undan er Árni þakklátur fyrir að geta starfað við það sem hann elskar að gera. „Ef ég væri að kvarta eitthvað, þá væri maður aðeins farinn að missa sjónar á því hversu heppinn maður er að starfa við tónlist og fá borgað fyrir að ferðast.“

The Vaccines hefur einu sinni spilað á Íslandi, á Airwaves árið 2012, en er sveitin ekkert á leið til landsins á ný? „Það er allt of snemmt að tala um það núna. Ég er með einhverjar pælingar sem ég get ekki talað um núna. Það væri gaman að koma og spila, en þá annars staðar en í Reykjavík, fara með strákana í bústað og sýna þeim landið að sumri til.“

gunnarleo@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Pórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Porláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOM JONES
LIVE

8. júní
LAUGARDALSHÖLL

Miðasala á midi.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BAKÞANKAR
Guðmundar Kristjáns Jónssonar

Baráttan um borgina

Lagið Aldrei fór ég suður trónaði vikum saman á toppum vinsældalista fyrir hartnær 20 árum enda yrkisefnið Íslendingum hugleikið þrátt fyrir að því fari fjarri að fólksflutningar af landsbyggðinni séu séríslenskt fyrirbæri. Meirihluti mannkyns vill búa í borgum og fyrir vikið eru þær mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Bubbi Morthens var búinn að átta sig á þessari þróun árið 1987:

„Á FISKINUM lifir þorpið, þorskurinn er fólkinu allt. Það þrælar alla vikuna, vaðandi slor og salt. Við færibandið standa menn en þeir finna þar enga ró, flestir þeir ungu komnir suður þar sem af draumunum er nóg.“ Þessa mynd má hæglega heimfæra yfir á samfélag dagsins í dag en ólíkt fyrri tímum þá lifir þjóðin ekki eingöngu á fiski og unga fólkið flýr ekki bæjarfélög heldur landið sjálft. Flest fólk vill lífsgæði sem einungis fjölmennar og þéttbyggðar borgir geta boðið upp á og líkt og Bubbi söng þá er þolinmæði fólks takmörkuð: „Ég hugsa oft um börnin mín, bráðum kemur að því að þau bíða ekki lengur, þau fara, hér er ekkert sem heldur í. Enn koma tómir bátarnir og bræðslan stendur auð. Baráttan er vonlaus þegar miðin eru dauð.“ Gjöfulustu mið nútímans eru hins vegar ekki úti á hafi – full af fiski og sjávarföngum, heldur inni í borgum – full af mannlífi, menningu og fjölbreytileika.

PESSU þurfa ákveðnir þingmenn að átta sig á og einkum og sér í lagi þeir sem standa fyrir fordæmalausum frumvörpum sem eru beinlínis lögð fram til að berjast gegn eðlilegri og lífsnauðsynlegri þróun Reykjavíkurborgar. Frumvarpið um flugvöllinn er stríðsyfirlýsing í baráttunni um að á Íslandi verði til samkeppnishæf borg og sú barátta er eina baráttan sem skiptir framtíð þjóðarinnar raunverulegu máli.

MEISTARI Morthens hitti sannarlega naglann á höfuðið þegar hann benti okkur á að baráttan er vonlaus þegar miðin eru dauð.



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

Nature's Bedding

Fyrir þínar bestu stundir

MEIRA Á dorma.is

NATURE'S REST
heilsurúm

SUMAR-BÚSTAÐA TILBOÐ

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni.
Fáanlegt í svörtu og hvítu.
Stærð: 140x200 cm.

Fullt verð: 92.900 kr.

Aðeins **65.030 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Góðar kantstyrkingar

20% AFSLÁTTUR

SQUERE
rúmgafl

Rúmgafl úr brúnu, hvítu eða svörtu PU leðri. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 27.900 kr.

Aðeins **22.320 kr.**

OSLO
rúmgafl

Rúmgafl fæst í svörtu PU leðri, hvítu og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140, 160, 180 cm. Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins **31.920 kr.**

Nature's Comfot dýna
með Classic botni

Stærð cm	Dormaverð
100x200	99.900 kr.
120x200	119.900 kr.
140x200	138.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	164.900 kr.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Steyptar kantstyrkingar

JACKPOT
U-sófi



Svart, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins **149.900 kr.**

FLORIDA
horntungusófi



Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. 2ja og 3ja sæta hornsófi með tungu, val um hægri eða vinstri tungu.

Fullt verð: 179.900 kr.
Fullt verð: 219.900 kr.

2ja: **149.900 kr.** | 3ja: **189.900 kr.**

Afgreiðslutími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

DORMA
Láttu drauminn rætast